


skoðun 20

## Sauma og skapa

*Tvær framtakssamar Skagastúlkur opnuðu í sumar hönnunarverslunina Origami á Akranesi*

allt 4



2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Fartölvur





# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

FIMMTUDAGUR

12. ágúst 2010 — 187. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000




## Ofsóttur á Myspace

*Tónlistarmaðurinn Hjörtur Geirsson hefur lent í ýmsum hremmingum á Myspace.*

fólk 50

## Sigur í Pétursborg

*Flensborgarkórinn vann fyrstu verðlaun í alþjóðlegri kórakeppni.*

tímamót 26



## Misjöfn frammistaða

*Íslenska ungmennalandsliðið var frábært en A-landsliðið olli miklum vonbrigðum.*

sport 42 & 44

### veðrið í dag




**SÓL OG HITI** A-LANDS Í dag verður fremur hæg suðvestlæg átt og rigning á vesturhelmingi landsins en yfirleitt hægari og bjart A-til. Hiti 10-20 stig, hlýjast A-lands.

VEÐUR 4

# Smokkar enn á borði ráðherra eftir sex ár

**Sex ár eru síðan sóttvarnaráð bað heilbrigðisráðuneytið um niðurgreiðslu á smokkum til ungmenna. Ráðherra kallar nú eftir upplýsingum um málið.**

**HEILSA** Sóttvarnaráð lagði inn beiðni til heilbrigðisráðuneytisins um niðurgreiðslu á smokkum árið 2004. Beiðnin hefur legið á borði ráðherra í sex ár án þess að ákvörðun hafi verið tekin. Smokkar eru í hæsta skattþrepi, með 25,5 prósenta virðisaukaskatti.

„Við höfum kallað eftir upplýsingum frá fjármálaráðuneytinu og landlækni varðandi þetta mál," segir Álfheiður Ingadóttir heilbrigðisráðherra. Fjármálaráðuneytið tjáði Fréttablaðinu að tekjur ríkisins af sköttum á smokkasölu fyrir árið 2009 hafi verið um 25,6 milljónir.

Haraldur Briem sóttvarnalæknir segir að afar mikilvægt sé að koma í veg fyrir frekari útbreiðslu kynsjúkdóma og leiðirnar til þess séu þrjár: Fækka rekkjunautum, leita læknis um leið og einhver einkenni koma fram og nota smokkinn. „Það myndi draga gríðarlega úr tíðni ýmissa kynsjúkdóma ef Íslendingar væru duglegri að nota smokkinn," segir Haraldur. „Það er verið að skoða þessi mál í fullri alvöru."

Á síðasta ári greindust 13 manns með HIV-smit á Íslandi, en fleiri hafa ekki greinst síðan árið 1985, er þeir voru 16. Varaformaður HIV Ísland sagði í samtali við Fréttablaðið að hann teldi verð og aðgengi að smokkum koma í veg fyrir notkun þeirra hjá ungu fólki.

- sv / sjá síðu 16



**BARIST GEGN STRAUMNUM** Vatnavextir í Markarfljóti og aska úr Eyjafjallajökli, sem safnast hefur í farveg árinnar, urðu til þess varnargarðar brustu og áin flæddi yfir veginn inn í Þórsmörk. Stórvirkar vinnuvélar voru í gær notaðar til að gera lagfæringar á veginum og koma böndum á ána. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sérstakur saksóknari segir ný gögn komin fram í rannsókninni á Kaupþingi:

# Málið orðið flóknara en áður

**DÓMSMÁL** „Nýjar upplýsingar hafa komið fram í rannsókninni á Kaupþingi. Það gerist þegar mál ganga lengra og fleira kemur í ljós. Það er nú orðið stærra og flóknara," segir Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari um rannsóknina á meintum brotum stjórnenda Kaupþings í aðdraganda bankahrunsins.

Ólafur vill að öðru leyti ekki tjá sig um gögnin en bætir við að eðlilegt sé að ný gögn berist í málum á borð við Kaupþingsrannsóknina. „Þegar rifið er ofan af einhverju kemur alltaf eitthvað í ljós. Málin hafa tilhneigingu til að vinda upp á sig," segir hann.

Þrír af æðstu stjórnendum Kaupþings voru í byrjun maí handteknir, úrskurðaðir í gæsluvarðhald, og síðar í farbann ásamt fjórða manni, í tengslum við rannsókn á meintum brotum þeirra. Sigurður Einarsson, fyrrverandi stjórnarformaður Kaupþings, sinnti ekki kvaðningu sérstaks saksóknara að koma í yfirheyrslur vegna málsins. Handtökuskipun var gefin út á hendur honum í kjölfarið. Sigurður hefur enn ekki sinnt kvaðningunni, segir sérstakur saksóknari.

„Þetta er ekki óþekkt í rannsókn á sakamálum," segir Ólafur, en bætir við að embættið hafi ákveðnar leiðir til að ná í menn.

- jab



SVAVA JOHANSEN Flutningar standa fyrir dyrum hjá Svövu Johansen, eiganda Sautján. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Svava í flutningum:

## Sautján kveður miðbæinn

**VIÐSKIPTI** Þrjátíu og fjögurra ára verslunarsögu tískuverslunarinnar Sautján við Laugaveg lýkur í árslok. „Við stefnum á að skipta um húsnæði um áramótin," segir Svava Johansen, eigandi NTC sem rekur búðina. Höfuðstöðvar NTC hafa verið á Laugavegi 91 síðan árið 1991 en það hús mun standa autt frá og með áramótum. Svava er búin að taka gamla Skífuhúsnæðið við Laugaveg 26 á leigu en ætlar ekki að opna Sautján þar.

Verslunin Eva flyst á Laugaveg 26 fyrir jólin en þar á einnig að opna nýja skóbúð, Eva Skór.

Sautján verður áfram starfrækt í Kringlunni og Smáralindinni.

- áp/sjá síðu 50

Lyfjarisinn Pfizer gegn Actavis:

## Vill hindra sölu á samheitalyfi

**VIÐSKIPTI** **Bandaríski lyfjarisinn Pfizer stefndi Actavis í Delaware-ríki í Bandaríkjunum í gær og krefst þess að fyrirtækið hætti við að setja samheitalyf, sem lækkar kólesteról og dregur úr hættu á hjartasjúkdómum, á markað.**

**Lyf Actavis heitir Atorvastatin og kom á markað hér fyrir fjórum árum. Lyf Pfizer er eitt af mest seldu lyfjum heims og hefur fyrirtækið haft einkaleyfi á því síðastliðin ellefu ár. Það rennur út árið 2017.**

- jab










## SPURNING DAGSINS



*„Pálmi, ætlið þið að læsa strákana okkar inni?“*

„Það er enn þá allt opið í þeim efnum en fólk mun allavega fá að velja.“

Pálmi Guðmundsson er framkvæmdastjóri dagskrársviðs 365 miðla. 365 hefur tryggt sér sýningarrétt á næstu tveimur heimsmeistarakeppnum í handbolta. Í kjölfarið hafa ýmsir lýst yfir áhyggjum af því að leikir íslenska handboltalandsliðsins verði ekki í opinni dagkrá.

Menntaráð stefnir að hagræðingu í rekstri mötuneyta í leik- og grunnskólum:

# Matarinnkaup verða sameiginleg

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Sameiginleg innkaup á hráefni verða fyrir öll mötuneyti leik- og grunnskóla í Vesturbæ Reykjavíkur í haust. Verkefnið er þriggja mánaða tilraunaverkefni og hluti af tillögum starfshóps um rekstrarhagræðingu í mötuneytum sem menntaráð Reykjavíkur samþykkti í gær.

Oddný Sturludóttir, formaður menntaráðs, segir Vesturbæinn valinn vegna þess hversu marga skóla í mismunandi stærðum sé þar að finna.

Oddný segir markmiðið með svokölluðum hráefnismatseðlum vera að ná niður kostnaði. Starfsfólk mötuneyta velji þannig ekki hvað á að vera meginhráefni dag hvern en sé matreiðslan í sjálfsvald sett. Gæðakröfur Lýðheilsustöðvar verði hafðar að leiðarljósi við innkaupin. Oddný bendir á að það geti verið þægilegt fyrir foreldra barna á mismunandi skólastigum að börnin fái nokkurn veginn það sama í hádeginu.



ODDNÝ STURLUDÓTTIR

Innkaupaskrifstofa Reykjavíkur mun sjá um innkaupin en verkefnastjóri hefur verið ráðinn til hálfs árs til að meta árangur starfsins og hversu mikið er hægt að spara með því að pantanir í mötuneytin séu færri og stærri. Framtíðarmarkmiðið er að kaupa sameiginlega inn í öll skólamötuneyti í Reykjavík. Starfshópur hefur unnið að undirbúningi verkefnisins og annar mun vinna tillögur um einföldun á bókhaldi skólamötuneytanna. - sbt

## Vilja fækka mötuneytunum

Þriðjungur leikskólastjóra er hlynntur hugmyndum um fækkun mötuneyta með samstarfi leikskóla. Þetta kom fram í könnun sem gerð var þeirra á meðal. Þrettán prósent grunnskólastjóra voru fylgjandi samstarfi mötuneyta grunnskóla í hverfum.

Rúmur fimmtungur stjórnenda taldi raunhæft að fækka mötuneytum með samstarfi leik- og grunnskóla í sama hverfi og um helmingur taldi samstarf raunhæft milli mötuneyta grunnskóla og frístundaheimila. Flestir töldu vænlegt að nota sama grunnhráefni.



**VILJA BÆTUR** Á meðal mótmælenda var þessi kona sem var í kynlífsþrælkun í valdatíð Japana í Suður-Kóreu. NORDICPHOTOS/AFP

Vilja bætur vegna hernáms:

## Nægir ekki afsökunarbeiðni

**SEÚL Fyrrum kynlífsþrælar voru á meðal mótmælenda við japanska sendiráðið í Seúl í Suður-Kóreu í fyrradag. Tilefnið var afsökunarbeiðni japanska forsætisráðherrans, Naoto Kan, vegna hernáms Japana á Suður-Kóreu sem hófst 29. ágúst fyrir 100 árum.**

**Afsökunarbeiðni er hins vegar ekki nóg að mati margra, ódæðisverkin hafi verið slík. Meðal þess sem rifjað hefur verið upp eru sögur af þrælabúðum og vændishúsum fyrir fyrir japanska hermenn sem suður-kóreskar konur voru neyddar til að vinna í.**

**Japönsk stjórnvöld hafa sagst munu skila á næstunni menningarverðmætum frá S-Kóreu. Hernáminu lauk við lok seinni heimsstyrjaldarinnar.** - sbt

Fjölgar um 12% milli ára:

## Fleiri farþegar með Icelandair

**SAMGÖNGUMÁL** Farþegar sem ferðuðust með Icelandair voru tólf prósentum fleiri í júlí en í sama mánuði í fyrra. Þetta kemur fram í flutningatölum fyrirtækisins.

Rúmlega 215 þúsund flugu með Icelandair í júlí. Fyrstu sjö mánuði ársins voru farþegarnir rúmlega 808 þúsund talsins, ellefu prósentum fleiri en í fyrra.

Farþegum Flugfélags Íslands fækkaði hins vegar um þrjú prósent. - þeb

# Jákvæðni íbúa kom ánægjulega á óvart

**Tómas Sturlaugsson búfræðingur hefur leyst bændur undir Eyjafjöllum af síðan í júlíbyrjun. Hann segir starfið skemmtilega lífsreynslu og ánægjulegt hvað íbúarnir séu bjartsýnir þrátt fyrir að hafa orðið illa fyrir barðinu á öskufalli.**

**FÓLK** „Ég ákvað að sækja um stöðuna þegar hún var auglýst,“ segir Tómas Sturlaugsson búfræðingur sem undanfarið hefur leyst af bændur á áhrifasvæði eldgossins í Eyjafjallajökli þegar þeir hafa farið í frí.

„Ég er með aðsetur á Seljavöllum, þar sem bændur hafa brugðið búi um skeið. Þaðan fer ég á þann bæ sem ég er að hugsa um hverju sinni,“ sagði Tómas sem í gær var staddur á bænum Drangshlíðardal við Skógaá. „Hingað til hef ég verið á kúabúum og þá snýst starfið fyrst og fremst um mjaltir kvölds og morgna. Inn á milli geri ég það sem fellur til, mála eða þríf útihúsin svo dæmi séu nefnd.“

Tómas segist hafa kviðið því töluvert að hitta fyrir bændur í sveitinni sem svo illa varð fyrir barðinu á eldgosinu í Eyjafjallajökli. „Ég óttaðist að andrúmsloftið yrði þungt, að fólk væri illa stemmt eftir hörmungarnar. En fólk er að jafna sig, það horfir fram á veginn, er að framkvæma og fjárfesta og ætlar að halda áfram.“

Tómas segir að vel hafi verið tekið á móti sér. „Það er alltaf eitthvað í ísskápnum handa manni,“ segir hann og hlær. „Þetta er alveg voðalega skemmtileg lífsreynsla og gefandi að hitta allt þetta fólk sem hefur mikla sögu að segja.“

Tómas er borgarbarn, alinn upp í Reykjavík en var á sumrum í sveit undir Eyjafjöllum. „Þannig að ég þekki mig aðeins hér. Svo lærði ég í Bændaskólanum á Hvanneyri og það má segja að draumurinn hafi alltaf verið að verða bóndi.“



**Í SVEITINNI** Tómas Sturlaugsson við störf sín í afleysingum í Drangshlíðardal undir Eyjafjöllum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Norðmenn styrkja íslenska bændur

Norska bændahreyfingin og fyrirtæki sem tengjast landbúnaði ákváðu í vor að styrkja íslenska bændur sem orðið höfðu fyrir barðinu á eldgosinu í Eyjafjallajökli. Tilkynnt var um styrk að andvirði sjö milljóna íslenskra króna sem Bændasamtökunum var falið að ráðstafa. Að sögn Eiríks Blöndals, framkvæmdastjóra þeirra, var afráðið að leggja áherslu á afleysingaþjónustuna og bæta þannig við orlofsstyrk sem þegar var búið að ákveða að veita bændum á áhrifasvæði gossins. Auglýst var eftir tveimur afleysingamönnum og höfu þeir störf í upphafi júlí.

Að sögn Sveins Sigurmundssonar, framkvæmdastjóra Búnaðarsambands Suðurlands, hafa ellefu nýtt sér þjónustuna og er mikil ánægja með framtakið. Bændunum gefst kostur á þjónustunni fram að áramótum, tvo til sjö daga í senn. Auk Norðmannanna styðja íslensk bændasamtök við bakið á bændunum.

Undanfarin ár hefur Tómas unnið á dönskum kúabúum. Spurður um muninn á að vinna á íslensku og dönsku kúabúi segir hann að hann liggi einkum í stærðinni, dönsku býlin séu svo miklu stærri.

sigridur@frettabladid.is

Múslimaklerkur ákærður:

## Skipuleggjandi ódæðis á Balí

**INDÓNESÍA, AP** Abu Bakar Bashir, róttækur íslamskur klerkur í Indónesíu, hefur verið ákærður fyrir skipulagningu hryðjuverka.



ABU BAKAR BASHIR

Bashir er ákærður fyrir að hafa komið upp hryðjuverkasellu sem hafði að markmiði launmorð og árásir á erlenda ferðamenn í landinu. Verði Bashir fundinn sekur verður hann sennilega dæmdur til dauða.

Bashir hefur lengi verið talinn höfuðpaur hryðjuverkahóps í Indónesíu sem hefur tengsl við al-Kaída en hingað til hefur yfirvöldum ekki tekist að bendla hann við glæpi.

Hann er talinn bera ábyrgð á árás á ferðamenn á Balí árið 2002 sem varð 202 einstaklingum að bana. - mþl

Unnið að snjóflóðavörnum:

## Íbúar varaðir við grjóthruni

**SNJÓFLÓÐ Bæjarbúum í Neskaupstað er bent á að vera ekki á ferðinni nálægt eða undir svæði þar sem unnið er að snjóflóðavörnum í Tröllagili fyrir ofan bæinn. Næstu daga getur verið hætt við grjóthruni á svæðinu.**

**Á vef sveitarfélagsins kemur fram að verktakafyrirtækið Köfunarþjónustan annist gerð snjóflóðavarnanna. „Fyrri hluti sumarsins fór í að útbúa aðstöðu fyrir menn og búnað í fjallinu ásamt því að setja upp kláf sem flytur menn upp og niður fjallið,“ segir á vefnum, en núna er unnið að því að hreinsa grjót af svæðinu.** - óká




Breskir fjölmiðlar fara mikinn vegna makrílveiða Íslendinga og Færeyinga:

# Segja makrílstríð í uppsiglingu

**SJÁVARÚTVEGUR** Breska stórblaðið The Independent telur glímuna um makrílveiðar Íslendinga og Færeyinga komna á það alvarlegt stig að deila við Breta á borð við þorskastríðin sé í uppsiglingu.

Blaðamaðurinn Martin Hickman segir að Evrópusambandið gæti sett viðskiptabann á Ísland eða lokað höfnum sínum fyrir íslenskum skipum í því sem hann kallað yfirvofandi „makrílstríð“. Þar vitnar hann í orð Mariu Damanaki, sjávarútvegsstjóra ESB, sem hefur sagt að Íslendingar og Færeyingar verði að átta sig á að framkvæmdastjórnin íhugi „allar nauðsynlegar aðgerðir“ til að vernda hagsmuni sína.

Eins og Fréttablaðið greindi frá á þriðjudag hefur framkvæmdastjórn ESB lýst yfir þungum áhyggjum af veiðum Íslendinga og Færeyja á makríl. Því er haldið fram að veiðar þjóðanna vinni gegn markmiðum um sjálfbærar veiðar og ógni stofninum. Í fréttatilkynningu frá ESB eru makrílveiðarnar kallaðar stjórnlausar. Independent segir að ESB telji víst að „rányrkjan“ sé drifin af bágu efnahagsástandi á Íslandi.



**ÞRÆTUEPLIÐ** Makríll er mikilvæg tegund í veiðum og vinnslu víða innan Evrópusambandsins. Á Bretlandseyjum er tegundin mikilvægari en þorskur og ýsa. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

Independent hefur það eftir Richard Lochhead, sjávarútvegsráðherra skosku heimastjórnarinnar, að hótanir ESB séu það sem þarf og hvetur til þess að makrílveiðarnar verði notaðar sem þvingunartæki í aðildarviðræðum Íslands og ESB. - shá


Smáralind
SKÓLA DAGAR
12.-23. ágúst
Allt fyrir haustið á einum stað.
Afsláttarhefti Smáralindar verður dreift á morgun, gerðu frábær kaup á skólavörum.
Sjáumst í Smáralind!
Opið til 21
Þú getur nálgast Afsláttarheftið í Smáralind.

**GENGIÐ 11.08.2010**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 118,19 | 118,75 |
| Sterlingspund | 185,29 | 186,19 |
| Evra | 153,77 | 154,63 |
| Dönsk króna | 20,637 | 20,757 |
| Norsk króna | 19,254 | 19,368 |
| Sænsk króna | 16,222 | 16,318 |
| Japanskt jen | 1,3869 | 1,3951 |
| SDR | 179,92 | 181 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
196,7509

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Fyrrverandi stjórnendur Glitnis í Lúxemborg stýra eignum fyrir skilanefnd:

# Ekki sagðir þátttakendur í fallinu

**VIÐSKIPTI** Slitastjórn Glitnis í Lúxemborg hefur stofnað dótturfélagið Reviva Capital, sem mun sjá um rekstur eignasafns bankans úti. Eignir Glitnis í Lúxemborg eru að mestu lán til evrópskra fasteignafélaga í Þýskalandi, á Norðurlöndum og í Bretlandi. Félagið sér jafnframt um innheimtu á stórum hluta eigna þrotabús Landsbankans.

Skilanefnd Glitnis á níutíu prósenta hlut í Reviva Capital en stjórnendur félagsins afganginn. Þar á meðal eru nokkrir fyrrverandi lykilstjórnendur Glitnis í Lúxemborg, svo sem Ari Daníelsson, fyrrverandi forstjóri Glitnis ytra, sem jafnframt er framkvæmdastjóri Reviva Capital. Átta aðrir Íslendingar starfa hjá félaginu, þar af nokkrir fyrrverandi starfsmenn Landsbankans.



ÁRNI TÓMASSON



ARI DANÍELSSON

„Þetta eru ekki sömu aðilarnir og veittu lánin. Þeir eru allir farnir,“ segir Árni Tómasson, formaður skilanefndar Glitnis og bætir við að þeir fyrrverandi lykilstjórnendur Glitnis sem starfi hjá Reviva Capital hafi komið til Lúxemborgar á fyrri hluta árs 2008.

Virði eigna í stýringu hjá Reviva Capital hljóðar upp á 1,6 milljarða evra, jafnvirði 250 milljarða króna. Þar af er eitt verkefni og þar verðlaus í dag, að sögn Árna. Hann getur aðeins orðið einhvers virði takist stjórnendum að afla annarra verkefna. **- jab**

Fjölbreytt dýralíf fyrir norðan:

# 20 háhyrningar í Eyjafirðinum

**DÝRALÍF** Stór hópur háhyrninga, um tuttugu dýr, sást við Hauganes í Eyjafirði í fyrradag. Mjög sjaldgæft mun vera að svo stór hópur sjáist jafn innarlega í firðinum, að því er segir á nordurlandid.is.

Háhyrningarnir eru taldir vera í ætisleit en mikil áta er í Eyjafirði.

Samkvæmt nordurlandid.is hefur verið mikið af hrefnu í firðinum í sumar og aðstæður til hvalaskoðunar því góðar í Eyjafirði þetta árið. **- kh**

Grunur um kosningasvindl:

# Forseti Rúanda endurkjörinn

**RÚANDA, AP** Paul Kagame, forseti Rúanda, var endurkjörinn með 93 prósentum atkvæða í nýafstöðnum kosningum.



PAUL KAGAME

Kjörstjórn segir að 97 prósent hafa tekið þátt í kosningunum sem er nær óþekkt þátttaka.

Undir stjórn Kagame hefur hagvöxtur verið mikill en hann hefur verið gagnrýndur fyrir að sauma að stjórnarandstöðuhópum.

Fréttamaður AP ræddi á mánudag við þrjá kjósendur sem sögðu að þeim og fleirum hefði verið skipað að kjósa snemma morguns áður en kjörstaðir opnuðu. **- mþl**

Lögreglan endurheimtir þýfi:

# Minnugur munavörður

**LÖGREGLUMÁL Lögreglan í Reykjavík sendi kanadískri fjölskyldu GPS-tæki sem stolið var frá henni í sumar. Brotist var inn í bíl fjölskyldunnar í Reykjavík og úr honum var stolið ýmsum búnaði. Flest komst þó aftur í hendur fjölskyldunnar áður en hún hélt utan, að undanskildu GPS-tækinu. Lögreglan komst svo yfir tækið eftir húsleit. Það var sent til Kanada eftir að starfsmaður í munavörslu bar kennsl á það.** **- sv**

**LEIÐRÉTT**

Útskriftarsýning Ljósmyndaskólans við Hólmaslóð hefst klukkan 15 á laugardaginn, ekki klukkan 14.

Sjóvá hefur gefið lögreglu sex venjulegar myndavélar, ekki eftirlitsmyndavélar, líkt og sagt var í blaðinu í gær.

# Mátti ganga lengra í þágu skuldaranna

**Umboðsmaður skuldara tekur undir orð þingmanns VG um að lengra hefði mátt ganga í lögum um tvær eignir. Þingmaður harmar máttleysi Alþingis þegar bæta skal stöðu skuldara, aftur í tímann. Ólíkt auðveldara sé að lækka laun.**

**EFNAHAGSMÁL** Lög frá síðasta þingi sem leyfa skuldurum með tvær eignir að losna við aðra eignina og færa umframskuldir yfir á hina voru samin með hagsmuni bankanna að leiðarljósi, að mati Lilju Mósesdóttur, þingmanns VG, en hún hefur talað fyrir lyklafrumvarpi svokölluðu, þar sem skuldurum er leyft að skila eign sinni með skuldunum.

Samþykktu lögin leyfa hins vegar að skuldir af einni eign séu færðar yfir á aðra, sú fyrrnefnda fer í hendur lánardrottna.

Umboðsmaður skuldara, Ásta Sigrún Helgadóttir, segir að hún muni koma með ábendingar ef rétt reynist að nýju lögin dugi ekki til.

„Auðvitað hefði verið betra, hefði það verið hægt, að ganga lengra, en þetta er fyrsta löggjöfin og það hefur ekki reynt á þetta ennþá. Það er auðvitað hugsanlegt að endurskoða þetta þegar þar að kemur,“ segir hún. Frumvarpið hafi tekið breytingum í meðförum þingsins: „Þetta var bara pólitísk ákvörðun,“ segir Ásta Sigrún.

Lögin umræddu eru hugsuð til hagsbóta fyrir þá sem voru búnir að festa kaup á íbúð þegar húsnæðismarkaðurinn kólnaði, en höfðu ekki selt gömlu íbúðina sína. En Lilja minnir á að skuldarinn fær engar afskriftir. Bankinn geti hins vegar fengið ódýra íbúð og selt hana aftur síðar meir með hagnaði.

„Það er bara bankinn sem getur hagnast á þessu. Í upprunalega lyklafrumvarpinu var það skuldarinn sem gat hagnast,“ segir hún.

Lilja segir að Alþingi hafi því miður engin ráð til að bæta réttarstöðu skuldara aftur í tímann. Annað gildi þegar bæta þurfi stöðu fjármálastofn-ana, eða skerða kjör launþega: „Við settum til dæmis lög um að laun forstjóra í ríkisgeiranum yrðu lægri en laun forsætisráðherra. Þá þurfti að að taka upp samninga við ríkisstarfsmenn. Besta dæmið er samt fræg bráðabirgðalög Ólafs Ragnars og Steingríms J. Sigfússonar frá tíunda áratugnum þegar gerðir voru kjarasamningar sem áttu að gera laun háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna sambærileg við laun í einkageiranum. Þá voru sett bráðabirgðalög sem tóku þetta úr gildi og virkuðu þannig aftur í tímann,“ segir Lilja.

**klemens@frettabladid.is**



LILJA MÓSESDÓTTIR ÁSTA SIGRÚN HELGADÓTTIR



**ÞOTUR Á FLUGI** Mynd frá breska varnarmálaráðuneytinu af RAF Typhoon herþotu (neðri vélin) sem fylgir „birni“, rússneskri H-sprengjuflugvél. NORDICPHOTOS/AFP

Birnir slógu met í Íslandsflugi:

# Vélarnar voru á lofti í 40 tíma

**RÚSSLAND Met var slegið í flugi tveggja óauðkenndra TU-95 sprengjuflugvéla Rússlandshers sem flugu í tvígang um íslenska loftrýmiseftirlitssvæðið laust fyrir síðustu mánaðamót.**

**Fram kemur í frétt rússnesku fréttastofunnar RIA Novosti að vélarnar hafi verið á lofti í 40 klukkustundir og að flogið hafi verið yfir Norður-Íshafið, Atlantshaf og Kyrrahaf.**

**Varnarmálastofnun greindi í fyrradag frá flugi vélanna hér.**

**Eftirlitsflug Rússa var hafið á ný í forsetatíð Vladimírs Pútín, í ágúst 2007.** **- óká**

Rannsókn í Serbíu:

# Engin merki um fjöldagröf

**SERBÍA, AP** Engin merki finnast um að fjöldagröf sé í Rudnica í Serbíu. Grunur hafði leikið á því að þar hefðu meira en 250 Kósóvó-Albanar verið jarðsettir eftir stríðið árið 1999.

Saksóknarar telja að fólkið hafi verið drepið og grafið í Kósóvó en síðan fært til Serbíu til að fela líkin. Samkvæmt lýsingum vitna áttu líkin að hafa verið grafin undir byggingu og bílastæði.

Á svæðinu hafa ekki fundist líkamsleifar, en rannsókn heldur áfram. **- þeb**

smellugas.is

Smellugas olís

Þú skilar inn tómum 9 kg stálkút með gamla kerfinu, kaupir 11 kg stálkút með Smellugasi Olís og færð 25% afslátt af innihaldi.



4.813 kr.
með 25% afslætti af innihaldi

Ódýrt að skipta yfir í Smellugas Olís

Þú færð nýjan þrýstijafnara þér að kostnaðarlausu og við tökum gamla kútinn upp í.




PIPAR\TBWA • SÍA

**VEÐURSPÁ**



Elísabet Margeirsdóttir
veðurfréttamaður

**ÞURRT OG BJART AUSTANLANDS**
Það verður heldur vætusamt á vestanverðu landinu næstu daga en austanlands mun líklega verða þurrt að mestu og bjart. Úrkomulítið á laugardag en á sunnudag eru horfur á talsverði vætu vestan til á ný.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 30° |
| Basel | 21° |
| Berlín | 25° |
| Billund | 21° |
| Frankfurt | 22° |
| Friedrichshafen | 21° |
| Gautaborg | 22° |
| Kaupmannahöfn | 22° |
| Las Palmas | 25° |
| London | 21° |
| Mallorca | 31° |
| New York | 29° |
| Orlando | 34° |
| Ósló | 21° |
| París | 23° |
| San Francisco | 17° |
| Stokkhólmur | 23° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
**ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
**RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*


Kringlan
Opið til 21 í kvöld
Skóla-
dagar
Endalaust úrval af skólavörum og skólafötum. Einn stærsti skiptibókamarkaður landsins.
Þeir sem versla á skóladögum geta unnið 100.000 króna gjafakort í skólaleiknum!
JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA
Mán til mið 10–18.30, fim 10–21, fös 10–19, lau 10–18, sun 13–18 | Sími 517 9000 | www.kringlan.is
Komdu í heimsókn

## KJÖRKASSINN



*Hefur þú siglt til Eyja úr Landeyjahöfn?*

| | |
|---|---|
| Já | 9,7% |
| Nei | 90,3% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Telur þú landbúnaðarráðherra hafa hagsmuni almennings að leiðarljósi í mjólkurmálinu?*

Segðu skoðun þína í Vísi.is

Vísir

Íbúðalánasjóður hefur lánað fimm milljörðum minna en í fyrra:

# Útlán dragast saman milli ára

**VIÐSKIPTI** Útlán Íbúðalánasjóðs hafa dregist saman um fimm milljarða það sem af er ári miðað við sama tímabil í fyrra. Þá hefur vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu lækkað um 1,3 prósent milli ára.

Samtals námu útlánin fyrstu sjö mánuði ársins tæpum 14,8 milljörðum en í fyrra voru það 19,9 milljarðar. Þetta kemur fram í mánaðarskýrslu sjóðsins.

Heildarútlán í júlí voru tæpir 2,8 milljarðar og voru 1,8 milljarðar vegna almennra lána. Meðalútlán voru 9,9 milljónir króna.



**HÚSNÆÐI** Íbúðalánasjóður lánaði 2,8 milljarða króna í júlí. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Lækkun á vísitölu íbúðaverðs er tilkomin vegna átta prósenta lækkunar á vísitölu fyrir sérbýli, en vísitala fyrir fjölbýli lækkaði um tæpt prósent. Þá var heildarvelta íbúðabréfa 34,2 milljarðar króna í júlí. Það sem af er ári hefur hún numið 374,4 milljörðum króna, en var 529,9 milljarðar á sama tímabili í fyrra.

Greiðslur sjóðsins voru rúmlega 352 milljónir króna í júlí vegna afborgana hús- og húsnæðisbréfa. Uppgreiðslur lána voru rúmir 2,8 milljarðar. **- þeb**

Banaði manni í Reykjanesbæ:

# Þingfesting í manndrápsmáli

**DÓMSMÁL** Ákæra á hendur rúmlega þrítugum manni, sem varð manni á sextugsaldri að bana í maí, var þingfest í Héraðsdómi Reykjaness í gær.

Hinn látni fannst við Bjarnarvelli í Reykjanesbæ að morgni 8. maí.

Grunur beindist fljótlega að hinum ákærða, sem játaði verknaðinn nokkru síðar. Maðurinn, sem er ákærður fyrir manndráp, hefur verið í varðhaldi síðan í maí. **- þeb**

Kona fær skaðabætur:

# Brjóstin fjarlægð að óþörfu

**BANDARÍKIN, AP** Bandarísk kona, sem fór í tvöfalt brjóstnám vegna krabbameins, fær tæplega 200 þúsund dollara í skaðabætur eftir að í ljós kom að hún var ekki með krabbamein.

Bæði brjóst konunnar voru fjarlægð eftir að læknar á sjúkrahúsi í Los Angeles sögðu krabbamein hafa fundist í sýnum árið 2007. Konan kærði spítalann fyrir vanrækslu og féllst spítalinn á kröfur hennar. **- þeb**

## AUSTURLAND

### Ormsteiti að hefjast

Á morgun, 13. ágúst, hefst Ormsteiti, tíu daga hátíð á Fljótsdalshéraði, með hverfahátíðum og leikjum og karnivalstemningu á Vilhjálmsvelli, að því er segir á vef sveitarfélagsins. Frekari upplýsingar eru á www.ormsteiti.is.

Neytendasamtökin fagna:

# Sjálfsagt baráttumál í höfn

**NEYTENDAMÁL** Neytendasamtökin fagna því að Jón Bjarnason, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, ætli að setja reglugerð sem kveður á um að sérmerkja verði erfðabreytt matvæli.



JÓN BJARNASON

„Um árabil hafa Neytendasamtökin krafist þess að settar verði reglur hér á landi um merkingu erfðabreyttra matvæla,“ segir á vef samtakanna. „Bent hefur verið á að Ísland er eina ríkið í Evrópu þar sem engar slíkar reglur eru í gildi.“ Vonast er til að þetta „langþráða, en jafnframt sjálfsagða“ baráttumál verði brátt í höfn. **- óká**

# Óttast geislavirkni af völdum eldanna

**Eldarnir í Rússlandi hafa náð inn á svæði sem varð illa úti af völdum geislamengunar frá Tsjernóbyl-kjarnorkuverinu vorið 1986. Óttast er að eldarnir geti hrófl að við geislavirkum efnum í jörðu og dreift þeim víða um lönd.**

**RÚSSLAND, AP** Starfsmenn almannavarna í Rússlandi standa nú vakt í Brjansk-héraði, suður undir Úkraínu, þar sem eldar hafa kviknað á að minnsta kosti sex stöðum nú í vikunni.

Héraðið varð illa úti vorið 1986 vegna mengunar frá Tsjernóbylhéraðinu í Úkraínu, sem þá tilheyrði Sovétríkjunum. Geislavirkar agnir eru þar enn í jörðu, og hafa umhverfissamtök bent á þá hættu sem stafar af því að eldarnir hrófli við þessum ögnum og þær berist síðan með vindi langar leiðir. Sergei Shoigu, almannavarnaráðherra Rússlands, hefur viðurkennt að hættan sé fyrir hendi.

Vel hefur þó gengið að slökkva eldana í Brjansk, að sögn Irinu Jegoruskinu, talskonu almannavarnaráðuneytisins. Hún segir sömuleiðis að ekki hafi mælst aukin geislavirkni í héraðinu, þrátt fyrir eldana.

„Það hafa kviknað hér nokkrir eldar, en ástandið er ekki jafn slæmt og í nágrenni Moskvu,“ segir hún.

Hundruð elda loga enn í vestanverðu Rússlandi, flestir í nánd við höfuðborgina Moskvu þar sem kæfandi reykjarmökkur hefur gert íbúum afar erfitt fyrir.

Fjölmargir hafa veikst alvarlega og dánartíðni í borginni er nú komin upp í 700 manns á degi hverjum. Líkhús eru sögð yfirfull.

Um 165 þúsund manns vinna við að slökkva eldana. Beitt er 39 flugvélum.



**ROFAR TIL Í MOSKVU** Eftir kæfandi reykjarmengun í heila viku snerist vindáttin svo Moskvubúar geta nú loks dregið andann þrátt fyrir eldana í næsta nágrenni. NORDICPHOTOS/AFP

Vladimír Pútín forsætisráðherra hefur látið til sín taka á vettvangi og verið áberandi í fjölmiðlum. Hörð gagnrýni hefur engu að síður beinst að stjórnvöldum almennt og Pútín sérstaklega fyrir að hafa ekki varað fólk við hættunni strax og spáð var óvenju skæðri hitabylgju nú í sumar. Stjórnvöld þykja hafa brugðist seint og illa við vandanum, og rússneskir leiðarahöfundar segja sýndarmennsku Pútíns, sem settist sjálfur í flugstjórnarklefa einnar þeirra flugvéla, sem notaðar eru í slökkvistarfinu, ekki bæta þar úr.

Skoðanakannanir sýna að vinsældir bæði Pútíns og Dmitrís Medvedev forseta hafa dvínað undanfarið.

Talið er að það tjón, sem nú þegar hefur orðið af völdum eldanna, geti orðið nærri 2.000 milljarðar í krónum talið, en það er um eitt prósent af þjóðarframleiðslu Rússlands.

Hitarnir í Rússlandi nú í sumar hafa mælst meiri en nokkru sinni frá því reglulegar mælingar hófust fyrir 130 árum.

gudsteinn@frettabladid.is











Aðstoðarmaður ráðherra telur að álit Seðlabankans hefði ekki skipt miklu máli:

# Misskilningur milli stofnana

**STJÓRNSÝSLA** Þegar starfsmaður viðskiptaráðuneytisins fékk þrjú skjöl send frá Seðlabankanum um heimild til gengistryggingar, með því fororði að eitt þeirra væri trúnaðarmál og einungis til að hafa til hliðsjónar, hélt starfsmaðurinn að sama gilti um öll skjölin, að sögn aðstoðarmanns viðskiptaráðherra, Benedikts Stefánssonar.

Fram kom í blaðinu í gær að aðallögfræðingur Seðlabankans, í samráði við aðstoðarbankastjóra, sendi skjölin ráðuneytinu til upplýsingar. Að einungis aðkeypta skjalið hefði verið sent í trúnaði en að niðurstaðan, um ólögmæti gengistryggingar lána í íslenskum



krónum, hefði einnig verið reifuð í hinum skjölunum, með þeim fyrirvara að dómstólar þyrftu að skera úr um málið.

„Eftir á að hyggja virðast starfsmenn Seðlabanka hafa haft aðrar væntingar. En það var skilningur þessa starfsmanns að hún hefði fengið öll skjölin í trúnaði,“ segir Benedikt.

Hann telur þó að aðalatriði málsins sé að enn sé deilt um lögmæti þessara lána, eða öllu heldur hvað teljist gengislán og hvað ekki. Skoðun framkvæmdavaldsins breyti ekki öllu um það og hefði ekki gert á sínum tíma.

„Það þarf að taka hvern samning fyrir sig til að vita hvort hann fellur undir þessi lög. Það er enginn lokadómur fólginn í þessum skjölum. Ég hvet fólk bara til að lesa þau,“ segir Benedikt. **- kóþ**



**BENEDIKT STEFÁNSSON** Aðstoðarmaður ráðherra telur að jafnvel þótt skuldarar hefðu vitað af minnisblaði Seðlabankans síðastliðið sumar hefðu þeir ekki endilega haft sterkt vopn í uppgjöri við bankana. Enn sé deilt um lánin.




## Óendanleg uppspretta skemmtunar!

Úrval Útsýn býður upp á nýjung í haust og flýgur til Orlando í Bandaríkjunum! Orlando er fjölbreytt borg og einn af vinsælustu áfangastöðum heims fyrir fjölskyldur. Orlando hefur upp á að bjóða þekktustu skemmtigarðar heims, Disney World, Sea World, Universal Studios ásamt mörgum öðrum. Hægt væri að heimsækja nýjan skemmtigarð hvern dag vikunnar og þegar fólk hefur fengið fylli sína af þeim hefur Orlando upp á margt annað að bjóða og má segja að borgin bjóði upp á óendanlega möguleika til skemmtunar! Úrval af frábærum golfvöllum, söfnum og veitingastöðum. Þeir sem njóta þess að versla munu einnig geta svalað þorsta sínum í öllum þeim glæsilegu verslunarmiðstöðvum sem Orlando hefur uppá að bjóða, og ber þá helst að nefna Florida Mall, Premium Outlet og margar fleiri. Í boði verður fjölbreytt úrval gistinga á mjög hagkvæmu verði og staðsetning þeirra flestra gerir bílaleigubílinn óþarfan. Bókaðu núna á urvalutsyn.is og tryggðu þér þitt sæti!






**Alamo Vacation Homes**
Íbúð með 3 svefnherbergjum.

**VERÐ FRÁ:**
**88.500 kr.***
m.v. 4 fullorðna og 2 börn
**Brottför:** 9. október – 8 nætur



**Staybridge Suites**
Íbúð með 2 svefnherbergjum og morgunverði.

**VERÐ FRÁ:**
**97.600 kr.***
m.v. 4 fullorðna og 2 börn
**Brottför:** 9. október – 8 nætur



**Baymont Inn**
Herbergi með morgunverði.

**VERÐ FRÁ:**
**86.800 kr.***
m.v. 2 fullorðna og 2 börn
**Brottför:** 9. október – 8 nætur

* Innifalið: Flug, flugvallarskattar og gisting. Verð miðast við að bókað sé á netinu.

ÚRVAL·ÚTSÝN
Sími 585 4000

MEIRA Á
**urvalutsyn.is**

Ný ofurbaktería, ættuð frá Indlandi og Pakistan, hefur fundist í Bretlandi:

# Gæti breiðst mjög hratt út

**BRETLAND, AP** Skeinuhætt baktería hefur fundist í fólki á sjúkrahúsum í Bretlandi. Bakterían hefur mikið þol gagnvart sýklalyfjum og gæti brátt breiðst út um heim.

Bakterían hefur fundist í 37 manns á Bretlandi. Allir þessir einstaklingar eiga það sameiginlegt að hafa gengist undir skurðaðgerð á Indlandi eða í Pakistan, margir vegna lýtalækninga, en snúið síðan aftur til Bretlands.

Svo virðist sem baktería þessi sé nú þegar mjög útbreidd á Indlandi, þar sem heilbrigðiskerfið ræður illa við að greina hana og hefur varla sýklalyf sem duga gegn henni.

Í nýjasta hefti breska læknatímaritsins Lancet Infectious Diseases skýra vísindamenn frá því að fundist hafi nýtt gen, sem nefnist NDM-1. Þetta gen breytir bakteríum þannig að þær þola nærri öll sýklalyf.

Þetta gen hefur þegar fundist í Ástralíu, Bandaríkjunum, Hollandi, Kanada og Svíþjóð, auk Bretlands. Vegna tíðra ferða Bandaríkjamanna og Evrópubúa til Indlands og Pakistans má búast við því að bakterían illskeitta geti breiðst hratt út um heiminn. **- gb**



**SÝKLALYF GAGNSLÍTIL** Sem fyrr reynist handþvottur mikilvægur til að koma í veg fyrir smit. NORDICPHOTOS/AFP

Skipaferðir og olíuborpallar hugsanlega í hættu vegna íshellu frá Grænlandi:

# Stefnir hægt suður á bóginn

**GRÆNLAND, AP** Risastór íshella, sem brotnaði af Grænlandsjökli í vikunni, gæti valdið verulegu tjóni ef hún nær að berast suður á bóginn. Þegar fram líða stundir getur hún eða stór brot úr henni truflað skipaferðir suður af Grænlandi eða jafnvel rekist á olíuborpalla út af austurströnd Kanada.

„Hún er svo stór að það er ekki hægt að hindra að hana reki, það er ekki hægt að stöðva hana,“ segir Jon-Ove Methlie Hagen, jöklafræðingur við háskólann í Osló.

Nú er þess beðið hvort íshellan berst út í Nares-sundið, sem liggur á milli norðvesturstrandar Grænlands og Ellesmere-eyju, sem tilheyrir Kanada, áður en vetrarfrostin skella á í næsta mánuði. Þaðan bærist hún áfram út í Baffinflóa og suður á bóginn út á Atlantshafið austur af Nýfundnalandi.

„Það er þá sem þetta fer að verða hættulegt,“ segir Mark Drinkwater hjá evrópsku Geimferðastofnuninni.

Á leiðinni getur hellan rekist á eyjar eða aðra ísjaka, þannig að brotni úr henni. Brotin geta samt verið mjög stór og valdið miklu tjóni. Talið er að eitt til tvö ár geti liðið þangað til hellan eða stór brot úr henni verða komin á fjölfarnar siglingaslóðir.

Íshellan, sem er um 250 til 260 ferkílómetrar að stærð, eða álíka og þrefalt Þingvallavatn eða nánast allt landsvæði Reykjavíkurborgar, brotnaði frá Patermannjökli við Nares-sund 5. ágúst síðastliðinn.

Fullvíst þykir að hlýnun jarðar eigi þar hlut að máli, enda hefur meðalhiti hækkað jafnt og þétt á norðurslóðum síðustu áratugina.

Þótt stórir ísjakar brotni reglulega af Grænlandsjökli oft á ári hefur þetta stórt flikki ekki losnað síðan 1962. **- gb**

## Getur ógnað skipaferðum

**Íshella á stærð við allt landsvæði Reykjavíkur brotnaði af skriðjökli á norðanverðu Grænlandi hinn 5. ágúst og berst nú hægt út á Nares-sund.**




Mynd: AP
Heimild: NASA, fréttastofur
© GRAPHIC NEWS

*Nú er góður tími til berjatínslu*



Fagnaðu berjatímabilinu með BKI kaffi

*Eftir sólríkt sumar er krökkt af berjum um allt land!*

Angan af kaffi kemur bragðlaukunum af stað og ilmurinn segir til um ríkt bragðið af BKI kaffi. Helltu upp á gott BKI kaffi.

**Eftir einstaklega hlýtt og sólríkt sumar eru krækiber og bláber bústin af næringu. Útlit er fyrir afar góða berjasprettu í ár.**
Grænjaxlarnir eru óðum að víkja og bláum og bústnum berjakroppum fjölgar með hverjum degi. Farðu í berjamó með fjölskyldunni og nýttu þessa gjöf náttúrunnar. Fáðu þér BKI kaffi með pönnukökum, bláberjum og rjóma.



Tíðarfarið hefur verið gott fyrir berjasprettuna. Hafðu góða skapið með í berjamó, uppáhalds teppið þitt og nóg af nýlöguðu BKI kaffi á brúsa.

*Hvert sem þú ferð í berjamó þá gefst kjörið tækifæri til að fá sér rjúkandi bolla af góðu BKI kaffi.*

**BKI Classic**
Sérvaldar baunir frá þekktustu kaffisvæðum heimsins tryggja hið mjúka bragð, lokkandi ilminn og ferskleg eftirbragðið.



**BKI Extra**
Snöggristað við háan hita. Þannig næst fram ríkara kaffibragð við fyrsta sopa en léttur og mjúkur keimur fylgir á eftir.

***Kauptu BKI fyrir góða uppskeru í berjamó***



# SUMAR ÚTSALA

6 mánaða vaxtalausar greiðslur

## Gerið gæða- og verðsamanburð

**20-50%**
**AFSLÁTTUR**

Lök, hlífðardýnur, sængurverasett, heilsukoddar, viðhaldskoddar, íslenskir PU leðurgaflar, náttborð, útlitsgallaðar dýnur og fleira.

**SVEFNSÓFAR**



Hágæða svefnsófi. Íslensk framleiðsla.
Heilsudýna úr þrýstijöfnunarefni.
Svefnflötur 140x200.
Nú aðeins kr. **264.900**



NÝTT

**BOAS**
**Leður hægindastóll**
**79.900**
Nokkrir litir

**Lyftu hægindastóll**
**129.900**

Ný sending

**SAGA OG ÞÓR**
Hágæða heilsudýnur



SAGA Queen rúm, nú aðeins **129.900**
ÞÓR Queen rúm, nú aðeins **149.900**

**IQ-CARE**
Ein besta heilsudýna í heimi



**Queen rúm nú aðeins kr. 179.900**

**VALHÖLL/FREYJA**
Góð rúm á frábæru verði

Ný sending



Queen rúm, nú aðeins kr. **99.900**

NÝTT



**BOAS**
**Leður hægindasófi 3 sæta verð frá 149.900**
**Svefnsófi verð frá 149.900**

**ÚRVAL STILLANLEGRA HEILSURÚMA**



**PROFLEX**

2x90x200 og 2x90x210
Nú aðeins **349.900** með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnum

**GERUM TILBOÐ FYRIR HÓTEL OG GISTIHEIMILI**

Íslenskir PU leðurbotnar og gaflar. Íslensk framleiðsla.

**Gerið gæða- og verðsamanburð**




**Svefn & heilsa**
★★★★★




www.svefn.is

**Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150**
**Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00**

**FRÉTTASKÝRING:** Um hvað er deilt í tengslum við ný búvörulög?

# Tekist á um mjólk og viðurlög

**Frumvarp landbúnaðarráðherra um búvörulög hefur sætt gagnrýni síðustu daga. Í því felst að fjársekt verður lögð við mjólkurframleiðslu utan greiðslumarkskerfisins en engin grundvallarbreyting verður á lögunum.**

Jón Bjarnason, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, lagði nýlega fram stjórnarfrumvarp um breytingar á búvörulögum. Frumvarpið var samið í ráðuneytinu að höfðu samráði við Bændasamtökin og Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði. Frumvarpið hefur sætt gagnrýni og verið sagt virða samkeppnissjónarmið að vettugi og líta ekki til hagsmuna neytenda. Þannig hafa Samtök verslunar og þjónustu og Neytendasamtökin lagst gegn frumvarpinu auk þess sem Samkeppniseftirlitið gerði alvarlegar athugasemdir við það.

### Engin grundvallarbreyting en refsiákvæði sett inn í lögin

Í frumvarpinu felst engin grundvallarbreyting frá núverandi lögum. Búvöruframleiðsla á Íslandi byggir á svokölluðu greiðslumarkskerfi en hvert mjólkurbú hefur til umráða ákveðið greiðslumark eða kvóta sem takmarkar það magn sem búið má framleiða og fá greiðslur úr ríkissjóði fyrir.

Mjólkin sem hvert bú framleiðir er seld til mjólkursamlags sem kemur henni á markað. Taki samlag við mjólk umfram kvóta skal sú mjólk seld erlendis sé ekki skotur á mjólkurvörum hér heima. Við því að selja mjólk utan greiðslumarksins innanlands eru hins vegar ekki viðurlög og er þessu frumvarpi ætlað að breyta því.

Í greinargerð sem fylgir frumvarpinu kemur fram að því sé ætlað að tryggja að markaðshlutdeild greiðslumarkshafa minnki ekki vegna framleiðslu utan kerfisins. Þetta skal tryggja með því að leggja þau viðurlög á mjólkursamlög að fyrir hvern lítra sem markaðsfærður er innanlands og kemur frá aðila sem hefur ekki kvóta til framleiðslunnar, skal greidd sekt að upphæð 110 krónur. Sé hún ekki greidd verður til refsiábyrgð.

Þetta ákvæði frumvarpsins er það ákvæði sem sætt hefur gagnrýni. Samkeppniseftirlitið sagði það festa í sessi fákeppni en jafnframt hafa verið leidd rök að því að það brjóti í bága við atvinnufrelsisákvæði stjórnarskrárinnar en það er ekki ný gagnrýni því núverandi fyrirkomulag hefur um hríð sætt gagnrýni á sömu forsendum.

### Heimavinnsla auðvelduð

Annað nýmæli í frumvarpinu hefur vakið athygli. Framleiðanda er nú leyft að setja á markað allt að 10.000 lítra af mjólkurafurðum sem hann hefur unnið á eigin býli án þess að það teljist til nýtingar á kvóta. Hér er átt við svokallaða heimavinnslu sem með frumvarpinu er auðvelduð. Sátt virðist ríkja um þetta ákvæði og fagnaði Samkeppniseftirlitið því til að mynda. Í nefndaráliti sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar er lagt til að magnið verði hækkað í 15.000 lítra.



**DEILT UM MJÓLKURFRUMVARP** Mjólkurfrumvarp landbúnaðarráðherra hefur sætt harðri gagnrýni á samkeppnisforsendum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

### Umdeilt á Alþingi

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis sendi í lok júní frá sér álit á frumvarpinu þar sem lagt er til að það verði samþykkt. Undir álitið skrifuðu sjö nefndarmenn af níu. Jón Gunnarsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, og Ólína Þorvarðardóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, skrifuðu undir með fyrirvara en Helgi Hjörvar og Róbert Marshall, þingmenn Samfylkingarinnar, sátu hjá.

Þrátt fyrir nokkuð breiða samstöðu innan nefndarinnar þykir ljóst að ýmsir þingmenn eru óánægðir. Þannig eru efasemdir um frumvarpið innan þingflokks Samfylkingarinnar auk þess sem ýmsum sjálfstæðismönnum finnst það andstætt stefnu flokksins.

Innan ríkisstjórnarinnar er heldur ekki einhugur um málið. Fjármálaráðherra hefur vísað sjónarmiðum Samkeppniseftirlitsins á bug og segir að horfa þurfi á málið í stóru samhengi. „Þetta snýst um þá framleiðslustýringu sem við höfum í þessum greinum og þann ríkisstuðning sem þarna er á ferðinni, að þeir fjármunir nýtist með skilvirkum hætti,“ segir Steingrímur J. Sigfússon.

Gylfi Magnússon, efnahags- og viðskiptaráðherra, var stjórnarformaður Samkeppniseftirlitsins um fimm ára skeið og spurður um málið sagði hann að skoðanir sínar væru ekki fjarri þeim skoðunum sem Samkeppniseftirlitið hefði haldið fram. Enginn ráðherra Samfylkingarinnar hefur tjáð sig um málið.

Báðir fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í landbúnaðarnefnd skrifuðu undir fyrrnefnt nefndarálit en Ragnheiður Elín Árnadóttir, þingflokksformaður flokksins, sagði í kvöldfréttum Stöðvar 2 í fyrrakvöld að þingflokkurinn ætlaði að skoða málið betur og vildi ekki fullyrða að flokkurinn myndi styðja frumvarpið í þinginu.

Einar K. Guðfinnsson, sem á sæti í nefndinni, segist standa við stuðning sinn við mjólkurfrumvarpið og Jón Gunnarsson, hinn fulltrúinn, segir að sú gagnrýni sem komið hefur fram á frumvarpið eigi ekki rétt á sér.

Ólína Þorvarðardóttir segir að efasemdir séu um frumvarpið í þingflokki Samfylkingarinnar. Engin eðlisbreyting fylgi þó þessu frumvarpi frá gildandi lögum og inni í því séu ýmis atriði til bóta. „Hins vegar er mögulega verið að teygja sig of langt með viðurlagaákvæðinu. Það hafa komið fram fullkomlega gild sjónarmið sem lúta að atvinnufrelsis-, samkeppnis- og neytendamálum sem þarf að skoða betur. Nefndin þarf að vega og meta þessi sjónarmið áður en gengið er frá endanlegri niðurstöðu,“ segir Ólína en bætir við að þetta mál allt saman kalli á heildarendurskoðun búvörulaga þótt fyrst þurfi að fást niðurstaða í þetta mál.

Innan Framsóknarflokks og Vinstri grænna virðist vera einhugur um frumvarpið og skrifuðu fulltrúar flokkanna undir nefndarálitið án athugasemda. Þá hafa þingmenn beggja flokka varið það opinberlega.

### Undirliggjandi óánægja

Þegar haft er í huga að ekki er verið að gera grundvallarbreytingar á búvörulögum kann að virðast einkennilegt hve harðri gagnrýni fyrirliggjandi frumvarp hefur sætt. Hvort gagnrýnin eigi rétt á sér eða ekki skal ósagt látið en sú háværa umræða sem orðið hefur um málið virðist benda til þess að undirliggjandi óánægja með núverandi fyrirkomulag sé töluverð. Í öllu falli verður forvitnilegt að sjá hvort frekari breytingar verði gerðar á fyrirkomulagi mjólkurframleiðslu á næstu misserum.




**Magnús Þorlákur Lúðvíksson**
magnusl@frettabladid.is


## Andstætt stjórnarskrá?

Fram hafa komið efasemdir um að fyrirkomulag búvöruframleiðslu standist atvinnufrelsisákvæði stjórnarskrárinnar og viðhöfðu talsmenn Mjólku, sem keypti um tíma mjólk sem framleidd var utan við greiðslumark, til að mynda slíkar efasemdir þegar fyrirtækið kom á markað árið 2005.

Í umræðum um frumvarpið á Alþingi sagði Róbert Marshall, þingmaður Samfylkingarinnar, að fyrir lægju tvö lögfræðiálit um málið og að þau væru misvísandi. Að hans mati þyrfti að útkljá spurninguna hvort frumvarpið stæðist stjórnarskrána áður en lengra yrði haldið. Undir þessi sjónarmið tók Helgi Hjörvar, samflokksmaður Róberts, í umræðum á Alþingi en þeir voru einu nefndarmenn sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar sem skrifuðu ekki undir álit nefndarinnar þess efnis að samþykkja bæri frumvarpið.

Sigurður Ingi Jóhannsson, þingmaður Framsóknarflokksins, tók ekki undir efasemdirnar á Alþingi og vitnaði í minnisblað úr ráðuneytinu þar sem fram kemur: „Það er álit ráðuneytisins að það frumvarp sem er til skoðunar hjá þingflokki yðar gangi eigi í bága við stjórnarskrárvarin réttindi. Ráðuneytið telur einnig að afar mikilvægt sé að frumvarp þetta verði að lögum en ekki verði látið reka á reiðanum í þessu efni þar til brýtur á skeri.“




# ÍSLENSK GÆÐARÚM

**Framleiðum rúm í öllum stærðum!**

**30% AFSLÁTTUR**



## FAGLEG RÁÐGJÖF OG
## FRÍ LEGUGREINING

RúmGott býður öllum viðskiptavinum upp á fría legugreiningu með hinum byltingarkennda Xsensor Medical Pro búnaði.

**HVENÆR ER ÞÖRF Á LEGUGREININGU?**

**Finnurðu fyrir eymslum í mjóbaki?**
**Vaknarðu oft með verki í mjöðm?**
**Finnurðu fyrir eymslum eða dofa í öxlunum?**
**Sefurðu illa vegna annara óþæginda?**

- hryggskekkju
- brjósklos
- samföllnum hryggjaliðum
- spengdum hryggjaliðum
- gigt, til dæmis:
  slitgigt, vefjagigt eða liðagigt.

**FREMSTIR Í FRAMLEIÐSLU Á HEILSUDÝNUM**



**30% AFSLÁTTUR**
**AF ÍSLENSKUM HEILSURÚMUM ÚT ÁGÚST**

**VERÐDÆMI:**
Íslensk rúm:
90 x 200 cm - Verð frá kr. 58.000,-
160 x 200 cm (2 dýnur) - Verð frá kr. 139.226,-

Dýnur:
80 x 200 cm - Verð frá kr. 39.473,-





**ÖLL ARINELDSTÆÐI Á 50% AFSLÆTTI**

**EITT BESTA VERÐ LANDSINS Á GEL / ETHANOL ARINELDSTÆÐUM.**

**Ethanol uppkveikilögur 2L.**
**Kr. 1.600,-**



**VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÓSKUM**

**Rúmgott framleiðir svæðaskiptar hágæða heilsudýnur í öllum stærðum.**

Löggiltir dýnuframleiðendur, starfandi í 60 ár

**RúmGott** · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM




**FRÉTTAVIÐTAL:** Steindór Sigurgeirsson eigandi Storms Seafood

# Léttara að fjárfesta í Kína

**Fjárfestingar sjávarútvegsfyrirtækisins Storms Seafood hafa verið í umræðunni vegna aðkomu erlendra fjárfesta í félaginu. Jón Bjarnason sjávarútvegsráðherra telur að erlent eignarhald fyrirtækisins fari á svig við lög og nefnd um erlenda fjárfestingu rannsakar eignarhald fyrirtækisins.**



**MEÐ STORMINN Í FANGIÐ** Steindór hefur víðtæka reynslu af fjárfestingum í Asíu en segist hafa verið knúinn til að fara heim. Draumurinn var alltaf að byggja upp sjávarútvegsfyrirtæki hér og hann fagnar aðkomu einnar ríkustu fjölskyldu heims að því verkefni. Þar fer varkár fjölskylda, að hans sögn. Fólk sem tekur ekki þátt í ævintýramennsku og tekur fjárfestingar alvarlega. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Maðurinn á bak við Storm Seafood er Patreksfirðingurinn Steindór Sigurgeirsson sjávarútvegsfræðingur. Hann hefur í áratug dvalið í Asíu ásamt eiginkonu sinni og þremur börnum, þar sem hann hefur efnast á því að byggja upp fyrirtæki, meðal annars í fiskeldi.

### Sjóðatískan

„Ég var búinn að vera starfandi fyrir fyrirtækið Sæplast í nokkra mánuði þegar ég komst á þá skoðun að tækifærin væru í Asíu. Þar var allt að gerast í kringum aldamótin og ég heimtaði að vera sendur þangað. Á þeim tíma sá ég tækifæri sem varð þess valdandi að ég stofnaði mitt eigið fyrirtæki. Það er gaman að minnast á það að á þessum tíma voru allir að stofna sjóði, og það var útgangspunkturinn hjá mér í upphafi. Hins vegar, í samskiptum mínum við þá sem ég vildi fá til að fjárfesta í mínu fyrirtæki, sá ég að menn yfirleitt höfðu engan áhuga á því að byggja eitthvað upp. Eina hugsunin virtist vera að kaupa eitthvað, poppa það upp og selja. Þessa sömu hugsun sáum við hérna heima í útrásinni. Ég gat ekki sætt mig við þessa hugsun og hætti við að setja fyrirtækið upp sem sjóð. Hins vegar kynntist ég fólki á sama tíma sem deildi þeirri hugsun með mér að byggja eitthvað upp. Þeirra á meðal var Kaadoorie-fjölskyldan sem horfir á fjárfestingar sem langtímaverkefni,“ segir Steindór.

Umrædd Kaadoorie-fjölskylda er ein sú efnaðasta í heiminum, enda byggir hún á langri hefð í viðskiptum og uppbyggingu fyrirtækja um allan heim. Eitt af þeim verkefnum sem Steindór og Kaadoorie-fjölskyldan hafa unnið að voru kaup á fyrirtæki sem elur sandhverfu. Í dag er það eitt af stærri fiskeldisfyrirtækjum í Kína í sandhverfueldi.

### Genetísk truflun

„Fyrir tveimur árum fór ég svo að skoða Ísland; æðið sem virtist hafa heltekið þjóðina fyrir kreppu var í rénun og ég sá að það væri núna loksins í langan tíma hægt að fjárfesta í sjávarútvegi með rekstur sem markmið, ekki að gambla með veiðiheimildir í von um hækkun. Mig langaði að gera það sem mig dreymdi alltaf um og byggja upp sjávarútvegsfyrirtæki. Þessar hugmyndir mínar kynnti ég mínu samstarfsfólki en það hafði auðvitað engan sérstakan áhuga á Íslandi til fjárfestinga frekar en flestir aðrir. Ég er hins vegar með þá genetísku truflun að vera frá Íslandi og tilkynnti þeim að ég vildi selja í eignarhaldsfélagi mínu í Hong Kong, Nautilus Equity Holdings, til að losa fé til fjárfestinga hér heima. Þegar þeim var ljós alvara málsins vaknaði sú hugmynd að fjölskyldan kæmi að uppbyggingu fyrirtækisins með mér. Ég tók vel í það enda sá ég að þá hefði ég möguleika á að stofna fyrirtæki með mun sterkara eigið fé en ég áður hafði áætlað. Ég vil mun frekar eiga fyrirtæki með fólki sem ég treysti fullkomlega og mun fylgja mér í gegnum súrt og sætt heldur en vera upp á náð og miskunn hjá innlendum eða útlendum bankastofnunum. Þetta snýst um það hvernig fjárfesta við viljum. Við viljum ekki skammtímafjárfesta heldur þolinmótt fólk sem hefur metnað til að byggja upp kraftmikil fyrirtæki. Til þessa á löggjafinn að hvetja og einbeita sér að því að gera Ísland eftirsóknarvert í þeim skilningi. Það þarf vart að minna á að Íslendingar hafa sjálfir skilið hér eftir sig sviðna jörð og af hverju eigum við að fúlsa við tækifærum til að fá með okkur góða fjárfesta?“

### Langtímaverkefni

Stormur Seafood hefur síðan í vetur stundað útgerð með tvo báta, Storm KE 1 og Blíðu KE 17. Til þeirrar útgerðar hefur fyrirtækið keypt 1.200 tonna aflaheimildir sem hafa verið keyptar að mestu af skuldlausum útgerðum, þar sem annað virðist ekki í boði. Steindór segir fátt spurður um hvort uppbygging fyrirtækisins sé á áætlun. Hann segist vita að um langtímaverkefni sé að ræða að byggja upp fyrirtæki í sjávarútvegi. Hlutafé fyrirtækisins er um 400 milljónir og skiptist á milli Steindórs, sem á 57 prósent, og erlendu fjárfestanna, sem eiga 43 prósent. Hann hyggst auka hlutafé fyrirtækisins á næstunni og segist eiga fyrir því sem til stendur að gera í uppbyggingu Storms.

„Ég hef starfað í Kína í tíu ár og það er auðvelt. Lög og regluverk eru skýr og pólitíkin er ekkert að hlaupa útundan sér við minnsta tilefni og gefa yfirlýsingar,“ segir Steindór og vísar til orða sjávarútvegsráðherra og Einars K. Guðfinnssonar, fyrrum sjávarútvegsráðherra og sveitunga síns, „sem ætti nú að hafa haft nægan tíma til að kynna sér reglur um erlent eignarhald sem hann ásamt öðrum samþykkti á þingi fyrir ekki svo mörgum árum. Ég er að vona að sá dagur renni upp að hér á Íslandi verði ekki erfiðara að fjárfesta heldur en í Kína.“

### Magma er kveikjan

Steindór segir að umræðan um erlenda fjárfestingu í Stormi Seafood verði að skoðast í samhengi við kaup Magma á Hitaveitu Suðurnesja og hversu stjórnmálin eru eldfim þessa dagana. Spurður um upphlaup sjávarútvegsráðherrans segir hann að það verði að virða honum það til vorkunnar að hann sat ekki á þingi þegar lögin voru sett. Hins vegar fari hann með málaflokkinn og ætti því að kunna lögin að stórum hluta utanbókar.

„Magma-málið er kveikjan enda hafa menn vitað af okkar fyrirtæki mánuðum saman og við aldrei dregið dul á þetta eignarhald. Ef hins vegar er litið til fréttaflutnings Ríkisútvarpsins þá var markmiðið að búa til einhverja stemningu. Ég held að upphlaupið varpi fyrst og síðast ljósi á stjórnsýsluna í landinu og störf þeirra sem sitja á þingi. Ef þingmennirnir skilja ekki lögin sem þar eru sett og umræða skapast um þau, þá verður að horfa til þeirra vinnubragða sem þar eru viðhöfð. Rótin að þessu eru mismunandi túlkanir á lögum sem ættu að vera mjög einföld og öllum skiljanleg. Það eru þau hins vegar ekki.“

### Fiskur verður alltaf veiddur

Steindór segist ekki óttast aðkomu nefndar um erlenda fjárfestingu og úttekt um eignarhald fyrirtækisins. „Ég óttast ekki niðurstöðu nefndarinnar. Ég hef enga ástæðu til þess og held ótrauður áfram að byggja upp mína útgerð,“ segir Steindór. Hann segir jafnframt að boðuð fyrningarleið stjórnvalda haldi ekki fyrir sér vöku.

„Það tal allt hefur ekki áhrif á mig því ég horfi á reksturinn. Fiskur verður alltaf veiddur frá Íslandi. Ég trúi því að sú leið sem verður farin stórskaði ekki fyrirtækin og ég ætla að byggja upp lítið til meðalstórt fyrirtæki sem veiðir og vinnur úr tvö til þrjú þúsund tonnum af hráefni á ári. Fyrirtækjum af þeirri stærð gengur vel hér á landi.“

### Fjölbreytt tækifæri

Steindór útilokar ekki frekari fjárfestingar í sjávarútvegi og hefur fylgst með verkefnum í fiskeldi. Hann nefnir jarðvarma og tækifæri til að framleiða heitsjávartegundir fyrir markaði í Evrópu og Bandaríkjunum. „Það eru áhugaverð verkefni í gangi og ég fylgist með þeim. Það er margt spennandi að gerast í íslenskum sjávarútvegi. Makríllinn er eitt, ég sé tækifæri í beitukóng og sæbjúgum og veiði og vinnslu á krabba. Það þarf ekki allt að snúast um þessar hefðbundnu tegundir. Þetta snýst um fyrirtæki eins og okkar, unga nýliða í sjávarútvegi sem eru tilbúnir að stökkva á nýjar hugmyndir og framkvæma þær. Hvort mínir bakhjarlar vilji taka þátt í frekari fjárfestingu mun tíminn leiða í ljós. Ég útiloka ekkert.“

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is



# Skólabækurnar eru komnar



## MacBook 13”

**2,4GHz** Intel Core 2 Duo
2GB innra minni
250GB harður diskur
**Allt að 10** klst rafhlöðu ending
Aðeins 2.13 kg / 2,74 cm þykk
Engir vírusar

- innbyggð vefmyndavél
- getur keyrt Windows
- iLife ‘09
- frí námskeið
- engir vírusar

Nýr snertiflötur
Sterkbyggðari umgjörð
Bjartari skjár
Allt að 10 klst rafhlöðu ending



## MacBook Pro 13”

**2,4GHz** Intel Core 2 Duo
4GB innra minni
250GB harður diskur
**Allt að 10** klst rafhlöðu ending
Aðeins 2.04 kg / 2,41cm þykk

**iLife ‘09 - fylgir öllum Apple tölvum**
Stafrænn lífsstíll að hætti Apple sem inniheldur iPhoto, iMovie, GarageBand, iWeb og iDVD. iLife gerir Mac-notendum kleyft að skapa ótrúlegustu hluti og halda utan um ljósmyndir og hreyfimyndir á einfaldan máta. Að búa til fallegar heimasíður, ljósmyndabækur og kvikmyndir er leikur einn.

## Apple iPad tölvur frá

# 119.990.-

væntanleg í næstu viku

## Já, getur keyrt Windows

og fer létt með það...

Sífellt fleiri kjósa tölvur frá Apple og nú eru engar afsakanir eftir þar sem tölvurnar geta keyrt hvaða hugbúnað sem er. Verðið ætti ekki að hindra heldur því Apple-tölvur eru orðnar ódýrari en aðrar PC-tölvur af sambærilegum gæðum.

## Frí Apple námskeið

Varstu að kaupa þér Apple tölvu eða langar þig að læra meira? Þá getur þú kíkt á námskeið í Apple búðina á Laugaveg 182 og lært eitthvað nýtt.

**Námskeiðin eru án endurgjalds**
og þú þarft ekki að skrá þig, bara mæta.

Nánar um dagsetningu og tíma:
**www.epli.is/namskeid**

**Apple búðin**
Sími 512 1300
Laugavegi 182

**Afgreiðslutími:**
Mán. til fös. 10-18 og lau. 12-16

**www.epli.is**

epli.is

Með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar.

# Fjögur ár ein tölva




Dell Inspiron fartölvur á skólatilboði

VERÐ

**109.900 kr. – 169.900 kr.**

**Þriggja ára ábyrgð**

Allar upplýsingar birtar með fyrirvara um prentvillur og ófyrirsjáanlegar breytingar. Öll tilboð gilda á meðan birgðir endast. Verð getur breyst án fyrirvara.



## Dell fartölvubakpoki

5 dot curve fartölvubakpoki sem hentar fartölvum með allt að 16" skjái.

VERÐ

**9.850 kr.**



## Dell þráðlaus mús

3ja hnappa þráðlaus fartölvumús með háglans áferð og nanó móttakara.

VERÐ

**5.450 kr.**



## Kingston USB minnislyklar

Nettur og litríkur minnislykill (svartur, blár, rauður og fjólublár) sem fæst í 4 GB, 8 GB, 16 GB og 32 GB.

VERÐ frá

**2.450 kr.**



## Iomega flakkarar

Sérstaklega hljóðlátur og nettur 320GB harður diskur með USB tengi. Litir: svartur, blár, rauður og silfur.

VERÐ

**16.950 kr.**



## Dell ferðahátalarar

Flott hátalarastöng sem hentar vel með fartölvum.

VERÐ

**8.950 kr.**



## Internet Security PRO 2010

Alhliða vírusvörn fyrir tölvur. 3ja ára leyfi fyrir allt að þrjár tölvur.

VERÐ

**5.950 kr.**

## Það er til lausn á öllu

www.ejs.is ▶ Grensásvegi 10, Reykjavík ▶ Sími 563 3000 ▶ Tryggvabraut 10, Akureyri ▶ Sími 463 3000

intel CORE i3 inside

Faster. Smarter.

Processor Rating

**Inspiron N5010**

Intel® Core™ i3-330M Processor
2.13GHz, 800/1333MHz, 3MB SmartCache
Mobile Intel 5 express HM57 kubbasett
4GB 1333MHz DDR3 vinnsluminni (2x2048)
15.6 HD WLED TrueLife skjár (1366x768)
Innbyggð 1.3MP vefmyndavél & hljóðnemi
Intel HD skjástýring
250GB 5.400rpm harður diskur




**Komdu í Frímínútur með EJS!**
Leystu þrautina og þú gætir unnið glæsilega DELL Inspiron N5010 fartölvu að verðmæti 169.900,-

→ skolavefur.ejs.is

# Bjóðum upp á 6 mánaða vaxtalaus lán

Intel, the Intel Logo, Intel Inside, Intel Core, and Core Inside are trademarks of Intel Corporation in the U.S. and other countries. For more information about the Intel processor feature rating, please refer to www.intel.com/go/rating.



## Office Home and Student 2010

Inniheldur Word, Excel, PowerPoint og One Note. Leyfi fyrir þrjár tölvur.

VERÐ
**19.950 kr.**



## Dell V313 All-in-One prentari

Flottur ljósmyndaprentari. Þessi hraðvirki prentari er ótrúlega þægilegur og á góðu verði.

VERÐ
**16.900 kr.**



## Kodak Videoupptökuvél

Playsport ZX3 er algert undratæki, vatnsheld og sterkbyggð HD videoupptökuvél með hristivörn.

VERÐ
**39.950 kr.**



## Xtreamer margmiðlunarspilari

Ótrúlega nett tæki, ný hönnun, nýtt viðmót. Afspilunartæki með „streaming" fyrir tölvu/sjónvarp/skjávarpa/net.

VERÐ
**29.990 kr.**



## Dell 23" Full HD Widescreen LCD

Stór og vandaður skjár með ríflega Full HD upplausn og innbyggða 2MP vefmyndavél.

VERÐ
**69.900 kr.**



## DELL Inspiron 560

Flott turntölva sem hentar vel fyrir internetið, senda vinum tölvupósta, hlusta á tónlist eða horfa á kvikmyndir.

VERÐ
**139.900 kr.**

Fylgstu með okkur á facebook.com/ejsehf

EJS 1939 70 2009

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

## Útgjöldin

> Gistinætur Íslendinga á tjaldsvæðum




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

# neytendur

*hagur heimilanna*

**NEYTANDINN:** Edda Hermannsdóttir, hagfræðinemi

## *Grét og skellihló á sama tíma*



„Bestu kaupin mín en jafnframt þau ópraktískustu eru Júníform-kjólarnir mínir sem ég nota mjög mikið. Ég keypti fyrsta kjólinn minn stuttu eftir að ég átti mitt fyrsta barn og var á leið á árshátíð. Þetta var í fyrsta skipti sem ég fór úr heimagallanum með ælu- og mjólkurblettunum á og var því nokkuð lengi að hafa mig til. Þegar ég mætti síðan á árshátíðina var ég ægilega montin með mig en var síðan strax spurð að því hvenær ég ætti von á mér. Ég var svo glöð í kjólnum mínum að ég fór að gráta og skellihlæja á sama tíma. Annars hafa flest kaup mín verið ópraktísk. Nýlega keypti ég til dæmis tvisvar sinnum vindsæng og í hvorugt skiptið hélt hún lofti til morguns. Kannski fengum við hjónin okkur bara of mikið af grillkjöti kvöldið áður.“

EDDA HERMANNSDÓTTIR

## GÓÐ HÚSRÁÐ

### SALTIÐ Á BLETTINA

■ *Gabriella Unnur Kristjánsdóttir er gjörn á að fá bletti í fötin.*



„Ég hef einstakt lag á því að fá í fötin mín hina ýmsu bletti og það er eitt húsráð sem hefur reynst mér afskaplega vel,“ segir Gabriella Unnur Kristjánsdóttir, laganemi og varaformaður Stúdentaráðs HÍ. „Til að ná mjög erfiðum blettum úr fötum skal bleyta blettinn vel, strá svo slatta af salti yfir og láta standa í sólarhring. Næst er flíkin sett í þvottavél og kemur undantekningalaust blettalaus út. Saltið dregur í sig vökva og tekur litinn úr blettinum með. Gullið húsráð sem móðir mín kenndi mér.“

■ **Veraldarvefurinn:**

## Hagstæð skólabókakaup á netinu




Nemar á framhalds- og háskólastigi keyptu námsbækur fyrir 40 milljónir í gegnum heimasíðuna www.skiptibokamarkadur.is, á fyrsta starfsári síðunnar. Áætlað er að um 10.000 notaðar bækur hafi gengið kaupum og sölum um síðuna, en andvirði nýrra bóka er um 80 milljónir. Því má gera ráð fyrir að nemendur hafi saman sparað um 40 milljónir við bókakaup með því að nota síðuna.

Árlegur bókakostnaður fyrir nemendur í framhalds- og háskólanámi getur farið upp í 60 þúsund séu bækurnar keyptar nýjar í verslunum. Einnig getur það munað töluverðu fyrir námsmenn að fá eitthvað fyrir gömlu námsbækurnar sínar í stað þess að leyfa þeim að safna ryki uppi í hillu.

■ **Álitamál á fjarskiptamarkaði**

## NS og PFS rýna í gjaldskrárnar

Neytendasamtökin komast ekki að sömu niðurstöðu og Póst- og fjarskiptastofnunin (PFS) um hvort símafyrirtækin fari að reglum um nýtt verðþak og nýjum reglum Evrópugjaldskrárinnar sem tóku gildi 1. júlí síðastliðinn.

Samkvæmt úttekt PFS uppfylla öll símafyrirtækin fjögur skilyrði nýju reglnanna, en Neytendasamtökin telja ekkert þeirra gera það. „Í flestum tilfellum er um mínútuverð að ræða, en þar geta litlar upphæðir fljótlega orðið stórar þegar mínútur og viðskiptavinirnir margfaldast. Gjaldskrám þessara fyrirtækja verður því að breyta,“ segir í umfjöllun Neytendasamtakanna.




Í nýjum Evrópureglum segja samtökin verðþak á svokölluðum reikisímtölum og SMS-skilaboðum innan Evrópu mikilvægast fyrir neytendur. „Þakið á við þegar hringt er úr farsíma, hringt er í farsíma, eða sent SMS-skilaboð úr farsíma sem er staddur utan heimalands síns en innan Evrópu. PFS segir í úttektinni að öll símafyrirtæki á Íslandi séu með gjaldskrár sínar í samræmi við nýtt verðþak. Svo virðist þó ekki vera í öllum tilvikum.“

# Smokkar settir í hæsta skattþrepið

**Virðisaukaskattur á smokkum er 25,5 prósent. Beiðni frá Sóttvarnaráði um niðurgreiðslu á smokkum hefur legið hjá ráðuneytinu síðan 2004. Um 20 prósent ungmenna nota smokk, samkvæmt niðurstöðum nýrrar könnunar.**

**HEILSA** „Ríkið setur smokka í hæsta skattþrep sem gerir það að verkum að það er 25,5 prósenta virðisaukaskattur á þeim,“ segir Halldór Guðmundsson, annar eigandi Líkama og lífsstíls, umboðsaðila One smokka á Íslandi. Halldór er þeirrar skoðunar að smokkar ættu að vera án virðisaukaskatts eða í mesta lagi skattlagðir eins og matvæli og aðrar nauðsynjavörur.



HARALDUR BRIEM



ÁLFHEIÐUR INGADÓTTIR

Álfheiður Ingadóttir heilbrigðisráðherra segir beiðni frá Sóttvarnaráði hafa legið á borði heilbrigðisráðuneytisins frá því árið 2004, varðandi aðgang ungs fólks að ókeypis smokkum.

„Klamidía er í sókn hér á landi og það kemur í ljós í könnun frá því í sumar að það eru ekki nema tuttugu prósent ungmenna sem nota smokk,“ segir Álfheiður. „Allt frá árinu 2004 hefur Sóttvarnaráð lagt þetta til við ráðherra án þess að það hafi leitt til niðurstöðu. Við höfum kallað eftir upplýsingum frá fjármálaráðuneytinu og Landlækni varðandi þetta mál.“

Samkvæmt upplýsingum frá fjármálaráðuneytinu voru tekjur ríkisins árið 2009 af innflutningi á smokkum um 25,6 milljónir, fyrir álagningu heild- og smásala.

Haraldur Briem sóttvarnalæknir, segir vel fylgst með smitleiðum kynsjúkdóma af Landlæknisembættinu. „Það myndi draga gríðarlega úr tíðni ýmissa kynsjúkdóma ef Íslendingar væru duglegri að nota smokkinn,“ segir Haraldur. „Það er verið að skoða þessi mál í fullri alvöru. Hvort mögulegt sé að auka aðgengi að smokkum og lækka verðið á þeim. Einnig verður að sannfæra ungt fólk í eitt skipti fyrir öll um mikilvægi þess að nota þá.“ Haraldur segir gríðarlegan kostnað fylgja því að greiða niður smokka, en það hafi verið rætt innan embættisins.

Stefán R. Birgisson, deildarstjóri hjá Halldóri Jónssyni ehf., umboðsaðila Durex á Íslandi, er ekki sammála því að verð á smokkum sé fyrirstaða hjá ungu fólki. „Notkunin hefur haldist stöðug á síðustu árum,“ segir Stefán. „Smokkar eru ekki feimnismál lengur og að meðaltali kostar stykkið um 150 krónur.“

Samkvæmt könnun Fréttablaðsins eru smokkar ódýrastir í netversluninni Smokkur.is, 1.199 krónur stór pakki. sunna@frettabladid.is




**SMOKKAR** Sóttvarnaráð bað stjórnvöld fyrst um að niðurgreiða smokka 2004.

**Verð á smokkum í verslunum og á Netinu**

| Verslun | Vara | Verð |
|---|---|---|
| Apótekarinn | Durex Featherlite, 12 stk. | 1.742 kr. |
| Bónus | Durex Xtra Safe, 12 stk. | 1.198 kr. |
| Lyf og heilsa | Durex Featherlite, 12 stk. | 1.881 kr. |
| Femin.is | Durex Featherlite, 12 stk. | 1.998 kr. |
| Femin.is | One Super Sensitive, 12 stk. | 1.710 kr. |
| Smokkur.is | One Super Sensitive, 12 stk. | 1.199 kr. |

ena³

jura SWISS + MADE



vilborga@centrum.is

Verð frá kr. 119.000*

## Kaffivél fyrir kröfuharða

ENA kaffivélarnar frá JURA eru ekki nema tæpir 24 cm á breidd. Í þær má setja uppáhalds kaffibaunirnar þínar og stilla styrkleika kaffisins að eigin óskum. ENA kaffivélarnar hafa hlotið evrópsku neytendaverðlaunin sex sinnum og eru með mest seldu vélum í Evrópu í dag.

**Bjóðum einnig fjórar gerðir af sérvöldum kaffibaunum frá JURA**

**Kynntu þér málið hjá sölumönnum Eirvíkur**

*Gildir meðan birgðir endast

**EIRVÍK** -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

Fríhöfnin á Keflavíkurflugvelli er ekki í samkeppni við íslenskan markað:

# Sælgæti oft dýrara en í Bónus

**NEYTENDUR** Fríhöfnin í Leifsstöð er oft á tíðum lokaáfangi leiðangra Íslendinga úr landi. Algengt er að fólk birgi sig upp af sælgæti við heimkomuna í trausti þess að vörurnar séu ódýrari en í almennum verslunum, enda án virðisaukaskatts og aðflutningsgjalda. Lausleg könnun Fréttablaðsins á kílóverði á sælgæti í fríhöfninni borið saman við verð í lágvöruverðsverslunum Bónuss, leiddi í ljós að fríhöfnin er í flestum tilvikum dýrari.

Samanburður á verði Síríus Nóa kropps og Freyju djúpa sýndi fram á slíkt hið sama. 400 gramma poki af Nóa kroppi kostar 749 krónur í fríhöfninni en 498 krónur í Bónus. 180 gramma poki af Freyju djúpum kostar 298 krónur í Bónus en 319 krónur á Keflavíkurflugvelli.

Guðlaugur Gauti Þorgilsson, rekstrarstjóri í Bónus, segir að markmiðið sé að vera með lægsta verð á landinu. „Við erum með tvo einstaklinga í vinnu hjá okkur sem skanna markaðinn í sífellu,“ segir hann.

Hlynur Sigurðsson, framkvæmdastjóri fríhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli, segir verð í versluninni vera lægra en gengur og gerist í landinu. „Við reynum að stilla verðið þannig að virðisaukinn fari í vasa viðskiptavinarins,“ segir Hlynur. „Þar sem vörurnar okkar eru lausar við hann getum við ekki verið í neinni samkeppni við markaðinn.“

- sv

**Lauslegur verðsamanburður á kílóverði á sælgæti**

| Vara | Bónus - kílóverð | Fríhöfn - kílóverð | Mismunur |
|---|---|---|---|
| M&M | 1.939 kr. kg | 1.679 kr. kg | 260 kr. |
| Kit Kat | 1.595 kr. kg | 1.833 kr. kg | 283 kr. |
| Haribo stjörnumix | 1.496 kr. kg | 1.499 kr. kg | 3 kr. |
| Nóa Kropp | 1.223 kr. kg | 1.873 kr. kg | 650 kr. |
| Freyju Djúpur | 1.656 kr. kg | 1.772 kr. kg | 116 kr. |





076 54723IS
Broil King
Monarch 20,
11,4KW gasgrill
Verð áður 66.979 kr.
Verð nú
49.998 kr.
-25%



076 53603IS
Broil King Gem
8,8KW gasgrill
Verð áður 39.998 kr.
Verð nú
29.998 kr.
-25%

# SKÍNANDI TILBOÐ Á SUMARVÖRUM

909 31531
Kveikjari, 8,5 cm
áfyllanlegur,
m. barnalæsingu
Verð áður 590 kr.
Verð nú
398 kr.
-30%



078 224394
Gashella
Primus Mimer
Verð áður 4.260 kr.
Verð nú
2.982 kr.
-30%



078 324083
Primus gaslukt
Classic Moonlight
Verð áður 10.582 kr.
Verð nú
7.407 kr.
-30%



909 72024
Vatnsdæla
12V 14ltr./mín
Verð áður 2.900 kr.
Verð nú
1.998 kr.
-30%



909 28408
Klappstóll
Hocker Gala
Verð áður 3.990 kr.
Verð nú
2.793 kr.
-30%



078 2179
Primus 100w
með sjálfkveikju
Verð áður 7.925 kr.
Verð nú
5.547 kr.
-30%



077 24080
Grill Pro
djúp grind
Verð áður 1.104 kr.
Verð nú
773 kr.
-30%



909 77560
Vatnsbrúsi
m. krana 12ltr.
Verð áður 2.490 kr.
Verð nú
1.743 kr.
-30%



909 22923
Borð
samanbrjótanlegt
Verð áður 11.900 kr.
Verð nú
8.330 kr.
-30%



909 35196
Hallamælir
m. sogskálum
Verð áður 1.490 kr.
Verð nú
1.043 kr.
-30%



077 40730
Grill Pro töng
m. spaða
Verð áður 720 kr.
Verð nú
498 kr.
-30%



909 15530
Farangursteygja
40sm m. krókum
Verð áður 655 kr.
Verð nú
458 kr.
-30%



909 82097
Stóll,
taska fylgir
Verð áður 2.490 kr.
Verð nú
1.743 kr.
-30%



A891 85060677
DVD ferðaspilari
Verð áður 27.900 kr.
Verð nú
19.998 kr.
-30%



077 98130
Grill Pro
Wokpanna
Verð áður 2.183 kr.
Verð nú
1.528 kr.
-30%



909 36763
Glasahaldari
Verð áður 2.998 kr.
Verð nú
990 kr.
-67%



Tilboðin gilda til 15. september eða á meðan birgðir endast

WWW.N1.IS / SÍMI 440 1000
Grillin og ferðavörurnar fást í verslunum og á þjónustustöðvum N1 um land allt.

Meira í leiðinni

# TAX FREE FRAMKVÆMDA-TILBOÐ




Komdu og fáðu tilboð í verkið hjá okkur að upphæð 300 þúsund eða meira, og þú færð TAX FREE af öllum vörum, allt frá eldavél til þakefnis!

*Tax free tilboð gilda ekki af pallaefni og sérpöntunum.

**HÚSASMIÐJAN**

Þú færð vöruna í verkið Tax free í Húsasmiðjunni.

FRAMKVÆMDALÁN

Landsbankinn · Arion banki · Íslandsbanki · Íbúðalánasjóður

Ef þú þarft fjármögnun þá færð þú hagstæð framkvæmdalán hjá bankanum þínum.

ALLIR VINNA

ALLIRVINNA.IS

Þú færð 100% endurgreiðslu virðisaukaskatts af allri vinnu fagmanna auk skattaívilnunar allt að 300 þús.

Afgreiðslutími verslana sjá www.husa.is
Gildir til 31.ágúst

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Að sjálfsögðu greiðir Húsasmiðjan virðisaukaskatt til ríkissjóðs. Taxfree tilboð jafngildir 20.32% verðlækkun og er alfarið á kostnað Húsasmiðjunnar

# ALLT FYRIR ÞAKIÐ

## MUNDU AÐ NÝTA ÞÉR TAX FREE FRAMKVÆMDATILBOÐIÐ OG VERÐIÐ LÆKKAR ENN MEIRA!

Þakstál • Þaksaumur • Þakskrúfur



Þakpappi • Þakdúkur • Bindiborði







Hágæða þakrennur



Þaksperrur • Festingar



Þakull • Rakasperruplast



Vatnsklæðning
kúpt 21x 110mm

2.990kr/m²
~~3.970~~

3ltr




4.995
~~6.495~~

Akrýl þakmálning

**Lekur þakið?**

Fill Coat &
WaterProof
stöðva leka

1ltr



2.995
~~3.995~~



Látum verkin tala!

**Fáðu tax free framkvæmdatilboð í verkið hjá sölumönnum okkar um land allt - nú er rétti tíminn!**

*Tax free tilboð gilda ekki af pallaefni og sérpöntunum.

HÚSASMIÐJAN

# skoðun

*greinar@frettabladid.is*

Hið raunverulega rannsóknarefni um erlent eignarhald í sjávarútvegsfyrirtækjum:

# Hverju breyta útlendir eigendur?

Umræðan um fjárfestingar útlendinga á Íslandi tekur á sig æ skrýtnari myndir. Nú hefur Jón Bjarnason sjávarútvegsráðherra beðið viðskiptaráðherra að láta kanna hvort óbeint eignarhald kínverskra fjárfesta í fyrirtækinu Stormur Seafood sé í samræmi við lög. Viðskiptaráðherra hefur falið nefnd um erlenda fjárfestingu rannsóknina.

Eins og fram kom hér í blaðinu í gær eiga Kínverjarnir 43 prósenta hlut í Stormi með óbeinum hætti, í gegnum eignarhlut í íslenzkum félögum sem eiga hlut í sjávarútvegsfyrirtækinu.

Lengi hefur verið vitað að slík óbein eignaraðild, upp á 49 prósent að hámarki, er lögleg hér á landi. Þetta hefur komið fram í almennum umræðum, á Alþingi og í opinberum gögnum sjávarútvegsráðuneytisins, sem notuð hafa verið til að útskýra fjárfestingarumhverfið hér á landi.


SKOÐUN



**Ólafur Þ. Stephensen**

olafur@frettabladid.is


Jóni Bjarnasyni hefði átt að duga að fá afhenta frekar einfalda skýringarmynd, sem hans eigið ráðuneyti hefur útbúið til að skýra núverandi lög. Í staðinn vill hann „rannsókn“ sem virðist álíka þörf og rannsókn á máli ökumanns sem ekur á 85 kílómetra hraða á klukkustund á vegi, þar sem hámarkshraðinn er 90.

Björn Valur Gíslason, þingmaður Vinstri grænna, gagnrýndi fyrr í vikunni fyrrverandi ríkisstjórn fyrir „andvaraleysi, kæruleysi og hirðuleysi“ með því að láta óbeint erlent eignarhald í sjávarútvegi viðgangast – sem er þó lögum samkvæmt og ekkert leyndarmál.

Einkum af hálfu Vinstri grænna, en einnig í öðrum flokkum, er nú talað eins og erlent eignarhald í atvinnulífinu sé í sjálfu sér glæpur og af hinu illa. Þeir sem svona tala telja sig ekki þurfa að ræða kosti eða galla erlends eignarhalds; það sé vont, punktur.

Það sem raunverulega er ástæða til að rannsaka er hvort hin fáu dæmi um óbeint erlent eignarhald í íslenzkum sjávarútvegi hafi haft æskileg eða óæskileg áhrif. Hafa störf horfið úr landi? Hefur hagnaður farið úr landi og arður samfélagsins af sjávarútveginum minnkað? Kemur það sjávarútvegsfyrirtækjum hugsanlega til góða að fá erlent áhættufé í stað erlends lánsfjár, sem er að sliga þau mörg? Koma útlendir eigendur með verðmæta þekkingu, reynslu og sambönd inn í sjávarútveginn eða eru þeir til óþurftar?

Lykilspurning er þessi: Hefur eitthvað gerzt vegna óbeins erlends eignarhalds í íslenzkum sjávarútvegi, sem ekki hefur gerzt vegna beins eignarhalds íslenzkra útgerðarfélaga í útlendum sjávarútvegsfyrirtækjum? Felur erlend fjárfesting ekki í sér gagnkvæman hag fjárfesta og heimamanna, eins og yfirleitt virðist hafa verið raunin þegar íslenzkir útgerðarmenn kaupa erlend fyrirtæki?

Ef niðurstaðan verður sú að erlent eignarhald hafi meiri jákvæð áhrif en neikvæð, er þá ekki nær að tala um að rýmka reglurnar og opna fyrir beina erlenda fjárfestingu í sjávarútveginum; hafa sambærilegar reglur og íslenzka útgerðin fer eftir þegar hún fjárfestir víða erlendis?


FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871







## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Umræðan, í boði VG

Það er móðins að skammast út í þingmenn VG þegar þeir rökræða um þjóðmálin. Hver á fætur öðrum hafa kverúlantarnir risið upp til að saka Ögmund Jónasson um að hafa verið ómálefnalegur þegar hann líkti ESB við Þriðja ríkið. Ögmundur svarar þessu skilmerkilega. Með því að skamma hann fyrir þetta er verið að drepa umræðunni á dreif. Gagnrýnendurnir eru ómálefnalegir.



### Óvinirnir eru víða

Í þessum anda varð landbúnaðarráðherra heldur ekki svarafátt þegar Samkeppniseftirlitið af kunnri meinfýsni básúnaði þá skoðun sína, sem enginn bað um, að það auki ekki samkeppni að sekta bændur fyrir að selja mjólkina sína þangað sem þeir vilja. Kastljósið beindist að ráðherra og var hann krafinn um mótrök. Svarið lá fyrir hvers manns fótum: Bændur eiga óvini innan gamaldags Samkeppniseftirlits, þar er hatast við landbúnað.

Gott er, að hér er málefnaleg og lýðræðiselskandi vinstristjórn. Nú sést hvað Morfísfrasar hægrimanna voru orðnir fábrotnir.

### Facebook-þrýstingur

Á Akureyri hefur verið deilt um væntanlegt útibú KFC og nýja leigubílastöð í miðbænum. Undirskriftum er safnað gegn áformunum. Pétur Bolli Jóhannsson, skipulagsstjóri bæjarins, var spurður út í málið í gær og svaraði á þann veg að mikil pressa hefði verið komin frá íbúum að fá KFC til bæjarins. Meira að segja hefði verið stofnuð Facebook-síða um málið. Á Facebook má finna um 900 milljón síður. Ætlar Akureyrarbær líka að verða við öðrum óskum þar?

**- kóþ, mþl**



HALLDÓR




# Síðasta tækifærið forgörðum


Orkumál



**Guðbrandur Einarsson**

*íbúi og fyrrum bæjarfulltrúi í Reykjanesbæ*


Á fundi bæjarráðs Reykjanesbæjar hinn 29. júlí sl. var samþykkt að heimila skuldarabreytingu á kúluláni sem gefið var út þegar Reykjanesbær seldi Geysi Green Energy hlut sinn í HS orku. Breytingin fólst í því að Magma Energy yfirtæki lánið sem GGE hafði gefið út og yrði þar með greiðandi lánsins. Allir ráðsmenn Sjálfstæðisflokksins að viðbættum fulltrúa Framsóknarflokksins sem væntanlega er farinn að borga sjálfstæðismönnum fyrir sæti sitt í bæjarráði, greiddu þessu atkvæði sitt. Nýr fulltrúi Samfylkingarinnar í bæjarráði hafði enga skoðun á málinu og sat hjá.

Það mátti auðvitað reikna með að sjálfstæðismenn samþykktu þennan gjörning en afstaða fulltrúa Framsóknar og Samfylkingar í þessu máli er algjör kúvending borin saman við afstöðu fulltrúa sömu flokka í síðustu bæjarstjórn.

Það hefur komið í ljós í umræðu undanfarinna vikna og mánaða að mikill meirihluti íslensku þjóðarinnar er á móti því að HS orka verði í höndum einkaaðila með tilheyrandi framsali á nýtingarrétti náttúruauðlinda. Til þess að koma til móts við þennan vilja íslensku þjóðarinnar gat bæjarráð hafnað þessari skuldarabreytingu sem hefði væntanlega gert það að verkum að Magma hefði hætt við þessi viðskipti sem að mestu leyti eru fjármögnuð með yfirtöku á lánum og aflandskrónum.

Þarna fór því forgörðum síðasta tækifærið, sem við höfðum til þess að koma í veg fyrir þessi viðskipti, án þess skapa íslensku þjóðinni milljarða skaðabótaskyldu ef til riftunar kæmi. Skilanefndir bankanna geta því fullnustað viðskipti sín við Magma Energy. Bæjarráðsmenn í Reykjanesbæ hafa engan áhuga á því að reyna að koma í veg fyrir það.

> Afstaða fulltrúa Framsóknar og Samfylkingar er algjör kúvending borin saman við afstöðu fulltrúa sömu flokka í síðustu bæjarstjórn


FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

## AF NETINU

### Mjólkurmálið kallar á endurskoðun búvörulaga

Þung rök hníga að því að það muni ekki duga til að breyta því frumvarpi sem nú liggur fyrir, eða fella það – einokun á mjólkurmarkaði mun ekki hverfa við það. Mér virðist því óhjákvæmilegt að nú verði farið í allsherjar endurskoðun á búvörulögunum að undangenginni nýrri stefnumótun þar sem hagsmunir neytenda verða metnir til jafns við aðra hagsmuni (að almannahagsmunir verði ekki túlkaðir sem hagsmunir bænda eingöngu), og að virtu atvinnufrelsi og jafnræðissjónarmiðum. Heildarendurskoðun getur tekið sinn tíma, og hún kallar að sjálfsögðu á víðtækt samráð. Í millitíðinni þarf að finna pólitíska lausn gagnvart því frumvarpi sem nú liggur fyrir og ná tímabundinni sátt í málinu.

blog.eyjan.is/olinath

Ólína Þorvarðardóttir

### Hvað hefði einkarekið fyrirtæki gert?

Ætla má, vegna vinsælda Spaugstofunnar, að auglýsingatekjur sem af miklu áhorfi leiða, séu umtalsverðar. Það hljómar því ekki sem viðskiptaleg ákvörðun að slá Spaugstofuna af.

Það er umhugsunarefni hvort einkarekin sjónvarpsstöð hefði hætt að sýna vinsælasta sjónvarpsþáttinn sinn vegna fyrirmæla um hagræðingu í rekstri. Ákvörðunin sýnist dæmigerð ákvörðun opinbers fyrirtækis sem slær af það sem vitað er að verður óvinsælast og veldur mestri óánægju og bera fyrir sig hagræðingarkröfu.

Nema að sjónvarpsstjórinn sé gegnum tíðina búinn að fá slíkar kvartanir frá valdhöfum hvers tíma vegna þáttarins að honum þyki kjörið tækifærið að hætta við þáttinn, losna þar með við kvartanirnar og jafnvel þóknast valdhöfunum.

doggpals.blog.is

Dögg Pálsdóttir

# Hvað kostar bensínið?

Í DAG



Þorvaldur Gylfason
Prófessor

Sumir undrast, hvers vegna fiskur er ekki ódýrari úti í búð en raun ber vitni. Menn hugsa þá sem svo, að það kosti grásleppukarlana varla mikið að sækja sjóinn til dæmis frá Ægisíðunni í Reykjavík og koma aflanum í land. Hvers vegna fæst soðningin ekki við kostnaðarverði? Það stafar af því, að rétt fiskverð ræðst af framboði og eftirspurn. Fiskimennirnir geta fengið heimsmarkaðsverð fyrir aflann. Þeir væru að fleygja peningum, ef þeir seldu fiskinn á kostnaðarverði, langt undir heimsmarkaðsverði. Fiskur er munaðarvara úti í heimi. Fiskverð er því hátt og á trúlega eftir að hækka enn frekar, eftir því sem fiskstofnar og fiskafli halda áfram að rýrna sumpart vegna ofveiði.

### Mishátt bensínverð

Sama máli gegnir um bensín og bensínverð. Norðmönnum dettur ekki í hug að selja bensín heima fyrir á niðursettu verði. Mörg önnur olíuframleiðslulönd freistast samt til að selja olíu og bensín heima fyrir á kostnaðarverði, langt undir heimsmarkaðsverði. Lengst gengur ríkisstjórn Venesúelu undir herforingjastjórn Hugos Chavez forseta. Þar kostar bensínlítrinn röskan túkall – tvær og fjörutíu – við dæluna. Vatn kostar meira. Bensínsalan á gjafverði í Venesúelu er glapræði, þar eð hægt væri að fá heimsmarkaðsverð fyrir bensínið og nota mismuninn til að bæta lífskjör almennings. Líbía og Sádi-Arabía eru litlu skárri. Þar kostar bensínlítrinn 17 krónur og 19 krónur, brot af heimsmarkaðsverði. Tölurnar eru frá 2008. Afleiðingin er of mikil bensínnotkun, of stórir bílar, of mikil umferð, óhreint andrúmsloft.

### Mismunun

Bensínverð undir heimsmarkaðsverði jafngildir niðurgreiðslu á bensíni. Niðurgreiðslan mismunar fólki með því að binda hjálpina við bensínotkun frekar en að leyfa fólkinu að ráða því sjálft, hvað það gerir við peningana. Niðurgreiðsla bensíns skilar fólki minni lífskjarabótum en jafngildur styrkur í beinhörðum peningum myndi gera. Hægt væri að reiða fram sömu hjálp með því að leggja gjald á bensín til að hækka bensínverð heima fyrir upp í heimsmarkaðsverð og nota tekjurnar af gjaldinu til að lækka virðisaukaskatt og vöruverð á móti. Væri það gert, myndu fæstir nota allan muninn til að kaupa sér dýrara bensín, heldur myndi fólk þá heldur draga úr akstri, nota strætisvagna, ganga, búa nær vinnustöðum sínum og nota afganginn til að kaupa sér ýmislegt annað.

> Niðurgreiðsla bensíns er aftur á móti óþörf og óæskileg, þar eð hún stuðlar að dreifðri byggð, kraðaki og mengun.

Væri niðurgreiðslan reidd fram með því að nota tekjurnar af bensíngjaldi til að efla heilbrigðisþjónustu og skólahald, væri niðurgreiðslu bensíns umbreytt í framlög til heilbrigðis- og menntamála. Hvort tveggja er þarft og æskilegt, enda hefur almannavaldið brýnu hlutverki að gegna í heilbrigðis- og menntamálum. Niðurgreiðsla bensíns er aftur á móti óþörf og óæskileg, þar eð hún stuðlar að dreifðri byggð, kraðaki og mengun.

### Á réttri leið

Nokkur olíulönd hafa látið sér segjast og hækkað olíuverð með gjaldheimtu til hagsbóta fyrir almenning. Til þess þurfti kjark. Í Nígeríu var lengi vel ekki við það komandi að hækka bensínverð, eða réttar sagt draga úr niðurgreiðslu bensíns. Yfirvöld óttuðust, að almenningur myndi mikla fyrir sér hækkun bensínverðs án þess að reikna með lífskjarabótinni, sem skynsamleg notkun bensíngjaldsins gæti leitt af sér. Yfirvöldin tóku sér tak. Verð á bensínlítra í Nígeríu hefur fjórfaldazt frá 1998 eins og í Indónesíu og er nú hærra en í Bandaríkjunum, en það er þó þriðjungi lægra en í Gönu í næsta nágrenni. Umferðin í Accra, höfuðborg Gönu, hefur alltaf verið léttari en í Lagos í Nígeríu, þar sem mikill fjöldi fólks þurfti að eyða tveim til þrem klukkustundum á dag á lúshægri leið sinni til og frá vinnu eftir „hraðbrautum“ með fjórar eða fimm akreinar til hvorrar áttar. Bílarnir siluðust áfram á gamla bensínverðinu. Nú er umferðin greiðari. Það er framför.

Rússar hafa þrefaldað bensínverð við dæluna frá 1998. Bensínlítrinn þar austur frá kostar nú helmingi meira en í Bandaríkjunum, en helmingi minna en hér heima. Lítrinn kostar nú (2008) tæpar 70 krónur í Bandaríkjunum á móti röskum 200 krónum hér (2010). Í Mexíkó hefur bensínverðið tvöfaldazt frá 1998. Í Alsír og við Persaflóa hefur bensínverðið staðið í stað langt undir réttu verði. Íranar hafa sexfaldað bensínverðið hjá sér frá 2006. Engin vettlingatök þar.





512 54 01 Auglýsingasími
FRÉTTABLAÐIÐ Allt sem þú þarft...

MÍMIR
pollagalli - sett
Verð: 11.500 kr.
(Stærð: 86-116)
PU efni

Flísfóðraður & vatnsheldur.
Léttur og lipur.
66 NORÐUR

DUNLOP
thermal lined stígvél
PU efni
Verð: 6.800 kr.
(Stærð: 19-28)
Verð: 7.800 kr.
(Stærð: 29-37)

Fóðruð og heilsteypt með grófum sóla.
Létt og hlý. Þola -20°C.
66 NORÐUR

MÍMIR
pollagalli - sett
Verð: 11.500 kr.
(Stærð: 86-116)
PU efni

Flísfóðraður & vatnsheldur.
Léttur og lipur.
66 NORÐUR

# Í tilefni skrifa rithöfundar og prófessors

Evrópumál

Ögmundur Jónasson
Alþingismaður



Á undanförnum tveimur áratugum hef ég átt þess kost að koma að málefnastarfi á vegum Evrópusambandsins sem stjórnmálamaður og forsvarsmaður í verkalýðshreyfingunni og hef ég reynt að láta til mín taka í slíkri vinnu eins og ég frekast hef orkað.

Marga góða samstarfsfélaga – og skoðanasystkin – hef ég eignast í gegnum tíðina á þessum vettvangi. Innan Evrópusambandsins eru að sjálfsögðu, eins og í öllu mannlegu samfélagi, mismunandi stefnur og straumar. Ofan á hafa orðið í seinni tíð sjónarmið markaðshyggju og hefur almannaþjónustan, svo og samningsréttarkerfi verkalýðshreyfingarinnar, átt nokkuð í vök að verjast fyrir ásókn þessara afla. Í þessu sambandi má nefna, sem nýlegt dæmi, þjónustutilskipun ESB sem samþykkt var í lok árs 2006. Tilskipunin var afgreidd frá Alþingi með fyrirvara. Þann fyrirvara hefði ekki verið hægt að setja ef við hefðum verið innan ESB. Eftir að lyktir höfðu náðst á Evrópuþinginu um þjónustutilskipunina minnist ég þess að báðar fylkingar, þau sem vildu markaðsvæða samfélagsþjónustuna og hin sem voru því andvígir, hrósuðu sigri. Ástæðan var sú að allir sáu fram á að túlkun á tilskipuninni færi fram í dómsölum og þóttust báðir aðilar hafa fundið í lokasamþykktinni syllu til að standa á í fyrirsjáanlegri viðureign fyrir dómstólum.

### Markaður og dómsvald

Þetta tvennt virðist mér vera að gerast á vettvangi ESB: Aukin framsókn markaðsaflanna inn í lendur sem áður voru alfarið á vegum ríkis og sveitarfélaga og síðan hitt að dómstólar eru sífellt að verða meira stefnumótandi í málum sem eru í eðli sínu pólitísk, eða m.ö.o. lýðræðisleg úrlausnarefni, og snúa að skipulagi samfélagsins. Þetta vekur spurningar um hvort og hve lengi fyrirvarar sem kann að verða samið um halda gagnvart jafnræðisreglum sem dómstólar horfa jafnan til. Þegar jafnræðið snýr að markaðnum hafa félagslegir þættir oftar en ekki þurft að víkja fyrir kröfu um hömulaus markaðsviðskipti.

Í þriðja lagi vil ég nefna harða og óbilgjarna afstöðu gagnvart öðrum viðskiptablokkum og einstökum ríkjum. Þetta þekkja þriðjaheimsríkin mæta vel og má í því sambandi nefna deilur um tolla á landbúnaðarvörum. Í GATS-viðræðunum á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar hefur ESB einnig beitt sér gagnvart þriðja heiminum með kröfum á hendur þeim um markaðsvæðingu á grunnþjónustu. Þarna hefur ESB komið fram sem ein heild og fylgt mjög harðri eiginhagsmuna pólitík sem í einhverju samhengi hefði verið kölluð einangrunarhyggja. Í þessum anda þótti mér vera grein forseta framkvæmdastjórnar ESB, Hermans Van Rompuy, sem birtist í Morgunblaðinu 7. maí síðastliðinn.

### Forréttindi að verja!

Setti hann þar fram gamalkunna kenningu um evrópskt stórríki sem kæmi til með að heyja harðvítuga baráttu í samkeppni við önnur viðskiptaveldi í heiminum. Hann sagði að Evrópumenn ættu „arfleifð“ og „forréttindi“ að verja: „Við erum mesta viðskiptaveldi heims. Þetta er árangur sem vert er að vera stoltur af. Hann sýnir einstaka getu okkar til að þróast og tryggja um leið arfleifð okkar. Við höfum enn getuna til þess. Í breytilegum heimi eru hins vegar önnur svæði tilbúin að gera betur en við efnahagslega. Störf okkar og áhrif eru í húfi.“

Sem andstæðingur inngöngu Íslands í ESB er ég orðinn vanur því að vera borið á brýn einangrunarhyggja og þjóðremba eins og það er kallað. Ég sagði í grein í Morgunblaðinu 5. ágúst þar sem ég fjallaði um þessa grein forseta framkvæmdastjórnar ESB að slíkum aðdróttunum hlyti að linna á meðan boðskapur af þessu tagi væri borinn á borð í Brussel. Ég vísaði til nýlendutímans, yfirgangs Evrópuríkja fyrr á tíð og krafna um áhrif og athafnarými nú. Lífsrými var hugtak sem ég notaði nánast í framhjáhlaupi um stórveldafrekju nýlendutímans en það er hugtak sem nasistum var tamt að nota í hinu ófrægja síðustu aldar um landakröfur austur á bóginn. Og þar sem ég nefndi einnig aðra kunna vísan frá þessu tímaskeiði, um evrópska stórríkishugsun hlaut ég að vera að halda því fram að samasemmerki væri á milli Evrópusambandsins og nasisma, væntanlega með útrýmingarherferðum, ofsóknum, gasofnum og kynþáttahyggju!

### Gegn betri vitund

Auðvitað vakti ekkert slíkt fyrir mér og mig grunar að enginn trúi því raunverulega. En þarna var tækifæri til að afvegaleiða umræðuna, nokkuð sem ótrúlegustu menn hafa reynt að gera. Baldur Þórhallsson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands, staðhæfir þannig í Fréttablaðinu í gær að ég hafi sagt Evrópusambandið byggja á hugmyndafræði Hitlers! Baldur segir sig hafa sett hljóðan við þessi tíðindi. Ég skal játa að sama henti mig þegar ég hugsaði til þess að prófessor við Háskóla Íslands skyldi leggjast eins lágt og hann gerði.

Guðmundur Andri Thorsson lét ekki sitt eftir liggja grein sem hann reit í Fréttbalið í byrjun vikunnar. Hún heitir Ísland úr EFTA! Kjörin burt! og á fyrirsögnin á að vísa til mín og sjónarmiða minna. Látum vera þótt Guðmundur Andri fari rangt með og skrumskæli málflutning minn. Ég á að vera „sjálfskipaður vinstrimaður“ sem aldrei minnist á „lífskjör almennings í umræðu um Evrópumál“. Staðreyndin er sú að ég hef aldrei sagst vilja ganga úr EFTA, aðeins lýst vaxandi efasemdum um ágæti EES-samningsins og sagði ég nýlega í grein hér í blaðinu að ég hefði fremur kosið tvíhliða samning við ESB, eins og EFTA-ríkið Sviss gerði. Það er hins vegar rétt hjá Guðmundi Andra að ég er sjálfskipaður vinstri-maður enda í eigin valdi sem betur fer hvaða skoðanir ég hef. Við erum frjáls til skoðana vona ég. Um Evrópusambandið hef ég nánast aldrei rætt nema í tengslum við lýðræði og lífskjör og vísa ég orðum Guðmundar Andra á bug um þau efni.

### Að bera fé á fólk

Í grein minni í Morgunblaðinu tefldi ég fram valkosti við stórveldishugsun Hermans Van Rompuy og spurði hvort væri „vænlegra fyrir okkur – sem erum þrjú hundruð þúsund talsins – að taka þátt í alþjóðasamstarfi sem neytendur á evrópskum stórmarkaði með takmörkuð lýðræðisleg áhrif, eða efla okkur sem fullvalda ríki sem á í samskiptum við önnur ríki með beinni aðkomu að samningum um öll okkar mikilvægustu mál – þar á meðal ráðstöfun sjávarauðlindarinnar, okkar dýrmætasta fjársjóðs?“ Ég spurði hvers vegna við ættum við „að fórna þessari úrvalsstöðu?“

Þá varaði ég við því að Íslendingar létu glepjast af gjafastyrkjum sem boðaðir væru í tengslum við „aðlögunarferli“ Íslands að ESB. Hef ég áður lýst skoðunum mínum á því að ESB skuli ætla að bera á okkur fé með þessum hætti en nákvæmlega þeim augum lít ég þessar styrkveitingar.

### Viðræðuferli að snúast upp í aðlögun?

Ég er einn þeirra sem greiddi atkvæði með aðildarumsókn Íslands að ESB. Ástæðan var sú að vísbendingar hafa komið fram um að stór hluti þjóðarinnar vildi láta á þetta reyna og síðan færi fram atkvæðagreiðsla um niðurstöðuna. Þetta gerði ég í anda lýðræðisins.

Það breytir því ekki að ég tel hag Íslands betur borgið utan ESB en innan, er mjög gagnrýninn á stefnu bandalagsins og mislíkar hvernig viðræðuferlið er að snúast upp í aðlögunarferli.





Fjölskyldutónleikar
í Norræna húsinu
sunnudaginn 15. ágúst

Kl. 13.00
Gilligill og Diskóeyja
Memfismafían leikur fyrir börnin ásamt gestum

Memfismafían stígur á stokk og leikur valin lög eftir Baggalútinn Braga Valdimar Skúlason – af hljómplötunni Gilligill, ásamt efni af væntanlegri barnaplötu, sem nefnist Diskóeyja.

Með í för verða Magga Stína, Sigtryggur Baldursson, Sigurður Guðmundsson – að ógleymdum sjálfum Prófessornum.

Samnorrænt stuð og sjóðheitt diskó fyrir alla fjölskylduna.




Kl. 14.00
Jazzhátíð Reykjavíkur

Óskar Guðjóns og Matthías Hemstock ásamt fleiri jazzgeggjurum, kynna spennandi tilraun fyrir alla fjölskylduna.

Spilaðu á hljóðfæri á nýjan og spennandi máta.

Ekki er verra að þekkja söngvana úr Kardimommubænum.

Tilraunalandið og Gróðurkaffihúsið opið
Ókeypis aðgangur
Velkomin í Norræna húsið

FJÖREGG
NORRÆNA HÚSIÐ

Norræna húsið | Sturlugötu 5 | 101 Reykjavík | Sími 551 7030 | www.nordice.is


AF NETINU

### Hættan er heimatilbúin

Líklegt er líka að erlendri fjárfestingu fylgdu kröfur um fulla alvöru í rekstri sjávarútvegsfyrirtækjanna í stað ævintýramennsku og fjáraustsurs út úr greininni sem allir þekkja fyrr, einkum þó íbúar í þeim byggðum sem háðastar eru glímunni við Ægi.



Eina ástæðan – en hún er líka veigamikil – til að óttast erlenda fjárfestingu í sjávarútvegi einsog málum er nú háttað er auðvitað sú að með fjárfestingu í útgerðarfyrirtækjunum „eignast“ útlendingar kvóta, og þar með hlut í sjálfri auðlindinni. Af því við höfum ekki haft vit (sum okkar) – eða kjark (önnur okkar) – eða vilja (þau okkar sem hafa hagsmuni af óbreyttu ástandi) – til að taka til í eigin ranni og leggja af gjafakvótakerfið vonda og spillta.

Reyndar eiga útlendingar þegar slíkan kvóta – annarsvegar í krafti laganna frá 1991, sem heimila þeim 49,9% eign í sjávarútvegsfyrirtækjum, og hinsvegar eiga erlendir bankar veð í fyrirtækjunum, skipum þeirra og kvótum, sem þeir geta kallað eftir hvenær sem er.

Þessvegna er óbreytt ástand ómögulegt. Mönnunum munar – annaðhvort aftur á bak, þá þannig að við bönnum sjávarútvegsfyrirtækjum bæði að selja útlendingum hlut og að taka lán gegn veði í kvóta eða verðmætum sem tengjast honum – ellegar nokkuð á leið: Íslensk þjóðareign auðlindarinnar en óheft svigrúm handa fyrirtækjunum sem borga okkur fyrir nýtingarréttinn.

Hættan við erlendar fjárfestingar í sjávarútvegi er heimatilbúin. Sem betur fer er það líka á okkar valdi að losa okkur og börnin okkar undan þeirri hættu.

blog.eyjan.is/mordur

Mörður Árnason








**MAPPA**
*A4 teygjumappa úr pappa*
*Ótrúlegt verð:* **198 kr.**
Verð áður: 379

**PENNAVESKI**
*Ekta leðurhólkar í nokkrum litum*
*Ótrúlegt verð:* **690 kr.**
Verð áður: 1.690

**VINNUBÓK 5 STK. Í PAKKA**
*Línustrikað, 80 blöð*
*Ótrúlegt verð:* **198 kr. stk.**
Verð á pakka 990

# ÓTRÚLEGT!

## Komdu í Eymundsson og sjáðu ótrúlegt verð og úrval af skólavörum.

### IÐJUÞJÁLFAR Í EYMUNDSSON!

Við hjá Eymundsson leggjum okkur fram við að veita ótrúlega góða þjónustu og því getur þú komið og ráðfært þig við iðjuþjálfa varðandi val á töskum.

**Fimmtudaginn 12. ágúst**
Hafnarfirði og á Akureyri frá 16-18

**Föstudaginn 13. ágúst**
Keflavík og á Akranesi frá 16-18

**Laugardaginn 14. ágúst**
Smáralind og Kringlunni frá 13-15

**Fimmtudaginn 19. ágúst**
Akureyri, í Smáralind og í Mjódd frá 16-18

**Föstudaginn 20. ágúst**
Eymundsson Hallarmúla frá 16-18




**BAKPOKAR**
*Þessir vönduðu frá Beckmann*
*Ótrúlegt verð:* **9.995 kr.**
Verð áður: 11.995

## *Ótrúlegur* SKIPTIBÓKAMARKAÐUR



**Erum með ótrúlega gott úrval af bókum á frábæru verði á skiptibókamarkaði Eymundsson – Stærstu skiptibókamarkaðarnir eru í Kringlunni, Smáralind og Akureyri. Verum ótrúlega skynsöm í ár og nýtum gömlu bækurnar.**

Gildir til og með 16.08.10 – meðan birgðir endast.

Eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872




Námsmenn okkar fá *betri* kjör og *meiri* fríðindi.

Nánari upplýsingar um Námsmannaþjónustu **Arion banka** fást hjá þjónusturáðgjöfum í útibúum okkar og á **arionbanki.is** eða í síma **444 7000**.




Arion banki



*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,*

**Árelía Þórdís Andrésdóttir,**

*Smyrlahrauni 45, Hafnarfirði,*

lést að morgni sunnudags 8. ágúst.

**Leifur Rósinbergsson**
**börn, tengdabörn og barnabörn.**



*Ástkæri faðir okkar, tengdafaðir, afi og bróðir,*

**Gunnar Finnsson**

rafvirki, Tryggvagötu 4,

lést mánudaginn 9. ágúst á líknardeild Landspítalans í Kópavogi. Útförin verður auglýst síðar.

**Eva Hlín Gunnarsdóttir** **Jökull Pálmar Jónsson**
**Hákon Darri Jökulsson**
**Marta Gunnarsdóttir** **Sigvaldi Lárus Guðmundsson**
**Elísabet Líf Sigvaldadóttir**
**Hildur Finnsdóttir** **Gunnar Gunnarsson**
**Eiríkur Finnsson** **Hafdís Þorvaldsdóttir**



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför ástkærrar eiginkonu, móður, ömmu, langömmu og systur,*

**Vilborgar Pétursdóttur, Vippu,**

*Skjólbraut 9a, Kópavogi.*

Sérstakar þakkir til Karitas hjúkrunarþjónustu, starfsfólks líknardeildar Landspítalans í Kópavogi og allra þeirra er önnuðust hana af alúð í veikindum hennar.

**Sigurður K. Haraldsson**
**Pétur Steinn Sigurðsson** **Jóhanna Eysteinsdóttir**
**Haraldur K. Sigurðsson** **Jóhanna L. Aðalsteinsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og systkini.**



*Þökkum innilega öllum þeim sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Svövu G. Sigmundsdóttur.**

**Jóhann M. Kristjánsson** **Unnur Arnardóttir**
**Margrét Kristjánsdóttir**
**Borghildur J. Kristjánsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Sérstakar þakkir til Dvalar- og hjúkrunarheimilisins Grund.

*Móðir mín,*

**Ingibjörg Ólafsdóttir,**

er látin. Jarðarförin hefur farið fram.

**Kristján Yngvi Karlsson**
**og aðstandendur.**

**LEIKKONAN DOMINIQUE SWAIN ER ÞRÍTUG**

*„Að mínu áliti eru dýr sköpuð til átu. Ég tek því hlutverk mitt í fæðukeðjunni alvarlega og háma í mig kjöt; því hrárra því betra. Ég er aðeins þeirrar skoðunar að dýrum skuli aldrei slátrað til þess eins að nýta feld þeirra.“*



***Dominique Swain lék Lólítu í samnefndri kvikmynd 1997. Hún er talsmaður dýraverndunarsamtakanna Peta.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 12. ÁGÚST 1975

## 1300 fá matareitrun



Um þrettán hundruð þátttakendur á kristilegu stúdentamóti í Laugardalshöll veiktust af matareitrun þennan ágústdag fyrir 35 árum, en aldrei hafa fleiri fengið matareitrun í einu hér á landi.

Kjúklingakássa með baunum var talin líklegasta orsökin, en alls voru þrjátíu fluttir á sjúkrahús eftir kvöldmatinn í Höllinni. Sumir veiktust nokkuð hastarlega, en eitrunin gekk tiltölulega fljótt yfir og ekkert tilfelli talið mjög alvarlegt. Fyrst eftir að veikindin gerðu vart við sig voru fjórir sjúkrabílar sendir út af örkinni og skiljanlega mikið að gera við að flytja sjúka. Almannavarnir voru tilbúnar ef með þyrfti og haft var eftir lækni á Landakoti að gott hefði verið að fá æfinguna.

FLENSBORGARKÓRINN: VANN FYRSTU VERÐLAUN Í ALÞJÓÐLEGRI KÓRAKEPPNI

# Uppspretta ævilangrar vináttu

„Það verður enginn samur eftir að hafa heimsótt Sankti Pétursborg og séð með eigin augum alla þá list sem þar hefur safnast saman,“ segir Hrafnhildur Blomsterberg, stjórnandi Flensborgarkórsins, sem í ágústbyrjun vann fyrstu verðlaun í flokki blandaðra kóra í alþjóðlegri kórakeppni í Rússlandi.

„Söngfólkið er yfir sig sælt með sigur í sinni fyrstu keppnisferð. Ég vissi satt að segja ekki hverju ég ætti von á því ég hafði aldrei áður farið til Rússlands með kór. Viðmiðin eru ólík hverju sinni en nú var leitað eftir hljómi og túlkun tónlistarinnar, eigin stíl, framkomu á sviði og breidd efnisskrárinnar sem voru stífl settar skorður. Eftir að sigur var í höfn kom í ljós að þyngst vó einstakur hljómur kórsins, textameðferð hans, hreinleiki, túlkun og víðtækt efnisprógramm,“ segir Hrafnhildur himinglöð.

Flensborgarkórinn er kór útskrifaðra nemenda frá Flensborgarskólanum. „Ég stofnaði skólakór Flensborgar fyrir ellefu árum og var fljótlega hvött til að stofna framhaldskór, en af því varð ekki fyrr en haustið 2008. Frá upphafi hafa svo verið um tíu prósent nemenda í skólakórnum og nú eru í honum 80 söngvarar,“ segir Hrafnhildur, en í framhaldskórnum eru þrjátíu söngvarar á aldrinum 20 til 30 ára.



**SIGURGLAÐIR SÖNGFUGLAR** Hrafnhildur Blomsterberg stjórnandi með glaðbeittum sigurvegurum.

MYND/BERGLIND INGIBERTSDÓTTIR

Alls var 37 kórum boðið til keppni í The VI International Competition of Choral Arts - The Singing World - að þessu sinni. Keppnin þykir afar sterk á heimsvísu og er dæmd af sjö manna alþjóðlegri dómnefnd. Auk þess að keppa í kórsöng hélt Flensborgarkórinn tvenna tónleika fyrir fullu húsi.

„Í Cathedral of Assuption of Virgin Mary var hljómburðurinn svo fullkomlega fagur að ég upplifði þá yndislegustu tónleika sem ég hef haldið um dagana. Tónlistarunnendur Pétursborgar sækja tónleika kórakeppninnar mjög þétt og okkar stærsta upplifun var að syngja fyrir fullu húsi þar sem var hrópað, klappað og staðið upp, en þó á svo agaðan hátt,“ segir Hrafnhildur.

„Það er virkilega eftirsóknarvert að syngja í kór og ungu fólki af báðum kynjum þykir sjálfsagt að sækja um þótt miklu færri en vilja komist að. Kórstarfi fylgir gífurlegur félagsskapur og margir verða vinir fyrir lífstíð. Að ferðast með slíkum vinahópi er dásamlegt og punktúrinn yfir i-ið að fara jafn frækna fyrstu ferð.“

**thordis@frettabladid.is**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Gunnar Guðmundsson**

Suðurgötu 34, Siglufirði,

lést á heimili sínu mánudaginn 9. ágúst. Útförin fer fram frá Siglufjarðarkirkju fimmtudaginn 19. ágúst kl. 14.00.

**Sóley Anna Þorkelsdóttir**
**Birgir Gunnarsson** **Þorgerður Sævarsdóttir**
**Margrét Gunnarsdóttir** **Gunnar Árnason**
**Sóley Anna Pálsdóttir** **Ólafur Björnsson**
**Sævar Birgisson**
**Gunnar Birgisson**
**Birgitta Birgisdóttir**
**Sylvía Rán Ólafsdóttir**



*Yndislegi maðurinn minn, stjúpfaðir, sonur, bróðir og mágur,*

**Gunnar Magnússon**

Goðheimum 4, Reykjavík,

lést sunnudaginn 8. ágúst.

**Ásta Agnarsdóttir**
**Rúnar Máni Gunnarsson** **Eydís Magnúsdóttir og synir**
**Davíð Snævar Gunnarsson** **Ragnhild Svellingen og synir**
**Tinna Dögg Gunnarsdóttir og börn**
**Ingibjörg S. Gunnarsdóttir**
**María M. Magnúsdóttir** **Bergur Stefánsson og synir**



*Elskulegur eiginmaður, faðir, afi og langafi,*

**Benedikt Gröndal**

fyrrv. forsætisráðherra,

sem lést þriðjudaginn 20. júlí sl., verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni föstudaginn 13. ágúst kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hans er bent á Krabbameinsfélagið.
F.h. aðstandenda,

**Heidi Jaeger Gröndal**
**Jón Gröndal** **Dorothea Emilsdóttir**
**Einar Gröndal** **Guðrún Guðmundsdóttir**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Arthúr Pétursson**

bóndi, Syðri Vík Vopnafirði,

sem lést á Landspítalanum við Hringbraut fimmtudaginn 5. ágúst, verður jarðsunginn frá Vopnafjarðarkirkju laugardaginn 14. ágúst kl. 14.00.

**Kristín Brynjólfsdóttir**
**Ásdís Arthúrsdóttir**
**Svanur Arthúrsson** **Monserat Arlette**
**Brynhildur Arthúrsdóttir** **Guðbrandur Stígur Ágústsson**
**Margrét Arthúrsdóttir** **Heiðar Kristbergsson**
**og barnabörn.**

**TÍSKUHÖNNUÐURINN MARC JACOBS** mun líklega hanna tískulínu fyrir konur sem nota stærðina 14 og þar yfir. Hann yrði þá fyrsti hátískuhönnuðurinn sem þorir að taka þetta mikilvæga skref.



FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar** **Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447

ÚTSALA
www.gabor.is
Sérverslun með
Gabor xena
FÁKAFENI 9 - - Sími: 553 7060
Opið mánud-föstud. 11-18 & laugard. 11-16

Fyrir útivistarfólk
Compeed plásturinn
• Verndar fætur og hindrar blöðrumyndun
• Vatnsheldur - vörn gegn bakteríum
• Dregur úr óþægindum og sársauka
Fæst í apótekum

VERÐ-HRUN
60–80% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM OG SKÓM
hjá Hafnhildi
Sími 581 2141 • www.hjahrafnhildi.is



Þorgerður Edda Eiríksdóttir er í Bítlabol undir köflóttu skyrtunni en hún segist halda mikið upp á hljómsveitina. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Bretarnir í skólabúningi

**Þorgerður Edda Eiríksdóttir segist ganga í gegnum mismunandi tískutímabil og er ekki föst í einum stíl. Henni finnst stelpurnar í Menntaskólanum í Reykjavík vel til hafðar og finnst því gaman að vera fín þar.**

„Ég er í Cheap Monday-buxum og köflóttri, gulri og svartri skyrtu yfir Bítlabol,“ segir menntaskólaneminn Þorgerður Edda Eiríksdóttir sem segist halda talsvert mikið upp á Bítlana. „Ég get alveg sagt að þetta séu svolítil uppáhaldsföt. Mér finnst þessi skyrta líka þægileg og bolurinn flottur.“

En hvernig myndirðu lýsa stílnum þínum? „Hann er afslappaður, svolítið „vintage“ og rokkaður núna upp á síðkastið,“ segir Þorgerður og bætir við að hún breyti oft um stíl. „Ég er ekkert endilega föst í einhverjum ákveðnum stíl. Ég á tímabil þar sem ég er bara í blómapeysum og núna er smá rokktímabil.“

Þorgerður segist fylgjast mikið með tísku. „Já, mér finnst mjög gaman að fylgjast með og ég skoða blöð og tískusíður,“ upplýsir Þorgerður sem segir talsverðan tíma fara í áhugamálið. Hún segir áhugann þó hafa aukist eftir að hún byrjaði í framhaldsskóla en hún gengur í Menntaskólann í Reykjavík. „Það eru allir svo fínir í skólanum svo það er gaman að vera fínn. Stelpur mæta alltaf í kjól og háhæluðum skóm en í grunnskóla mættu þær oftast í einhverjum joggingbuxum og hettupeysu.“

Þorgerður fór í enskuskóla til Englands í tvær vikur í sumar. Hvernig finnst þér munurinn á tískunni í Englandi og hér heima? „Það er ekki alveg sama tískan. Þeim fannst fötin sem við göngum í mjög skrýtin,“ segir Þorgerður og útskýrir það nánar: „Þau voru oft að spyrja okkur um plastskóna sem eru vinsælir hér heima en þar var enginn í svoleiðis skóm. Allir bresku krakkarnir sem við sáum voru líka alltaf í skólabúningi.“

*martaf@frettabladid.is*

SUMAR ÚTSALA
Gerið gæða- og verðsamanburð
6 mánaða vaxtalausar greiðslur
Svefn & heilsa
www.svefn.is

20-50%
AFSLÁTTUR
Lök, hlífðardýnur, sængurverasett, heilsukoddar, viðhaldskoddar, íslenskir PU leðurgaflar, náttborð, útlitsgallaðar dýnur og fleira.

Ný sending
SAGA OG ÞÓR
Hágæða heilsudýnur
SAGA Queen rúm, nú aðeins 129.900
ÞÓR Queen rúm, nú aðeins 149.900

IQ-CARE
Ein besta heilsudýna í heimi
Queen rúm nú aðeins kr. 179.900

VALHÖLL/FREYJA
Ný sending
Góð rúm á frábæru verði
Queen rúm, nú aðeins kr. 99.900



**VERSACE** hefur sett á markað sannkallaðan glæsisíma undir nafninu Versace Unique. Stykkið kostar 6.500 dollara en gullbryddaður kostar hann 8.000 dollara.

# Allt er leyfilegt

**Útsöluvörurnar eru nú óðum að víkja fyrir nýjum haustvörum og þá er gaman að kíkja í búðir.**

Haustvörurnar eru víðast hvar komnar í hús og er spennandi að sjá glitta í tískuna fyrir veturinn. Fallegir kjólar eru á hverju strái og ræður fjölbreytnin ríkjum. Sumir eru einlitir, aðrir munstraðir, sumir stuttir en aðrir skósíðir.

Síðir kjólar hafa reyndar átt vinsældum að fagna víða vestanhafs undanfarin misseri en hafa ekki náð sömu fótfestu hér á landi. Það er þó aldrei að vita nema íslenskar konur taki nú við sér.

*vera@frettabladid.is*



Þrír smárar í Smáralind 7.990 krónur.

Þrír smárar 6.990 krónur.



Warehouse 22.990 krónur.

Warehouse 19.990 krónur.

Warehouse 10.990 krónur.

Þrír smárar 8.990 krónur.


BASLER

Allar buxur á útsölu á 50% afslætti

Parísar TÍZKAN
Tízkuhús, stofnsett 1963

Basler • Skipholti 29b • S. 551 0770

Súper sumar smellur!
Handsnyrting með lökkun
Fótsnyrting með lökkun
Litun og plokkun,
Allt þetta á aðeins 10.900 kr.
Gildir alla virka daga í ágúst 2010

DONG FANG SALON



FLOTT Í SUMAR...
Áratuga reynsla og rannsóknir sýna að Slendertone virkar



Nýtt og enn öflugra
System +
fyrir dömu og herra
kr. 34.995,-
NÝTT

Sama verð um land allt - frí heimsending fyrir utan höfuðborgarsvæðið

allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is

TRIND
Avallt No 1



Nákvæmar íslenskar leiðbeiningar á www.Trind.com
Útsölustaðir: Apótek og snyrtivöruverslanir




Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500 Akureyri: Hofsbót 4, s: 462 3504




VORUM AÐ OPNA FULLA BÚÐ AF GLÆSILEGRI HAUSTVÖRU

TUZZI
KRINGLUNNI
SÍMI 5688777

## ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR
Bergþór Bjarnason skrifar frá París



# Í sama klefa

Mátunarklefar eru oftar en ekki nauðsynlegur viðkomustaður áður en ákvörðun er tekin um fatakaup. Klefarnir eru hins vegar eins margir og þeir eru misjafnir, því miður ansi oft í aumu ástandi. Hver man ekki eftir að hafa séð mátunarklefa með rykhnoðrum í öllum hornum og rifnum tjöldum, svo ekki sé minnst á enn verri hluti sem finnast í klefunum. Jafnvel í fínni verslunum eða stóru magsínunum eins og le Bon Marché eða Printemps í París geta mátunarklefar verið langt frá því að standast lágmarkskröfur um hreinlæti og útlit þó þeir hafi einmitt verið fundnir upp í stóru magasínunum snemma á 20. öld. Mátunarklefar eru mælikvarði á hvort viðkomandi fyrirtæki stendur sig eða ekki í að taka á móti viðskiptavininum, þar sem snert er á hjarta verslunarinnar en um leið á eins viðkvæmum hlutum og að afklæða sig og máta ný föt. Huggulegheit og rúmt pláss á þessu viðkæma augnabliki eru því eitthvað sem fjölmargar misjafnlega fínar verslanir hafa engan metnað lagt í.

Ástæðan fyrir þessum litla metnaði gagnvart mátunarklefum er oftast einföld, það er að hagnaður er oftast reiknaður út eftir innkomu á fermetra og mátunarklefar ekki taldir með í útreikningi hans því þeir skila engu. Auðvitað algjör misskilningur því ákvarðanir eru einmitt teknar í mátunarklefunum. Speglar eru gjarnan fyrir utan klefana þannig að viðskiptavinurinn neyðist til að fara út til að sjá hvort flíkin passi. En það er þó ekki aðeins til þess gert að neyða viðskiptavininn til þess að hlusta á lygasögur sölufóksins um hvað flíkin passi vel og geri mikið fyrir viðkomandi þó það sé sjálfsagt einnig markmiðið. Ef samband skapast milli sölumanneskjunnar og kaupandans er stundum komið í veg fyrir mistök og jafnvel stór tískuslys, allt eftir því hversu sölumaðurinn er heiðarlegur og hvort hann er tilbúinn til að segja sannleikann. Þannig er hægt að bjóða rétta stærð eða allt aðra flík ef hún passar líkamsgerð viðkomandi alls ekki.

En það er enn von í þessum málum. Sífellt meira er verslað á Netinu þar sem auðvitað er ekkert hægt að máta nema þá með því að skapa sér tvífara á heimasíðu seljandans með brjóstmáli, hæð, þyngd og fleiru sem hefur svo það hlutverk að máta. Vandamálið er þó að þessi ímyndaða mátun er mjög ónákvæm. Metnaðarfullar verslanir og fínu tískuhúsin leggja nú meira en áður í mátunarklefana og reyna jafnvel nýjungar. Hjá hönnuðinum Agnès B. er í sumum verslunum mátað í hópklefa sem er innréttaður eins og búningsherbergi. Þannig er viðskiptavinum boðið að kynnast og gefa hver öðrum álit sitt meðan á mátun stendur. Ekki þó gott fyrir feimna þetta fyrirkomulag.

bergb75@free.fr



Sarah Jessica Parker og Donna Karan völdu báðar gráa kjóla á frumsýningu þáttanna The Big C. NORDICPHOTOS/AFP

# Gráir kjólar vinsælir

SARAH JESSICA PARKER MÆTTI Á FRUMSÝNINGU ÞÁTTANNA THE BIG C Á HEIMILI HÖNNUÐARINS DONNU KARAN UM HELGINA.

Á frumsýningu þáttanna klæddist Parker brúndröppuðum jakka hönnuðum af Donnu Karan og stuttum gráum kjól. Hún valdi flatbotna, einfalda gyllta sandala við.
Getsgjafinn sjálfur, Donna Karan, valdi einnig gráan kjól og flatbotna skó við sama tilefni. Hún bar einnig áberandi hálsmen. Karan hafði góða ástæðu til að opna heimili sitt fyrir þekktum stjörnum á borð við Parker, eiginmann hennar Matthew Broderick, Mörthu Stewart og leikurum þáttanna, en þeir fjalla um móður í úthverfi sem greinist með krabbamein. Karan missti bæði eiginmann sinn og góðan vin úr krabbameini. Laura Linney leikur eitt aðalhlutverkið í The Big C og var áberandi á frumsýningunni í rauðum Valentino-kjól. Hún gat þó ekki horft á sjálfa frumsýninguna. Haft var eftir henni að hún ætti erfitt með að horfa á sig. - mmf


## Háreyðingavax sem hægt er að hita í örbylgjuofni og einnig vaxstrimlar




SÚKKULAÐIVAX
HAFRAVAX
SÚKKULAÐISTRIMLAR F. ANDLIT OG LÍKAMA

*ATH. Súkkulaðivax hentar vel fyrir viðkvæma líkamshluta*
**ÚTSÖLUSTAÐIR:** Apótek og snyrtivöruverslanir

## Sundleikfimi:
Okkar frábæra sundleikfimi er að hefjast á ný í sundlaug Hótel Loftleiða.
Kennt er á mánud. og miðvikud. kl. 20.00.
Eldri borgarar á þriðjud. og fimmtud. kl.13.30.
Vinsamlega skráið ykkur fyrir 19. ágúst.
Námskeiðin standa í 8 vikur.

Kveðja,
starfsfólk sundlaugar
Hótel Loftleiða.
Sími: 444-4085 / 662-0485

DONG FANG SALON

## Útsalan heldur áfram
Borðdúkar með 30-50% afslætti



Skoðaðu úrvalið í vefverslun
www.lindesign.is
Lín DESIGN
Lín Design - gamla sjónvarpshúsið - Laugavegi 176 - Sími 533 2220 - www.lindesign.is

TT námskeið
Stelpur Konur
Staðurinn - Ræktin

# Viltu ná kjörþyngd og komast í form?
## Innritun í fullum gangi! Sími 581 3730

TT námskeiðin okkar sívinsælu, frá toppi til táar, miðast við að veita konum leiðsögn um lífshætti sem skila árangri. Þau byggjast á áralangri reynslu og fela í sér leiðbeiningar um mataræði, líkamsbeitingu, fundi, vigtun og mælingar.

TT námskeiðin standa yfir í sex vikur. Þrjá tíma í viku er stunduð markviss líkamsrækt sem eflir þol og styrk og tekur mið af einstaklingsbundinni getu. Vigtað er í hverjum tíma og mælingar gerðar þrisvar á tímabilinu. Fundur er haldinn einu sinni í viku.

Við veitum persónulega þjónustu í notalegu umhverfi þar sem algjör trúnaður ríkir.

| TT tímar í boði: | | | |
|---|---|---|---|
| 6:15 | A | mánu-, miðviku- og föstudagar | |
| 7:20 | C | mánu-, miðviku- og föstudagar | |
| 10:15 | D | mánu-, miðviku- og föstudagar | Barnapössun |
| 12:05 | F | mánu-, miðviku- og föstudagar | Barnapössun |
| 14:20 | G | mánu-, miðviku- og föstudagar | |
| 16:40 | H | mánu-, miðviku- og föstudagar | Barnapössun |
| 17:40 | I | mánu- og þriðjud, fimmtud 18:25 | Barnapössun |
| 18:40 | J | mánud, - miðvikud 19:25 og lau 8:30 | |
| 18:25 | TT3 | Mánu- og miðvikud - (16-25 ára) | |

NÁMSKEIÐUM FYLGIR FRJÁLS MÆTING Í TÆKJASAL

Fundur fyrir alla flokka sunnudaginn 22. ágúst kl. 16:00 og 17:00

**Velkomin í okkar hóp!**

DANSRÆKT JSB
leggur línurnar

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 • jsb@jsb.is • www.jsb.is

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

# ÚTSÖLULOK AÐEINS 4 VERÐ




• 1000
• 2000
• 3000
• 5000

Nýjar vöru koma á föstudag

FLASH
Laugaveg 54,
sími: 552 5201



12 kg
Þvottavél og þurrkari
· Tekur 12 Kg · Hljóðlát
· Stórt op > auðvelt að hlaða
· Sparneytin
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS



Meirapróf

ÖKU SKÓLINN Í MJÓDD
Upplýsingar og innritun í síma 567 0300 / 894-2737
NÝTT NÁMSKEIÐ HEFST 25/8



ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA
AÐEINS FJÖGUR VERÐ Í BÚÐINNI
50–70% AFSLÁTTUR
1.990 • 3.990 • 4.990 • 5.990
NÝ SENDING AF SKOKKUM BEINT Á ÚTSÖLUNA
MINDX
Sími 534 0073
Erum með opið á lau. kl. 11–16
Við erum á fyrstu hæðinni í Firði.
FJÖRÐUR www.fjordur.is




Þær Guðmunda og Tinna byrjuðu á því að sauma boli upp úr gömlum efnum.



Í versluninni fást kjólar, bolir, leggings, hettupeysur og skart.



Tinna Rós og Guðmunda Sjöfn fóru hægt af stað en eru nú sífellt að auka við úrvalið.

# Byrjuðu á bútabolum

**Þær Guðmunda Sjöfn Magnúsdóttir og Tinna Rós Þorsteinsdóttir opnuðu hönnunarverslunina Origami á Akranesi fyrir skemmstu. Þær taka líka að sér saumaskap og hefur verið tekið fagnandi á Skaganum.**

Hönnunarverslunin Origami var opnuð á Akranesi hinn 17. júní síðastliðinn og fékk strax góðar viðtökur frá bæjarbúum, raunar svo góðar að verslunin tæmdist á fyrsta degi. „Okkur þótti viðeigandi að opna á þjóðhátíðardaginn enda eingöngu með íslenska hönnun í versluninni. Fólk var í fríi, hafði tíma til að líta við og búðin fylltist af fólki,“ segir Guðmunda Sjöfn Magnúsdóttir, annar eigandi verslunarinnar. Þar fást föt sem hún og Tinna Rós hanna undir nafninu Topi di pelo, ásamt íslensku skarti og fylgihlutum sem þær eru með í umboðssölu fyrir aðra hönnuði. Þá eru þær með saumaþjónustu og taka að sér alls kyns saumaskap og viðgerðir.

Þær Guðmunda og Tinna Rós fóru að vinna saman fyrir um það bil ári en fóru varlega af stað. „Við vorum báðar atvinnulausar og byrjuðum á því að sauma upp úr gömlum fötum þar sem við höfðum ekki úr öðru að moða,“ segir Guðmunda sem er með sveinspróf í kjólasaumi. Úr urðu þrenns konar bolir sem ganga undir nöfnunum nippon, origami og sun rise. „Þetta eru eins konar bútabolir og við byrjuðum á því að hengja þá upp á vegg í kaffihúsinu Skrúðgarðinum hér á Akranesi. Það vakti lukku og þeir seldust vel. Í kjölfarið stofnuðum við Facebook-síðu og fórum að bæta við okkur hettupeysum, kjólum og leggings. Síðar fórum við á frumkvöðlanámskeið hjá Vinnumálastofnun og fengum meðal annars aðstoð við að gera viðskiptaáætlun og ákváðum í kjölfarið að opna búð. Nú notum við ný og gömul efni í bland og erum þegar farnar að leita að umboðsaðilum fyrir merkið okkar í Reykjavík og víðar.“

Þær Guðmunda og Tinna eru sífellt að prófa sig áfram með nýja hluti og í kvöld milli 20 og 22 verða þær með kynningu á sérstökum brjóstagjafarpeysum.

*vera@frettabladid.is*



Coco Chanel kom á árunum 1920 til 1930 með prjónaefni (jersey) á markað en það hafði áður verið notað í sportfatnað og herraundirfatnað. Nýtt orð var haft yfir þennan stíl, nýfátækt eða fátæklegi lúxusinn.

**Tíska aldanna**



ÚTSALAN
ENN Í FULLUM GANGI
30%-50%
afsláttur af útsöluvörum
50% AUKA- AFSLÁTTUR af útsöluvörum (reiknast við kassa)

Flott föt fyrir flottar konur, belladonna Stærðir 40-60.
Skeifunni 11 • 108 Reykjavík • Sími: 517-6460 • Fax: 517-6465
www.belladonna.is

# Fartölvur

Sérblað • Fimmtudaginn 12. Ágúst 2010

























| | |
|---|---|
| Tegund | HP dv6-2110 |
| Vörunúmer | WH551EA |
| Skjár | 15.6" HD LED Brightview (1366x768) |
| Örgjörvi | AMD Turion II Dual Core M520 |
| Vinnsluminni | 4 GB |
| Harður diskur | 640 GB 5400 rpm |
| Skjákort/stýring | 1GB skjákort, ATI Radeon™ HD 4650 |
| | Sjónvarpskort og fjarstýring |
| Ábyrgð | 2ja ára HP ábyrgð, 1 ár á rafhlöðu. |
| | 169.900 |



| | |
|---|---|
| Tegund | HP G62-a16 |
| Vörunúmer | XA819EA |
| Skjár | 15.6" HD LED Brightview (1366x768) |
| Örgjörvi | Intel® Pentium® P6000 processor |
| Vinnsluminni | 4GB |
| Harður diskur | 320GB 7200 rpm |
| | Intel® HD-grafik |
| Ábyrgð | 2ja ára HP ábyrgð, 1 ár á rafhlöðu. |
| | 119.900 |



| | |
|---|---|
| Tegund | HP G62-a14 |
| Vörunúmer | XC737EA |
| Skjár | 15.6" HD LED Brightview (1366x768) |
| Örgjörvi | AMD Athlon II P320 |
| Vinnsluminni | 4 GB |
| Harður diskur | 500GB 7200 rpm |
| | ATI Mobility Radeon™ HD 4250 skjástýring |
| Ábyrgð | 2ja ára HP ábyrgð, 1 ár á rafhlöðu. |
| | 139.900 |

OK búðin

# Útlit tölvunnar skiptir máli

**HP fartölvur taka á sig æ ferskara útlit. Nýjasta línan er með hamraðri áferð og til í nokkrum litum. Ólafur Tryggvason, vörustjóri neytendalausna hjá Opnum kerfum, er vel meðvitaður um þarfir markaðarins.**



Ólafur Tryggvason vörustjóri innan um nýjustu tölvurnar sem eru í svokallaðri G-línu og eru til í þremur litum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Fartölvur eru almennt orðnar mjög öflugar en nú er að hefjast skemmtileg þróun í útliti þeirra. Fólki finnst það líka orðið skipta miklu máli hvernig fartölvu það er með, hvað varðar útlit, stærð og þyngd," segir Ólafur. Hann getur þess að svipuð þróun sé að eiga sér stað á fartölvumarkaðinum og varð í farsímageiranum. „Maður ólst upp með kassalaga farsímum sem voru lítið fyrir augað en síðar fóru símarnir út í að verða hönnunarvara," segir hann. „Fólk skiptir kannski ekki um fartölvu jafn oft og farsíma en það verður samt að „fíla lúkkið"," bætir hann við.

Ólafur segir talsverðan mun á útliti og búnaði fartölva sem notaðar séu í fyrirtækjum og hinum sem einstaklingar velja. Svo lýsir hann helstu nýjungum á þessu sviði. „HP kom í haust með nýja línu af fartölvum sem kallast G-línan. Þær eru í 15,6" stærð og verða til í þrenns konar tæknilegum og útlitslegum útfærslum. Þær eru með hamraðri áferð og til í þremur litum, svörtum, silfurlitum og svokölluðum biscotti-lit – ljósgullinbrúnum." Hann nefnir líka öflugri útgáfu af HP sem kallast Pavillion. „Það eru 15,6" tölvur en eru meðal annars með sjálfstæðu skjákorti og henta því vel til grafíkvinnu og fyrir tölvuleiki," lýsir hann.

Fartölvur í dag eru í stærðum frá 10" upp í 17" að sögn Ólafs. Sú síðastnefnda þótti góð í borðtölvum fyrir fáum misserum. Ef horft er til skólafólksins segir hann 13-15 tommu tölvur þykja meðfærilegastar. „Maður sér að fólk sem er orðið vant því að nota tölvur við skólavinnu fer frekar í minni tölvurnar," segir hann. „Ein af nýjungunum er 13" vél sem hentar þeim sem eru í mikilli glósuvinnu. Hún er lítil og nett en þó með alveg 100% fullri stærð lyklaborðs og stendur stærri vélunum ekkert að baki í innihaldslýsingu. Er samt sem áður léttari, yfirleitt undir tveimur kílóum og með frábærri rafhlöðuendingu." Hann getur í lokin um 10 tommu fartölvur, sem hann segir vera hálfgerðar „kaffihúsavélar". Skyldi fólk ekki þurfa að hafa netta putta til að pikka á þær? „Nei, þeir hjá HP hafa verið ansi lunknir að koma fyrir lyklaborðum í góðri stærð," fullyrðir Ólafur. „Þeir sem sækja í þær vélar eru helst þeir sem eru mikið á ferðalögum og vilja geta verið með vél sem þeir taka upp hér og þar og allsstaðar."

## HP TÖLVUBÚNAÐUR OG ÞJÓNUSTA UM ALLT LAND




Opin kerfi, dreifingar- og þjónustuaðili HP á Íslandi, tryggja landsmönnum aðgengi að HP tölvubúnaði og þjónustu með nánu samstarfi við söluaðila um allt land.

# www.okbudin.is: Einföld og þægileg leið til að versla

Samhliða því að reka OK búðina reka Opin kerfi einnig vefverslunina www.okbudin.is. Þar er hægt að nálgast alla vöruflokka og vöruúrval búðarinnar á auðveldan hátt, bera saman vörur, ganga frá pöntun og fá vörurnar sendar heim að dyrum. Á www.okbudin.is má sjá yfirlit yfir tilboð sem eru í gangi á hverjum tíma, nýjar vörur og það sem fréttnæmt er. Sækja má vörur beint á lager Opinna kerfa að Höfðabakka 9 eða fá þær sendar heim. Heimsending með Íslandspósti er kaupanda að kostnaðarlausu ef pantað er fyrir 7.500 kr. eða meira. Pöntunum af landsbyggðinni er komið daglega til flutningsaðila.

Vefverslunin www.okbudin.is er einnig þjónustuvefur þar sem viðskiptavinir geta nálgast ýmsar upplýsingar um viðskipti sín við búðina, yfirlit yfir pantanir og tilboð, afrit af reikningum, þjónustubeiðnir og fleira.

Vefurinn er í stöðugri þróun. Nýjum eiginleikum er bætt við reglulega og nýlega var útlit vefjarins fært í nútímalegra horf og aðgengi hans bætt til muna. Við hvetjum alla til að kynna sér vefinn á www.okbudin.is. Það kostar ekkert að skrá sig og byrja að skoða!




Á www.okbudin.is er hægt að nálgast alla vöruflokka og vöruúrval búðarinnar á auðveldan hátt.

# Íslendingar eru mjög fljótir að taka við sér

**OK-búðin opnaði á vormánuðum en þar er að finna breitt vöruúrval í stílhreinu umhverfi.**

Opin kerfi opnuðu nýja verslun í húsnæði félagsins að Höfðabakka 9 í maí og fékk hún nafnið OK búðin. Hún er liður í þeirri stefnumörkun félagsins að leggja aukna áherslu á einstaklingsmarkað, við hlið hins hefðbundna reksturs þar sem áhersla hefur verið á sölu og þjónustu við fyrirtæki og stofnanir. Viðtökurnar hafa verið framar vonum.

„Þetta er tölvubúð einstaklingsins og fagmannsins enda erum við með all frá heimilis- og skólatölvum upp í kröftugar fyrirtækja- og grafíkvinnslutölvur," segir Sævar Haukdal, viðskiptastjóri neytendavöru hjá Opnum kerfum. „Við leggjum höfuðáherslu á tölvubúnað og prentara frá HP. Því til viðbótar bjóðum við tölvu- og hugbúnað og fylgihluti frá Apple, Cisco og Microsoft". Sævar segir mikla áherslu lagða á tilbúinn notendabúnað en síður á ósamsettar vörur en þannig er rekstraröryggi búnaðarins betur tryggt."

Verslunin er stílhrein og öll hin glæsilegasta og tók hönnun hennar mið af því sem þekkist hjá HP, Apple og Microsoft enda rík áhersla á upplifun viðskiptavinarins. Sævar segir að ákveðið hafi verið að opna á tiltölulega rólegum tíma og fara hægt af stað en að það hafi í raun verið brjálað að gera allt frá fyrsta degi. Eru Íslendingar ekki líka sérsaklega tölvuvædd þjóð? „Jú en auk þess hefur HP-vörumerkið skapað sér virtan sess og um leið og það er gert sýnilegra tekur fólk við sér."

Sævar á von á því að mikið verði um að vera næstu vikurnar enda skólavertíðin að hefjast. „Þetta er stærsti einstaki sölutíminn á fartölvum enda mikið um að framhalds- og háskólanemar kaupi þær fyrir skólann. Þá erum við með mikið úrval af prenturum og öðru sem kemur skólafólki vel."



Verslunin er stílhrein og er rík áhersla lögð á upplifun viðskiptavina. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




| | |
|---|---|
| Tegund | HP dm3-1125 |
| Vörunúmer | VX850EA |
| Skjár | 13,3" HD LED Brightview (1366x768) |
| Örgjörvi | AMD Athlon Neo X2 Dual Core Ultrathin L335 |
| Vinnsluminni | 4 GB |
| Harður diskur | 500 GB 7200 rpm |
| Skjákort/stýring | 512 MB skjákort, ATI Mobility Radeon™ HD 4330 |
| Ábyrgð | 2ja ára HP ábyrgð, 1 ár á rafhlöðu. 159.900 |



| | |
|---|---|
| Tegund | HP dv6-2133 |
| Vörunúmer | WJ241EA |
| Skjár | 15.6" HD LED Brightview (1366x768) |
| Örgjörvi | AMD Athlon II Dual Core M320 |
| Vinnsluminni | 4 GB |
| Harður diskur | 500 GB 7200 rpm |
| | 1GB skjákort, ATI Radeon™ HD 4650 |
| Ábyrgð | 2ja ára HP ábyrgð, 1 ár á rafhlöðu. 159.900 |



| | |
|---|---|
| Tegund | HP dv6-2155 |
| Vörunúmer | WE029EA |
| Skjár | 15.6" HD LED Brightview (1366x768) |
| Örgjörvi | Intel Core i5 430M |
| Vinnsluminni | 4GB |
| Harður diskur | 640GB 5400 rpm |
| | 1GB skjákort, NVIDIA GeForce™ GT 230M |
| Ábyrgð | 2ja ára HP ábyrgð, 1 ár á rafhlöðu. 219.900 |

OK búðin



Betra er að hafa einbeitinguna í lagi í leikjunum. NORDICPHOTOS/GETTY

# Tölvuleikjamót í HR

HRingurinn er tölvuleikjamót sem haldið er árlega af Tvíund, nemendafélagi tölvunarfræðinema við Háskólann í Reykjavík og fer fram nú 13. til 15. ágúst í nýju húsnæði skólans í Nauthólsvík. Mótið er opið almenningi og er fjáröflun fyrir rekstur nemendafélagsins. Það verður í gangi allan sólarhringinn en keppnirnar eru að degi til.

Mótið er riðlakeppni þar sem keppt verður í þremur tölvuleikjum sem allir eru fyrstu persónu skotleikir. Þeir eru Counter-Strike 1.6, Counter-Strike: Source og Call of Duty 4. Þeir sem vilja spila aðra leiki eða hafa það rólegra geta skráð sig sem einstaklingar og verið óbundnir af mótstilhögun.

Í ár stefnir í að þeir sem taka þátt í riðlakeppninni verði 110 talsins. Enn er mögulegt að fleiri einstaklingar komi inn þar sem skráning er opin fram á föstudag. Tuttugu og fimm lið eru skráð til leiks þegar þessi frétt er skrifuð, síðdegis á miðvikudegi.

Nánari upplýsingar eru á http://hringurinn.net.

*- gun*



Til eru ýmis forrit sem auðvelda foreldrum að fylgjast með netnotkun barna sinna en best er að komast að samkomulagi enda er yfirleitt hægt að finna leið fram hjá slíkum kerfum ef viljinn er fyrir hendi.

# Fæstir eiga í vandræðum

**Ýmsar leiðir eru til að fylgjast með netnotkun barna og unglinga en allra best er að upplýsa til komast að samkomulagi um notkun.**

Tölvu- og netnotkun opnar óteljandi möguleika en skapar líka hættur og þá sérstaklega þegar um óhörðnuð börn og unglinga er að ræða. Guðberg K. Jónsson, verkefnastjóri SAFT, var tekinn tali og spurður um eftirlit með netnokun barna og unglinga og siðferði á Netinu.

„Flest börn og unglingar eiga ekki í nokkrum vandræðum á Netinu og umgangast það fyrst og fremst sem afþreyingar- og upplýsingatæki. Það eru til ýmis tæki og tól til að stjórna netnotkun þeirra en við hjá SAFT leggjum höfuðáherslu á að það sé skilningur og samkomulag á milli barna og foreldra um hvernig eigi að nota Netið.“ Guðberg segir þó hægt að loka á ákveðnar síður. „Þjónustuaðilar geta lokað á tilteknar síður en auk þess bjóða þeir í auknum mæli upp á það að foreldrar geti sjálfir stýrt hvaða síður eru opnar og hverjar ekki.“ Guðberg segir þjónustuaðila eins og Símann og Vodafone kaupa aðgang að gagnagrunnum sem geyma síður sem innihalda efni sem einungis er ætlað fullorðnum og er hægt að stýra notkun inn á þær. „Þá eru til ýmis konar forrit sem hafa verið þróuð og markaðssett til að auðvelda foreldrum að stjórna netnotkun barna en því miður er það svo að yfirleitt er hægt að finna leið fram hjá þeim. Það er jafnvel til í dæminu að menn skemmti sér við að auglýsa hvernig það er gert.“



Guðberg segir flest börn og unglinga ekki eiga í nokkrum vandræðum á Netinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Guðberg segir líka hægt að fylgjast með því hvaða síður eru heimsóttar og í hvað tölvan er notuð. Það er meðal annars hægt í Explorer auk þess sem hægt er að setja upp sérstakt Spyware í tölvuna. Þá er foreldrastjórnunarkerfi innbyggt í nýja stýrikerfið hjá Microsoft en eins og fyrr segir þá leggur SAFT höfuðáherslu á að foreldrar leggi línurnar með börnum sínum og komist að samkomulagi um notkun þeirra.

Inntur eftir siðferði barna og unglinga þegar kemur að því að stela tónlist og myndefni á Netinu segir Guðberg það erfitt viðfangs. „Hótanir um lögsóknir hafa ekki borið árangur og virðist þurfa eitthvað annað. Hugsanlega er fjarðlægðin á milli listamannsins, hvort sem það er tónlistarmaður eða leikstjóri, slík að notendur gera sér ekki grein fyrir afleiðingunum.“ En hvað er þá til ráða? „Mér finnst auglýsingarnar sem voru framleiddar eftir að Næturvaktinni var halað ólöglega niður í stórum stíl nokkuð góðar en þar sögðu listamennirnir sína hlið. Ég held að herferð sem slík skili frekar árangri.“

*- ve*




# Gæludýrum úthýst af Facebook

„Facebook leyfir ekki gerviaðgang fyrir gæludýr vegna þess að aðgangur þar sem fólk villir á sér heimildir getur skaðað heilindi samfélagsins,“ sagði Winnie Ko, talsmaður Facebook, við fréttastofu CNN. Mikið hefur verið um að fólk stofni gerviaðgang fyrir gæludýr sín á samskiptavefnum. „Fólk á Facebook langar til að eiga samskipti við alvöru vini sína og fólk sem það þekkir í heiminum.“

Joseph Smith, sem stofnaði bloggið á Facebook, sagði að til væru margar síður á Netinu þar sem fólk gæti þóst vera eitthvað annað en það væri, jafnvel gæludýr. Haft var eftir honum að gæludýraeigendur ættu að velta þeim möguleika fyrir sér.



**Að minnsta kosti nokkur þúsund gæludýraeigendur hafa stofnað aðgang fyrir dýrin sín á Facebook.**

Kanínan Nestle á síðu á Facebook. Jessica Frey eigandi hennar veit um samskiptasíður sérhannaðar fyrir kanínur. Hún sagði erfitt að skipta yfir eftir að hafa eytt miklum tíma í að byggja upp síðu á Facebook þar sem hún hefur eignast yfir þúsund vini, flesta loðna.

Frey sagði að sumir hinna loðnu vina Nestle hefðu lent í því að síðum þeirra hafi verið lokað. „Þetta er mjög kjánalegt þar sem við vitum öll að gæludýrin stofna ekki síðurnar. Það er fólkið sem á þau sem er að eignast vini. Þetta er frekar meinlaust.“



Joseph Frey segir að gæludýraeigendur eigi að velta fyrir sér möguleikanum á að stofna síður á sérhönnuðum samskiptasíðum fyrir gæludýr. NORDICPHOTOS/GETTY

Talsmaður Facebook kaus að tjá sig ekki um hvort gæludýraaðgangi væri eytt.

*- mmf*

reykjavík jazz

14-29.ÁG.2010

www.reykjavikjazz.is

# Jazz í 15 daga!



# „Mér líkar vel við jazz. Hann fær mig til að hlæja“



**Django Bates spilar með tríói sínu í Norræna húsinu á Jazzhátíð Reykjavíkur og verður einnig með einleikstónleika í Þjóðmenningarhúsinu.**

Fyrirsögnin hér að ofan er bein tilvitnun úr viðtali við breska píanistann Django Bates í tímaritinu Jazzwise fyrr á þessu ári. Þessi skemmtilegi, og sumir segja stórundarlegi, listamaður hefur ekki farið troðnar slóðir í list sinni og lætur sér fátt óviðkomandi þegar kemur að efnisvali og úrvinnslu. Hann er alinn upp í fjölskyldu ákafra tónlistaráhugamanna og vandist því snemma að engin tónlist væri annari æðri. Honum veitist því auðvelt að sjá skóginn fyrir trjánum hvað tónlistina varðaði og meðal þeirra sem hann hefur unnið náið með eru menn á borð við spunameistarann Evan Parker, tónsmiðinn Gavin Bryars, ameríska saxófónleikarann og súpertónskáldið John Zorn og víólu- og gítarleikarann Jonny Greenwood úr Radiohead. Svona blanda listamanna er Django Bates eðlileg og hefur verið allt frá því að hann starfaði í hljómsveitinni Loose Tubes á níunda áratug síðustu aldar.

Það kom nokkuð á óvart þegar Django Bates tók tónlist saxófónleikarans Charlie „Bird“ Parker til handargagns. Plötur hans fram að því höfðu ekki gefið fyrirheit um að slíkt væri á döfinni. „Þetta er það fyrsta sem ég geri þar sem hryggjarstykkið er óumdeilanlega jazz. Líklega er allt hitt sem ég hef gert flokkað undir annað,“ sagði Bates um plötu sína með Beloved Bird tríóinu sem kom út nýverið.

Og gagnrýnendur eru á einu máli um að vel hafi tekist:

**MIKE FLYNN-TIME OUT**

Hin mannblendna og lífsglaða tónlistarsýn Django Bates virðist ekki vera í takt við hina frekar jarðbundnu bresku senu. Jafnvel útjöskuðustu lög hins goðsagnakennda Charlies Parker öðlast nýtt líf þegar Bates (með nákvæmni skurðlæknisins) bútar þau í sundur og togar þau og teygir ásamt tríói sínu. Og allt virðist vera spunnið á staðnum.

**JOHN FORDHAM-THE GUARDIAN**

Vortex-klúbburinn var pakkaður. Návígið við þetta magnaða tríó gerði hinar hrynhöfugu útsetningar enn magnaðri en ella. Bates situr uppi með eitt af mögnuðustu píanótríóum jazzins. Endalaus leit hans að nýjum upplifunum gæti gert það að tímabundnu fyrirbæri.

**MIKE HOBART-FINANCIAL TIMES**

Yfrburðatækni Django Bates hefur jafnan haldið í við hugmyndaflug hans. Honum hefur tekist að forðast gildrurnar sem felast í því að höndla tónlist Parkers eins og heilagan texta. Bates hikar ekki við að setja eigið mark á músíkina með því að endurraða henni með breyttum takttegundum og óvæntum áherslum.

Django Bates spilar með Beloved Bird tríói sínu í Norræna húsinu 19. ágúst. Hann mun líka leika einleikstónleika í Þjóðmenningarhúsinu þann 18. ágúst, en þá kallar hann Autumn Fires and Green Shoots.


Uppsalir · Reykjavik Hotels · Embassy of the Federal Republic of Germany Reykjavík · Reykjavíkurborg · Norska sendiráðið · Tónastöðin · Gerðuberg Menningarmiðstöð · Reykjavík Pure Energy · Rás 1 · Norræna húsið · Goethe-Institut · WBI · Sýrland · Hornið · Farmers Market · Guðjón Ó



# Fimmtán dagar–áttatíu viðburðir– hundrað hljómsveitir–þúsund lög! … ?

Jazzhátíð Reykjavíkur verður sett nk. laugardag 14. ágúst kl. 17 í Þjóðmenningarhúsinu.

Síðustu 20 ár hefur Jazzhátíðin fest sig í sessi sem einn stærsti viðburður ryþmískrar tónlistar á landinu. Listinn af heimsþekktum jazzleikurum sem heimsótt hafa hátíðina þennan tíma er orðinn æði langur og þar er að finna ótal stefnumarkandi stórkanónur úr jazzsögunni. Archie Shepp, Freddie Hubbard, Jon Hendricks, John Abercrombie, Ray Brown, Uri Caine, Han Bennink, Kurt Eilling, Kenny Garrett og ótal fleiri nöfn stórmerkra listamanna mætti halda áfram að skreyta sig með til að mæra framlag hátíðarinnar til tónleikaflórunnar í höfuðborginni.



Reginfyrra

Ekki er þó síður merkilegt að í öll þessi ár hefur Jazzhátíð Reykjavíkur lagt megináherslu á að tónlistin sé fyrsta flokks burtséð frá því hvort þeir sem hana flytja séu frægar persónur. Þess vegna er listinn yfir þá sem enginn þekkir kannski enn þá áhugaverðari því að þar fara jafnan stjörnur morgundagsins.

Mesta stoltinu finnur Jazzhátíð Reykjavíkur þó fyrir þegar hún teflir fram sínu eigin fólki og hátíðin er fyrst og síðst í boði þeirra íslensku listamanna sem þar koma fram. Það er kunnara en frá þurfi að segja að íslenskir tónlistarmenn standa framarlega á hinu alþjóðlega sviði tónlistarinnar og fjölmörg metnaðarfull verkefni á komandi jazzhátíð bera því fagurt vitni hvort sem jazzlistamennirnir okkar standa einir á sviðinu eða ásamt alþjóðlegum félögum sínu. Það er líka skemmtilegt þegar tónlistarmenn taka upp plötur eða gefa út nýja plötur í tengslum við Jazzhátíð Reykjavíkur. Meðal þeirra sem fylla þennan hóp í ár er hljómsveitin Reginfirra. Hún vann til verðlauna fyrir Ísland annað árið í röð í Young Jazz Comets-keppni Nordjazz á síðasta ári.

Mikið er rætt um stefnur og strauma í tónlist þegar múrar falla á milli tónlistartegunda og landamæri hverfa á milli tónlistarstefna.

Þessi illskiilgreinanlega músík sem kennd er við jazz, mun næstu fimmtán daga opna upp á gátt herbergi sitt í húsum tónlistarinnar í borginn. Þar verður þetta ólíkindatól í ýmsum myndum með það eitt að leiðarljósi að skemmta þeim sem þora.








Jon Hassell hefur um árabil verið í fremstu röð tónsmiða og hugmyndafræðinga nýrrar tónlistar.

# Tileinkaði sér nýja nálgun við trompetleik



**Bandaríski trompetleikarinn Jon Hassell heldur fyrirlestur á lokadegi Jazzhátíðar Reykjavíkur.**

Trompetleikarinn Jon Hassell hefur um árabil verið í fremstu röð tónsmiða og hugmyndafræðinga nýrrar tónlistar. Hann ólst upp í Memphis og hlaut hefðbundna tónlistarmenntun en lærði síðan tónsmíðar og elektróník hjá Stockhausen í Köln. Þá tók við tímabil með minimalistunum Terry Riley, Steve Reich og Philip Glass en glugginn var ávallt opinn fyrir tónlist alls heimsins. Hassell tileinkaði sér nýja nálgun til trompetleiks með aðstoð raddmeistarans Pandit Pran Nath og spurði áleitinna spurninga um greiningu hins klassíska og hins alþýðlega, hins vitsmunalega og hins líkamlega.

Þessum hugmyndum mun Jon Hassell lýsa á sérstökum fyrirlestri á lokadegi Jazzhátíðar 29. ágúst en hann vinnur nú að verkefni um þessar pælingar í samvinnu við Brian Eno.

Hassell hefur gert mikið af kvikmynda- og sjónvarpstónlist og má þar nefna tónlist sem hann gerði (í samvinnu við Bono) við kvikmynd Wim Wenders „Million Dollar Hotel“.

Trompetleikarar samtímans tala um Hassell sem áhrifavald jafnvel umfram Miles Davis enda hér einnig á ferðinni sannur brautryðjandi í stafrænni nálgun og hljóðsmölun. Hvort sem forskeytin jazz-, heims-, minimal- eða ambíent- er skeytt við tónlist hans er ljóst að áhrifin á tónlist samtímans eru umtalsverð. Hér er á ferðinni sönn alheimsblanda frumstæðra ryþma og fjarlægra laglína. Sumir tala um tónlist fjórða heimsins og hljóðmynd framtíðarinnar á meðan aðrir segja að tónlist Hassells verði ekki staðsett í tíma eða rúmi.

# Gullaldarsvíng á Grand og aðrar hamingjustundir

Jazzhátíð nýtur gestrisni og velvildar Reykjavíkurhótelanna við skipulag hátíðarinnar og allir okkar erlendu listamenn búa í vellystingum á hótelum þeirra.

Á Grand hóteli við Sigtún er líka að finna glæsileg salarkynni til tónleikahalds og þau verða nýtt sunnudaginn 22. ágúst þegar Sveiflusextett Hauks Gröndal heldur þar tónleika ásamt söngvurunum Martin Roy Wade og Kristjönu Stefánsdóttur.

Haukur Gröndal hefur verið óþreytandi í að halda á lofti merkjum meistara svíngtímans. Lester Young hefur verið honum ákaflega hugleikinn en saxófónleikur Young's mótaði bæði hljóm Count Basie hljómsveitarinnar og túlkun og fraseringu söngvara á borð við Billie Holiday og Ellu Fitzgerald.



Sigurður Flosason kynnir ásamt fleirum uppáhaldshljóðritanir sínar í Uppsölum.

Það er óhætt að lofa toppsveiflu á Grand hóteli sunnudagskvöldið 22. ágúst kl 20.

Auk þess verða dagleg hamingjustund í Uppsölum við hlið Fjalakattarins í Aðalstræti 16. Í þessu huggulega umhverfi munu listamenn Jazzhátíðar Reykjavíkur kynna uppáhaldshljóðritanir sínar alla daga milli 18 og 19. Einnig verður boðið upp á ljósmyndasýningu frá liðnum hátíðum og jazzlífinu í landinu. Meðal þeirra sem þarna munu mæta með músíkina sína eru Sigurður Flosason, Haukur Gröndal, Óskar Guðjónsson, Sören Dahl Jeppesen, Ife Tolention, Samúel Jón Samúelsson og fleiri. Fylgist með nánari upplýsingum á vef jazzhátíðar www.reykjavikjazz.is.



Martin Roy Wade syngur ásamt Kristjönu Stefánsdóttur og Sveiflusextett Hauks Gröndal á tónleikum á Grand hóteli.



Básúnuleikarinn Nils Wogram kemur fram ásamt Nostalgia tríói sínu.



Björn R. Einarsson verður hylltur í Kirkju óháða safnaðarins 22. ágúst.

# Merkishljóðfærið básúnan

**Básúnunni verður gert hátt undir höfði á Jazzhátíð Reykjavíkur í ár.**

Innan jazzins hefðu saxófónninn og trompetinn líklega vinninginn ef kosið væri um vinsælasta blásturshljóðfærið. Það er ekki gott að segja hvað veldur en ekki er ólíklegt að hinar sérkennilegu sleðaferðir sem einn básúnuleikari þarf að leggja í til að ná lagi spili þar inn í. Ótrúleg hönnun að þurfa að breyta í sífellu stærð hljóðfærisins. En í staðinn býr básúnan yfir sérstökum galdri og túlkunarmöguleikum. Og einmitt vegna sleðans og hversu myndræn túlkun básúnuleikarans er hrífst maður kannski einmitt frekar af góðum básúnuleikara en trompetleikara sem hreyfir einungis fingurna. Þó vitum við að vinna brassleikara yfirleitt fer aðallega fram með vörunum.

Básúnuleikarar eru þungamiðja í hverri hljómsveit, hvort sem um er að ræða jazzhljómsveit eða sinfóníuhljómsveit. Þar sitja íhugulir tónlistarmenn sem geta litað hvað hljóm sem er á einstakan máta. Og þeir geta líka haft ótrúlega hátt. Það er t.d. mikilvæg regla að biðja básúnuleikara aldrei að spila sterkar. Það getur beinlínis verið hættulegt.



Samúel Jón Samúelsson fer fyrir eigin stórsveit.

Algengt er að hljómsveitarstjórar og útsetjarar komi úr röðum básúnuleikara. Hvað veldur er ekki gott að segja en kannski er hlutverk básúnuleikarans í hljómsveitartónlist almennt betur fallið til að öðlast yfirsýn yfir heildarmyndina af hljómsveitinni en önnur hlutverk. Tveir íslenskir básúnuleikarar verða áberandi á Jazzhátíð Reykjavíkur. Samúel Jón Samúelsson fer fyrir eigin stórsveit og einnig hljómsveitinni Jagúar, en Samúel er meðal mikilvirkustu blásara íslenska tónlistarífsins um þessar mundir. Björn R. Einarsson er af annari kynslóð básúnuleikara og verður blásið (bókstaflega) til hyllingar á þessum merka tónlistarmanni og hljómsveitarstjóra í Kirkju óháða safnaðarins sunnudaginn 22. ágúst.

Og eins og til að setja básúnupunktinn yfir i-ið, eða sleðann í skemmtilega stöðu hefur Jazzhátíð boðið einum áhugaverðasta básúnuleikara Evrópujazzins til landsins. Nils Wogram kemur fram ásamt Nostalgia tríói sínu föstudaginn 26. ágúst. Wogram er þrátt fyrir ungan aldur margverðlaunaður tónlistarmaður. Hann hóf nám í básúnuleik í heimabæ sínum Braunschweig í Þýskalandi tólf ára gamall og var farinn að spila með jazzhljómsveit unga fólksins í Neðra-Saxlandi sextán ára. Sautján ára gamall vann hann til fyrstu verðlauna fyrir einleik á básúnu í keppninni „Jugend musiziert“ og gekk í framhaldi af því til liðs við þjóðarjazzhljómsveit Þýskalands undir stjórn Peters Herbolzheimer.

# Frá Hollywood til Reykjavíkur

Meðal þeirra sem heimsækja Ísland á Jazzhátíð Reykjavíkur 2010 er píanistinn Don Randi og hljómsveit hans Quest, sem kemur hingað fyrir tilstuðlan Geirs Ólafssonar sem ætlar að bjóða upp á mikla stórsýningu á Broadway laugardagskvöldið 14. ágúst í samstarfi við Jazzhátíð Reykjavíkur. Þar verða meðal annarra söngvararnir Ragnar Bjarnason, Egill Ólafsson og Kristján Jóhannsson gestir Geirs, sem hyggst gera kvikmynd um viðburðinn.

Don Randi hefur verið stórveldi í stúdíóum Hollywood í áratugi og þeir listamenn sem hafa notið krafta hans eru Beach Boys, Frank Sinatra og Michael Jackson svo að fjölhæfni Randis er einstök. Hann var líka í hópi tónlistarmanna sem helstu upptökustjórar vestanhafs voru með á sínum snærum á sjöunda áratugnum og gengu undir nafninu Wrecking Crew en þeir lutu stjórn manna á borð við Phil Spector.

Björn Thoroddsen var við nám og störf í Los Angeles á sínum tíma og lá því beinast við að spyrja Björn hvort hann þekkti kallinn?

„Þegar ég var úti var Don Randi vel kynntur og í slagtogi með stóru köllunum. Namedroppið getur verið allur ameríski listinn alveg frá Zappa til Lindu Ronstadt. Don er alvöru tónlistarmaður og er einn af stofnendum þekktustu klúbbanna í L.A. til dæmis Big Potatos. Hann er einn af fyrstu sem spilaði fusion í denn. Það má segja að við höfum verið með helstu frumkvöðla fusion-tónlistarinnar á okkar Jazzhátíðum, þá Don Randy og Larry Coryell. Hann verður örugglega með flott lið í bandinu. Ég veit allavega um trommarann Tom Brechtlein sem er heitur í Bandaríkjunum í dag.“

Björn kemur sjálfur fram á Jazzhátíð Reykjavíkur með hinu rómaða akústíska jazztríói Guitar Islandcio á tveimur tónleikum á Café Rósenberg og ætlar ekki að sitja heima þar fyrir utan.

„Ég ætla að sjá eins mikið og ég get. Django Bates og Don Randi ætla ég ekki að missa af og mun surfa á milli staða meðan ég er ekki sjálfur að spila.“



Don Randi með Geir Ólafs og fleirum sem spila á Broadway á laugardagskvöldið.

# Söngvarar á Jazzhátíð

Það verður varla haldin jazzhátíð án söngs þó að jazzlistin sé ekki síður instrumental. Söngvarar hafa í gegnum tíðina tileinkað sér tækni blásaranna sem í staðinn hafa gjarnan hermt eftir söngvurum við hendingamótun og túlkun. Margir feikimagnaðir söngvarar hafa heimsótt okkur í gegnum tíðina og má þar nefna Theo Bleckman, sem hélt ógleymanlega tónleika í Fríkirkjunni 2008, Kurt Elling, New York Voices og Jon Hendricks.

Söngvarar Jazzhátíðar Reykjavíkur 2010 koma úr ýmsum áttum. Það er okkar eigið fólk sem heldur uppi merkjum jazzsöngsins þetta árið. Kristjana Stefánsdóttir heiðrar hefðina í Gerðubergi með tónleikum og söngnámskeiði. Kristjana kemur einnig við sögu sem gestur þegar píanistinn Agnar Már Magnússon hyllir stórpíanistann Bill Evans, en þar verða líka Ragnheiður Gröndal og Ragnar Bjarnason. Martin Roy Wade er eini erlendi gesturinn úr söngheimum þetta árið og syngur með Sveiflusextetti Hauks Gröndal. Ekki má þó gleyma níu söngkonum



Kristjana Stefánsdóttir verður með tónleika og söngnámskeið í Gerðubergi.

úr IKI-hópnum sem ætla að bjóða upp á spennandi raddsprengjur á óvenjulegum stöðum. Þetta eru ungar söngkonur frá Norðurlöndunum. Ellen Kristjánsdóttir býður upp á nýtt prógram á Sódómu og annars staðar er fjallað um stórsýningu á Broadway. Þá eru ótaldar Hrund Ósk Árnadóttir sem hyllir Billie Holiday og Stina August sem er búsett í Kanada en kemur fram með nokkrum okkar bestu jazzleikara. Svo má ekki gleyma Moses Hightower sem syngja blíðlega en jafnframt karlmannlega íslenskan ryþmablús.

# Stórar og litlar hljómsveitir

Það hefur löngum verið sagt að jazzpíanótríóið sé hreinasta form jazzins. Hliðstæða við strengjakvartett sígildrar tónlistar. Pétur Östlund lét hafa eftir sér að tvær eftirlætis hljómsveitartegundir hans væru stórsveitin og píanótríóið. Ástæðan væri einföld: Í tríóinu væru hljóðfæraleikarar svo fáir að þeir yrðu að vinna vel saman og í stórsveitinni væru þeir svo margir að þeir yrðu að vinna vel saman.

Píanistar á jazzhátíð ársins eru fjölmargir og koma fram í mörgum mismunandi kringumstæðum. Django Bates spilar bæði einn og í tríói. Slíkt hið sama gerir franski píanistinn Jean Marie Machado sem föstudaginn 21. ágúst leiðir nokkra íslenska kollega sína í gegnum lögin sín eftir einleikshluta tónleika sinna í Þjóðmenningarhúsi. Sama kvöld verður Stórsveit Reykjavíkur í Norræna húsinu undir stjórn þýska píanistans og tónskáldsins Mariu Baptist.

Annar þýskur píanisti, Achim Kaufman, verður að störfum ásamt Valdimari Kolbeini Sigurjónssyni og ameríska trommaranum Jim Black þriðjudaginn 17. ágúst.

Þá eru ótalin þau Sunna Gunnlaugsdóttir, Agnar Már Magnússon, Ástvaldur Traustason og Kristján Tryggvi Martinsson sem öll koma fram með eigin tónlist og annarra á Jazzhátíð ársins.

Af öðrum stórsveitum má nefna stórsveit Samúels J. Samúelssonar sem heldur tónleika á Venue 24. ágúst og svo má ekki gleyma BigBanG stórsveit núverandi og fyrrverandi nemenda tónlistarskóla Seltjarnarness sem ætlar (ef veður leyfir) að leika



La Fanfare du BelgistaN er belgísk lúðrasveit.

fyrir okkur á Ingólfstorgi laugardaginn 28. ágúst.

Minnsta stórsveitin eða stærsta smásveitin á Jazzhátíð Reykjavíkur er án efa hin rómaða belgíska lúðrasveit La Fanfare du BelgistaN. Þó lúðraþyturinn komi frá uppdiktuðu héraði í austurhluta Belgíu er enginn skáldskapur að þessi hópur fimm blásara og tveggja slagverksmanna skilar óbrengluðum BelgistaN-hljómnum til heimsbyggðarinnar. Djöfullegir dansar, villtir og dularfullir ryþmar í bland við dáleiðandi laglínurnar æra jafnt þá sem aðhyllast arabíska-, sígauna- eða jazzmúsík. Sérviskulegt hljóðfæravalið ýtir enn frekar undir svimandi hamingjusaman trans. Leitið þá uppi á Jazzhátíð Reykjavíkur en þess má geta að þeir ætla líka að heimsækja höfuðstað Norðurlands og leika á Græna hattinum 26. ágúst.

**● JAZZPASSINN OG MIÐARNIR** Jazzhátíð Reykjavíkur ákvað á síðasta ári að bjóða sérstök vildarkjör í tilefni af 20 ára afmæli hátíðarinnar. Þetta mæltist svo vel fyrir að sú ákvörðun var tekin að hækka ekki verðið á Jazzpassanum í ár. Fyrir krónur 8.000 fæst aðgangur að öllum viðburðum Jazzhátíðar Reykjavíkur 2010. Í fimmtán daga er hægt að fylgjast með og upplifa það besta sem völ er á í íslenskri ryþmískri tónlist fyrir rúman 500 kall á dag. Passarnir eru til sölu á midi.is og á tónleikastöðum. Annars verður miðaverði stillt í hóf og ekki útilokað að hægt verði að kaupa dagpassa þá daga sem dagskráin er sérstakleg þétt. En enginn díll verður þó betri en Jazzpassinn.



**● BIRD LIFIR!** Lokadagur Jazzhátíðar Reykjavíkur verður helgaður minningu Charlie „Bird“ Parker. Þessi merkisberi jazzins hefði orðið níræður 29. ágúst en Parker lést langt fyrir aldur fram árið 1955. Þrátt fyrir að ná aðeins 35 ára aldri er staða Parkers sem brautryðjanda óumdeild og bíboppið einhver lífseigasti afleggjari spunatónlistarinnar sem um getur. Charlie Parker var líka breyskur maður og margar sögur til um hátterni hans í einkalífinu. Segja má að lífinu hafi verið lifað til hins ýtrasta hvorum megin sviðsbrúnar sem var. Hvort sem hann skellti hendingum úr Eldfugli Stravinskys inn í sólóin sín þegar tónskáldið var í salnum eða veitti ungum trompetleikara ör á sálina með samskiptum sínum við gleðikonu og fötu af steiktum kjúklingi – allt var gert eins og annað tækifæri myndi ekki gefast. Lífið er núna!





**Björn Thoroddsen vinnur reglulega í útlöndum.**

# Útrás jazzins

Erlendir blaðamenn og festivalstjórar flykkjast á Jazzhátíð Reykjavíkur.

Útón vinnur að öflugu kynningarstarfi í samvinnu við jazzhátíð. Áhersla er lögð á að bjóða til landsins blaðamönnum og stjórnendum tónlistarhátíða frá nágrannalöndunum. Þegar hafa boðað komu sína aðilar frá bæði Englandi, Þýskalandi, Ítalíu, Danmörku og Noregi. Möguleikar íslenskra tónlistarmanna erlendis halda áfram að vera umtalsverðir. Margir okkar bestu listamanna vinna reglulega í útlöndum og má nefna Mezzoforte, Hiimar Jensson, Sigurð Flosason, Björn Thoroddsen og Samúel Jón Samúelsson í því sambandi. Einnig hafa okkar yngri jazztónlistarmenn í K tríói og Reginfirru ferðast sl. tvö ár á vegum Nordjazz í kjölfar glæstrar frammistöðu sinnar í norrænni keppni ungliða í jazzi. Jazzhátíð vinnur að því hörðum höndum að vinna fleiri lönd með auknum samskiptum við erlendar hátíðir og samtök um jazzmúsík.

reykjavík jazz 2010
Kíktu á dagskrána
www.reykjavikjazz.is



VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT 2 INNIHELDUR SPORT 2 SPORT 3 SPORT 4 SPORT 5 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000



Svifið um loftin blá.

# Fá fólk til að klóra sér í hausnum

**Nýherji hefur í sumar staðið fyrir óvenjulegri markaðsherferð, en bláar ninjur hafa skotið upp kollinum víða um land.**

Bláu ninjurnar hafa gert víðreist víða um land í sumar. Hópurinn hefur meðal annars farið vítt og breitt um höfuðborgarsvæðið, til Akureyrar og fleiri áfangastaða. Hann var settur saman í byrjun sumars af Nýherja til þess að fara öðruvísi og skemmtilegar leiðir í markaðssetningu á Lenovo-fartölvum og skemmta fólki í leiðinni. Eins og Nýherji hefur greint frá þá var markmiðið að: „brjóta upp hversdagslegar aðstæður með óvenjulegum aðferðum, fá fólk til þess að klóra sér í hausnum og hugsa út fyrir kassann.“

Hópurinn sem leikur Bláu ninjurnar nefnist Radioactive Pants. Hópurinn hefur verið starfandi frá 2006 og er í dag skipaður þeim Tomma, Torra, Stebba, Dabba, Arnari og Andra. Hópurinn æfir Parkour/freerunning og nýtir sér þá íþrótt mikið þegar hann kemur fram sem Bláu ninjurnar.

Strákarnir í Bláu ninjunum hafa sent frá sér fjölda myndbanda þar sem þeir sýna Parkour listformið af mikilli innlifun og er hægt að skoða myndböndin á Youtube eða á Facebook-síðu ninjanna.

Bláu ninjurnar halda áfram að koma fram í ágúst. Þær munu meðal annars láta sjá sig á menningarnótt í Reykjavík og einnig við framhaldsskóla og háskóla þegar hausta tekur.

**facebook.com/hugsadu**
**facebook.com/radioactivepants**



Ninjurnar léku listir sínar fyrir unga og aldna á láði og í legi.




Þær dúkkuðu upp á óvenjulegustu stöðum.

## VILTU VERA Á MYND MEÐ NINJUNUM?

Bláu ninjurnar verða í aðalhlutverki á Ninjadegi Nýherja í Borgartúni 37 laugardaginn 14. ágúst frá klukkan 11-15. Þar munu ninjurnar kynna Parkour listina og sprella á trampólíni. Þá verður hægt að láta taka af sér mynd með ninjunum frá 12-14.





**Þrátt fyrir að tölvur hafi sigrað mannshugann í skák er ekki þar með sagt að svo sé á öllum sviðum.** NORDICPHOTOS/GETTY

# Venjulegt fólk sigrar tölvuna

Venjulegt fólk getur verið betra í sumum tímafrekum verkefnum sem nauðsynlegt er að rannsaka heldur en ofurtölvur samkvæmt nýrri rannsókn.

Í rannsókninni, sem birt var í blaðinu Nature, var venjulegt fólk betra en tölvuforrit gert af vísindamönnum í að finna út lögun flókinna próteina. Í mörgum fræðigreinum eru vísindamenn farnir að láta venjulegt fólk með nægan tíma vinna erfiðisvinnu þeirra með góðum árangri. Í grein Nature lék fólk leikinn Foldit sem gengur út á að byggja upp flókin prótein í þrívídd en þurfa ekki að þekkja nokkuð til raungreina. Leikmenn höfðu betur en tölvan í fimm af tíu skiptum en tölvan sigraði tvisvar sinnum. David Baker, sem hannaði leikinn, þótti mikið til leikmannanna koma. *- mmf*



**Sigurður Haraldsson er kerfisstjóri hjá FME og tölvukennari hjá Tölvuskólanum iSoft. Hann hefur víðtæka þekkingu og reynslu af tölvum og tölvunotkun nemenda sem og fyrirtækja og starfaði árum saman sem kerfisstjóri Menntaskólans við Hamrahlíð.** FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Farsælast að vanda valið

**Það borgar sig að fara sér hægt þegar kaupa á tölvu því margt þarf að hafa í huga svo kaupin verði farsæl.**

„Áður en tölvukaup fara fram þarf notandinn fyrst og fremst að gera sér grein fyrir í hvað hann ætlar að nota tölvuna. Flestir nota tölvur sínar samhliða til heimabrúks, náms og vinnu og því mikilvægt að vinnsluminnið sé gott. Ef setja á inn ljósmyndir og vídeó, ásamt því að horfa á kvikmyndir, er lágmark að tölvan búi yfir 4 gígabæta vinnsluminni. Á tilboðum má oft sjá tölvur með eins til tveggja gígabæta minni, en slíkt dugar aðeins ef menn ætla sér að vera bara í ritvinnslu,“ segir Sigurður Haraldsson, kerfisstjóri hjá Fjármálaeftirlitinu og tölvukennari hjá Tölvuskólanum iSoft.

„Skjáupplausn þarf einnig að vera góð. Ef hún er lítil getur verið mjög pirrandi að skoða ljósmyndir og horfa á kvikmyndir, og leiðigjarnt að þurfa að skrolla langt niður til að lesa fréttasíðurnar. Í dag gegna tölvur einnig félagslegu hlutverki og mikilvægt að kynna sér líka vel upplausn vefmyndavéla og hljóðnema áður en kaupin fara fram,“ segir Sigurður og bætir við að gott sé að athuga hvort skjákort tölvunnar sé með sér vinnsluminni svo það eyði ekki vinnsluminni tölvunnar.

„Diskapláss skiptir einnig máli og gott að hafa sæmilega stóran harðan disk, en á honum geymir maður öll gögn tölvunnar. Í dag eru þó flakkarar orðnir tiltölulega ódýrir og auðvelt að flytja gögn á milli. Þá er stærð örgjafa líka mikilvæg og alltaf betra þegar örgjafi er með tveimur kjörnum (Dual Core), en langflestar tölvur eru búnar slíkum búnaði í dag.“

Sigurður segir að með kaupum á viðurkenndum merkjum tryggi kaupandinn sér endingarbetri vöru og betri þjónustu.

„Að síðustu skal nefna endingu batterís sem skiptir miklu ef fólk ætlar sér að vera með tölvuna á ferð og flugi. Tíminn líður hratt í tölvunni og lágmark að batterí þoli minnst fjóra til fimm tíma í vinnslu. Þá fylgir flestum tölvum Windows 7 Home-stýrikerfið, en sumir skólar gera kröfu um Windows 7 Professional og þurfa nemendur að gera sér grein fyrir því áður en þeir festa kaup á nýrri tölvu.“ *- þlg*




# Samkomulag í augsýn

Samkomulag um að afstýra banni á Blackberry-símanum í Sádi-Arabíu er í augsýn. Breska ríkisútvarpið hefur þetta eftir þarlendum embættismönnum.

Sádi-Arabía ætlaði að banna símann síðasta föstudag vegna þess að hann sendir dulkóðuð skilaboð sem ekki er hægt að fylgjast með. Embættismenn sögðu að samkomulagið fælist í því að landið hefði aðgang að kerfi sem réði dulmálið.

Líklegt er að sérstakur netþjónn verði settur upp í landinu sem hluti af samkomulaginu. Þarlendur embættismaður sagði að verið væri að kanna hvernig þess háttar netþjónn myndi virka.

Tilkynnt var um að þjónustustarfsemi við Blackberry hefði legið niðri í nokkrar klukkustundir á föstudag en um 700 þúsund notendur Blackberry eru í Sádi-Arabíu. *- mmf*



**Um 700 þúsund notendur Blackberry eru í Sádi-Arabíu.**

## ● ÞRÁÐLAUSAR TÖLVUR Í FRAMTÍÐINNI

Í lok júlí samþykktu Samtök um þráðlaust rafmagn staðal sem kallast Qi fyrir þráðlausa rafmagnshleðslu tækja sem nota upp undir fimm vött af orku. Staðallinn er upphafið að þróun sem gæti leitt til þráðlausrar hleðslu rafmagns fyrir fartölvur með tímanum. Í ágúst fengu samtökin svo vottun fyrir þjónustu um þráðlausa hleðslu sem þýðir að nú geta fyrirtæki hafið þróun og sölu vara með Qi merki á. Samtökin taka þó fram að staðall er ekki nóg til að gera viðskiptavini ánægða. Á komandi dögum munu samtökin hefja prófanir á þjónustunni sem þýðir að fyrstu vörur sem styðja staðalinn munu koma á markað í haust. *- mmf*





Halldór Hrafn Jónsson, rekstrarstjóri Tölvuteks, við hluta af þeim fjölmörgu tölvum sem boðið er upp á í verslunum Tölvuteks.

# Mesta úrval landsins

**Tölvutek státar af mesta úrvali landsins af fartölvum að sögn Halldórs Hrafns Jónssonar, rekstrarstjóra Tölvuteks, en Tölvutek er með glæsilegar tölvuverslanir í Borgartúni, Reykjavík og í Undirhlíð, Akureyri.**

Tölvutek býður upp á öll stærstu merkin í fartölvum eins og Packard Bell, Acer, Toshiba, HP, Sony, MSI, Asus, Lenovo og Apple og eru þær á verði allt frá krónum 49.900.

„Mest seldu fartölvurnar hjá okkur eru án efa Packard Bell sem þykja búa yfir nýjustu tækninýjungum og möguleikum en Packard Bell-fartölvur eru í hæsta gæðaflokki og hafa alltaf verið betur búnar,“ segir Halldór.

Nú í vikunni var að koma alveg ný lína af fartölvum frá Packard Bell sem eru léttari, þynnri og með lengri rafhlöðuendingu en eldri vélar. Þetta eru fartölvur sem ættu að sögn Halldórs að höfða til allra fartölvukaupenda og nefnir þar til sögunnar tölvur eins og 15,6 tommu fartölvu sem fæst í fjórum litum, það er svört, silfurlit, hvít og rauð og eru þær hver annarri glæsilegri, aðeins 2,6 kg og örþunnar. Allar eru þær með 15,6 tommu SLIM HD LED-skjá sem er sérlega þunnur, 4 gígabæta minni, 320-640 gígabæta disk og eru á mjög góðu verði. „Packard Bell er einnig með mjög öflugar fartölvur með öflugum Direct X 11 skjákortum sem er eftirsótt í alla nýjustu leikina í dag ásamt nýjustu og hröðustu örgjörvum frá Intel og AMD en nýju örgjörvarnir eru í senn kaldari, hraðari og meira orkusparandi,“ segir Halldór.

Nýja línan frá Acer er einnig glæsileg en Acer hefur nýverið byrjað að framleiða svokallaðar Timeline X fartölvur sem eru sérlega þunnar, léttar og með allt að 12 tíma rafhlöðu þótt þær séu með öflugu skjákorti og örgjörva í leikjaspilun, Timeline X ætti því að endast í skólanum allan daginn bæði í leik og námi.

3D fartölvan frá Asus hefur vakið mikla athygli en hægt er að fara í verslanir Tölvuteks á Akureyri og í Reykjavík og skoða hvernig nýjustu leikirnir nýta sér 3D tæknina en fartölvan er með 15,6“ 120Hz 3D LED skjá ásamt þráðlausum 3D gleraugum og er ein öflugasta fartölvan á markaðinum í dag.

Halldór segir Tölvutek einnig bjóða upp á gott úrval fistölva frá Asus, Lenovo, Acer og Packard Bell en hægt er að fá vélar frá 1 kílói upp í 1,5 og í öllum regnbogans litum.

# Örugg gagnaafritun

Aldrei er hægt að undirstrika hversu mikilvægt það er að taka afrit af gögnum, ritgerðum, myndum og öllu öðru sem fólk vill eiga til framtíðar.

Fyrirtækið LaCie hefur lengi verið leiðandi í framleiðslu og hönnun á harðdiskflökkurum en flestir flakkarar frá þeim koma með „one touch“ öryggishnappi til að taka afrit.

LaCie hefur framúrskarandi gagnaafritunarlausnir jafnt fyrir einstaklinga og sérhæfðar lausnir fyrir fyrirtæki. LaCie sameinar fallega hönnun, gæði og nýjustu tækni sem gerir vörurnar þeirra einstakar. Síðustu 10 ár hefur LaCie verið leiðandi með tækninýjungar og safnað öllum virtustu verðlaunum á sínu sviði fyrir hönnun, notandagildi og gæði.

Tölvutek er umboðsaðili LaCie á Íslandi og eru mest seldu flakkararnir á tilboði í verslunum þeirra í Reykjavík og á Akureyri en þar ber fyrst að nefna Rikiki sem eru agnarsmáir í lófa en stórir í gagnamagni Rikiki 320GB á kr. 14.900. og Rikiki 640GB á kr. 19.900 og svo stærri flakkarar hannaðir af Neil Poulton þar sem hægt er að fá 1TB á 16.900, 1.5TB á kr. 19.900. og 2TB á kr. 29.900.



Rikiki flakkari frá LaCie.

## ● NÝJUNGAR Í FARTÖLVUM

Stærstu nýjungarnar í fartölvum í dag eru annars vegar ný kynslóð örgjörva og svo ný og enn öflugri Direct X 11 skjákort með þrívíddartækni sem skilar tölvuleikjum enn nær raunveruleikanum.

Nýju örgjörvarnir frá Intel heita Core i og eru mun hraðvirkari, kaldari og meira orkusparandi en eldri örgjörvar. AMD er svo með nýja öfluga P320 örgjörva ásamt þriggja og fjögurra kjarna Phenom örgjörvum sem eru í flestum öflugu leikjafartölvunum í dag.

Ef huga á að leikjaspilun í nýrri fartölvu er mikilvægt að skjákort fartölvunnar sé byggt á nýjustu Direct X 11 þrívíddarleikjatækni en einhver öflugustu fartölvuskjákortin í dag eru annars vegar ATI HD5470, ATI HD5650 og svo nVidia GeForce GTX480M en þessi kort styðja Direct X 11 og henta því sérlega vel í alla leikjaspilun.

packard bell



**PACKARD BELL TM81 FARTÖLVA**

Ný kynslóð frá Packard Bell hlaðin allri nýjustu tækni, glæsileg hönnun örþunn og fislétt aðeins 2.6kg

- Athlon II Dual Core X2 P320 2.1GHz
- 4GB DDR3 1066MHz vinnsluminni
- 320GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.6” HD LED SLIM Diamond 1366x768
- 512MB ATI Radeon HD4250 skjást.
- 300Mbps WiFi n þráðlaust net
- 1.3MP HD 1280x1024 vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-BIT
- Á tilboði í Tölvutek kr. 119.900



**PACKARD BELL TM86 FARTÖLVA**

Ný kynslóð frá Packard Bell með nýjustu Intel Core i tækninna, glæsileg hönnun örþunn og fislétt aðeins 2.6kg

- Intel Core i3-330M 2.13GHz 3MB
- 4GB DDR3 1066MHz vinnsluminni
- 320GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.6” HD LED SLIM Diamond 1366x768
- 512MB Core i HD Graphics skjástýring
- 300Mbps WiFi n þráðlaust net
- 1.3MP HD 1280x1024 vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-BIT
- Á tilboði í Tölvutek kr. 134.900



**PACKARD BELL TM85 FARTÖLVA**

Ein sú öflugasta í dag með ofur öflugan Intel Core i5 örgjörva og alvöru DX11 leikjaskjákort, aðeins 2.6kg

- Intel Core i5-430M 2.26GHz 3MB
- 4GB DDR3 1066MHz vinnsluminni
- 500GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.6” HD LED SLIM Diamond 1366x768
- 512MB ATI HD5470 DX11 skjákort
- 300Mbps WiFi n þráðlaust net
- 1.3MP HD 1280x1024 vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-BIT
- Á tilboði í Tölvutek kr. 149.900



**PACKARD BELL TM82 FARTÖLVA**

Öflugasta leikjatölvan frá Packard Bell með 3ja kjarna Phenom II örgjörva og ofur öflugt DX11 leikjaskjákort

- Phenom Tripple Core X3 N830 2.1GHz
- 4GB DDR3 1066MHz vinnsluminni
- 640GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.6” HD LED SLIM Diamond 1366x768
- 1GB ATI HD5650 DX11 skjákort
- 300Mbps WiFi n þráðlaust net
- 1.3MP HD 1280x1024 vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-BIT
- Á tilboði í Tölvutek kr. 169.900

TÖLVUTEK

# ALLTAF BETRA VERÐ



*Gríðarlegt úrval af fartölvutöskum og aukahlutum fyrir fartölvur*



ÖRGJÖRVI

ATI HD5470 SKJÁKORT

15,6"

FARTÖLVA

**MSI CX620**

2.13GHz Intel Core i3-330M örgjörvi • 4GB DDR3 minni • 500GB SATA diskur • 15.6" WXGA LED breiðskjár • ATI HD5470 skjákort • Vefmyndavél • Windows 7 Home Premium 64-bit

**149.990**



10,1"

11 klst. RAFHLÖÐUENDING

**Asus EEE 1001P 160G**

1.66GHz Intel Atom N450 örgjörvi • 1GB DDR2 minni • 160GB diskur • 10,1" LED WSVGA skjár • Intel GMA3150 PCI skjástýring • Windows 7 Starter stýrikerfi

**74.990**



15,6"

FARTÖLVA

**Toshiba Satellite C650D-11R**

2.2GHz Mobile AMD V Series V120 örgjörvi • 2GB DDR3 1066MHz minni • 250GB SATA diskur • DVD og CD-RW skrifari • 15.6" WXGA LED breiðskjár • ATI Radeon HD 4250 PCI-Express skjákort • VGA vefmyndavél • Windows 7 Home Premium 64-BIT

**89.990**



13,4"

FARTÖLVA

Þykkt aðeins 6 til 20mm

ÞYNGD 1,3KG

**MSI Slim X340**

Intel C723 1,2GHz örgjörvi • 2GB DDR2 minni • 320GB diskur • 13,4" TFT LCD WXGA skjár • Þráðlaust 802.11b/g/n WLAN netkort ásamt Bluetooth • Vefmyndavél • HDMI • 2 x USB 2.0 • Windows 7 Home Premium ofl.

**99.990**



15,6"

FARTÖLVA

**Acer Aspire 5541-303G32M**

2.0Ghz AMD Athlon II Dual Core Mobile M300 örgjörvi • 3GB DDR2 minni • 320GB SATA diskur • DVD og CD-RW skrifari • 15.6" WXGA LED breiðskjár • ATI Radeon HD 4200 PCI-Express skjákort • Windows 7 Home Premium

**109.990**



13,3"

FARTÖLVA

**Toshiba Satellite T130-10G**

1.3GHz Intel ULV Pentium Dual Core SU4100 örgjörvi • 4GB DDR3 minni • 320GB SATA diskur • 13,3" TFT WXGA LED skjár • Intel GMA 4500 skjákort • VGA vefmyndavél • Windows 7 Home Premium 64-BIT

**129.990**



15,6"

FARTÖLVA

**Acer Aspire 5553G-N934G64MN**

2.0Ghz AMD Phenom II Quad Core Mobile N930 örgjörvi • 4GB DDR3 minni • 640GB SATA diskur • 15.6" WXGA LED breiðskjár • 1GB ATI Mobility Radeon HD 5650 DirectX 11 skjákort • Vefmyndavél • Windows 7 Home Premium

**169.990**

**VAXTALAUS TÖLVULISTALÁN**

*Bjóðum allar fartölvur með sex mánaða vaxtalausum greiðslum*

BORGUN AUÐVELDAR VIÐSKIPTI

**KASKÓTRYGGING FRÁ VERÐI**

*Kynntu þér fartölvukaskó sem tryggir fartölvuna þína í leik og starfi*

**F-Prot Antivirus - Lykla-Pétur - Fimm leyfi**

VELJUM ÍSLENSKT

SKÓLA TILBOÐ

# TÖLVULISTINN

TL.IS

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

NÓATÚNI 17 SÍMI 414 1700 | GLERÁRGÖTU 30 SÍMI 414 1730 | MIÐVANGI 2-4 SÍMI 414 1735 | HAFNARGÖTU 90 SÍMI 414 1740 | AUSTURVEGI 34 SÍMI 414 1745 | REYKJAVÍKURVEGI 66 SÍMI 414 1750

Nýjar vörur frá Vanity Fair og Lauma
Haldari 6.990 kr.
Buxur 2.990 kr.
Ynja UNDIRFATAVERSLUN
HAMRABORG 20A • KÓPAVOGI 544-4088 • YNJA.IS

HÖFÐABÍLAR ... þar sem bílar seljast
Komdu og skráðu bílinn á Höfðabílum og þú færð fría pizzu á Italiano Pizzeria

Mótorhjóla-burðargrind úr áli.
Ber 195 kg hjól.
Þú keyrir hjólið upp á grindina.
Verð eingöngu 49.000 þ.
sem er hálfvirði vegna hagstæðra innkaupa.
Motor sport
Síðumúla 34 • 567 1040

MAE - YA SUKHOTHAI
Hamraborg 11. Kópavogi
Sjáið matseðilinn á www.thaimatur.is
Réttur dagsins í hádegi kr 980.-
Frábær fjölskyldutilboð
2 kjúklingabitar, franskar, sósa & gos kr. 990.-
Djúpst Ýsa, hrísgrjón & karrý kr. 1090.-
Sími: 564 6677

Bílaþjónustan Bilaði Bíllinn
Vagnhöfða 7, kjallara - 110 Reykjavík
Sími 445 5562 - Gsm 615 2562
Bjóðum upp á bón og smáviðgerðir.
Einnig aðstöðu fyrir þig til að gera við sjálfur.
OPIÐ FRÁ 10:00-22:00, ALLA DAGA

OPNUNARTILBOÐ
Italiano Pizzeria
Miðstærð af pizzu og gos, önnur pizza fylgir frítt með.
2 fyrir 1 í sal
Italiano Pizzeria • Hlíðasmári 15 fyrir ofan Smáralind • Sími 55 12345

Torfærukeppni fjarstýrðra bíla verður haldin á athafnasvæði Hlaðbæ Colas í Hafnarfirði sunnudaginn 15. ágúst. Mæting er kl. 10:30–11:30, keppni hefst kl. 12:00
Tómstundahúsið
Nethyl 2, Sími: 587 0600, www.tomstundahusid.is

Nytjamarkaðurinn
TIL STYRKTAR ABC BARNAHJÁLP
Mikið úrval af nýjum og notuðum hlutum í verslun okkar á frábæru verði.
Dæmi: Föt (peysur, buxur, skór o.fl.) - algengt verð 100 - 900 kr.
Fullur poki af völdum fötum 500 kr.
Búsáhöld og gjafavörur - algengt verð 50 - 600 kr.
Bækur, DVD, CD, Vinyl - algengt verð 100 - 350 kr.
Húsgögn ýmiskonar - algengt verð 200 - 15.000 kr.
Vertu velkomin í heimsókn í verslunina okkar.
Nytjamarkaðurinn - Skútuvogi 11a (á móti Húsasmiðjunni)

ALLT EFNI TIL SKARTGRIPAGERÐAR
Yfir 300 gerðir af perlum og náttúrusteinum, gott verð. Alltaf eitthvað nýtt.
Námskeiðin að hefjast.
GLIT
Glit ehf. Krókhálsi 5, 110 Rvk. sími 587 5411
www.glit.is

BÍLAVERKSTÆÐI AUÐUNS
TOYOTA ÞJÓNUSTA
ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR
FOSSALEYNI 16 • GRAFARVOGI
WWW.BIFREIDAVERKSTAEDI.IS
S. 587 1350

25% afsláttur af viðarolíu og viðarvörn
Meðan byrgðir endast
Ásborg vélar verkfæri
Smiðjuvegi 11• S. 5641212

CARGO sendibílaleiga
566 5030
www.cargobilar.is
Sendibílar til leigu
Þú leigir hann.
Krefst ekki meiriprófs réttinda

Limo.is
Pöntunarsími 868-9800

FERÐABOXIN FRÁ HAPRO
Úrval af glæsilegum ferðaboxum frá HAPRO.
Algjörlega ómissandi fyrir sumarfríið.
Frábært verð.
Bílabjörgun
Óseyri 5 - 603 Akureyri - Sími: 842 5700 - 462 4222 -www.bilabjorgun.is

SMURSTÖÐIN EHF.
„Sá smurði gengur"
Smurþjónusta og smáviðgerðir
Dalvegi 16a • 201 Kópavogi • Sími 554 3430

Hleðslugrjót og garðamold
Til sölu:
- Holtagrjót og sprengigrjót í hleðslur - til í ýmsum stærðarflokkum
- Sérunnin garðamold í beð og undir torf
s. 660 6101
s. 545 1805
VERKTAKAR MAGNI

Rafstilling ehf
startarar-alternatorar-perur
viðgerðir-sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

BRA
BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUÐUNS
Nýbýlavegi 10 - Kóp. - S. 554 2510
TOYOTA-þjónusta www.bilasprautun.is

Allt á einum stað
BREMSUVIÐGERÐIR
BREMSUKLOSSAR
SPINDILKÚLUR
ALLAR PERUR
HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
RAFGEYMAÞJÓNUSTA
OLÍS SMURSTÖÐ
BÓN OG ÞVOTTUR
SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTA
SÆTÚNI 4 • SÍMI 562 6066

BOMAG
Viðgerðar- og varahlutaþjónusta
Eigum fyrirliggjandi varahluti í þjöppur og valtara
VélRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Rauðhellu 16 • Vagnhöfða 5

IVECO
Viðgerðar- og varahlutaþjónusta
VélRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Rauðhellu 16 • Vagnhöfða 5

# Þjónustuauglýsingar
Alla fimmtudaga
gunny@365.is arnarut@365.is sigurlaug@365.is

www.ellingsen.is

# ÓTRÚLEGT VERÐ
## á síðustu ferðavögnunum

PIPAR\TBWA • SÍA • 101882

Coleman



**2** stk. á lager

**CHEYENNE fellihýsi**

**2.390.000 kr.**

Verð áður 2.690.000 kr.

| Tæknilýsing | Coleman Cheyenne |
|---|---|
| Lengd kassa | 10 fet |
| Stærð kassa | 310 cm |
| Heildarþyngd | 1.360 kg |
| Þyngd óhlaðins vagns | 922 kg |

**3** stk. á lager

**SEDONA fellihýsi**

**1.790.000 kr.**

Verð áður 2.190.000 kr.



| Tæknilýsing | Coleman Sedona |
|---|---|
| Lengd kassa | 8 fet |
| Stærð kassa | 248 cm |
| Heildarþyngd | 1.090 kg |
| Þyngd óhlaðins vagns | 713 kg |



MONTANA

**2** stk. á lager

**MONTANA tjaldvagn**

**790.000 kr.**

Verð áður 960.000 kr.

| Tæknilýsing | Easy Camp Montana |
|---|---|
| Stærð | 3,25 m |
| Hjólabúnaður | 13” dekk, höggdeyfar |
| Grind | Alko, galvaníseruð |
| Þyngd óhlaðins vagns | 325 kg |
| Heildarþyngd | 645 kg |

**Fiskislóð 1 • Sími 580 8500**
**Opið mánud.–föstud. 10–18, laugard. 10–16.**

**Ellingsen**

*– fullt hús ævintýra*






# Rússnesk rúlletta

BAKÞANKAR
Ragnheiðar Tryggvadóttur



Hvalfjarðargöngin fengu falleinkunn EUROTAP um daginn. Eru víst stórhættuleg að fara um og öll öryggisatriði fyrir neðan allar hellur. Ég hef farið gegnum þessi göng óteljandi ferðir og hef ekki keyrt Hvalfjörðinn síðan þau voru opnuð. Sem betur fer hef ég sloppið í gegn, hingað til.

**ÞETTA** fékk mig til að velta fyrir mér vegakerfinu á landinu í heild sinni en ég var á ferðinni um daginn milli Akureyrar og Reykjavíkur.

**FERÐIN** gekk vel þrátt fyrir mikla umferð en bílalestirnar teygðu sig nánast óslitið alla leiðina. Vöruflutningabílar í bland við agnarsmáa fólksbíla, upphækkaðir jeppar og jepplingar, kerrur, tjaldvagnar og fellihýsi voru á ferðinni í báðar áttir. Ökuhraðinn var því eitthvað undir leyfilegum hámarkshraða og talsvert um glannalegan framúrakstur. Á þessari leið er bara ein akrein í hvora átt og óþolinmóðir ökumenn undu sér ekki í bílalestunum. Þeir tóku aftur og aftur sénsa sem stofnuðu ekki bara þeim sjálfum heldur fjölda annarra í hættu.

**BANASLYSIN** í umferðinni á hringveginum eru árviss. Það er ákveðin rúlletta að hætta sér af stað í langferð og þurfa að treysta á skynsemi og þolinmæði annarra ökumanna til að komast klakklaust á leiðarenda en slysin verða flest við framúrakstur. Fyrir stórar ferðahelgar sumarsins brýnir lögreglan því fyrir ferðalöngum að sýna þolinmæði og fara sér hægt. Það sé betra að komast á leiðarenda seint en aldrei.

**ÉG FJARGVIÐRAST** yfir því í hverri einustu ferð af hverju sé ekki löngu búið að tvöfalda hringveginn en hann er ótrúlega mjór á köflum, með kröppum beygjum og blindhæðum að ég tali nú ekki um einbreiðu brýrnar sem enn er að finna á þjóðvegi eitt. Auðvitað má færa fyrir því rök að alltaf verði til vitleysingar í umferðinni, sama hversu gott vegakerfið er. Því verði ekki hægt að koma í veg fyrir slys með fleiri akreinum og tvöföldum brúm. Ég held það nú samt.

**ÞANGAÐ** til mér verður að ósk minni um tvöfaldan hringveg rígheld ég því um stýrið alla þá klukkutíma sem tekur að aka þessa leið, skíthrædd um að nú dembi sér einhver vitleysingurinn fram úr og keyri mig í klessu. Mér hefur meira að segja stundum dottið í hug að liggja á flautunni þegar ég mæti löngum bílalestum, einfaldlega til að láta vita af mér. Ég velti því fyrir mér hvort hringvegurinn fengi ekki sannarlega falleinkunn ef EURATAP tæki allt vegakerfi landsins út.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# STALDRAÐU VIÐ
## SKAPAÐU ÞÍNA EIGIN FRAMTÍÐ



# Stök námskeið á meistarastigi
## við deildir Háskóla Íslands

Framboð Endurmenntunar á meistaranámskeiðum í samstarfi við deildir Háskóla Íslands hefur fallið í góðan jarðveg og höfðar sterkt til þeirra sem vilja safna einingum í meistaragráðu.

**Umsóknarfrestur er í flestum tilfellum til 16. ágúst næstkomandi.**

### KENNARADEILD
- Námsefnisgerð og námsefnisgreining

### FÉLAGSRÁÐGJAFARDEILD
- Inngangur að stjórnun og rekstri félagasamtaka
- Barnavernd: Vinnulag og samstarf

### LÆKNADEILD
- Almenn tölfræði fyrir meistara- og doktorsnema
- Almenn aðferðafræði í rannsóknum fyrir meistara- og doktorsnema

### IÐNAÐARVERKFRÆÐI-, VÉLAVERKFRÆÐI OG TÖLVUNARFRÆÐIDEILD
- Samskipti manns og tölvu

### GUÐFRÆÐI- OG TRÚARBRAGÐAFRÆÐIDEILD
- Kynverund, siðfræði og samfélag
- Sálgæslufræði: Dulúð og kristin íhugun
- Sálgæslufræði: Siðfræðileg álitamál og sálgæsla við lífslok

### HAGFRÆÐIDEILD
- Heilsuhagfræði I
- Hagfræðileg ákvörðunafræði
- Hagfræði og stærðfræði fjármálamarkaða
- Fjármálatölfræði

### VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD
- Þættir í aðferðafræði
- Atvinnuvegir
- Fjármögnun fyrirtækja
- Fjárhagsupplýsingakerfi
- Upplýsingamiðlun, áfallastjórnun og fjölmiðlun
- Inngangur að rekstri
- Skipulag og stjórnun
- Þættir í tölfræði
- Stjórnunar- og eftirlitskerfi
- Markaðsáherslur og markaðshneigð
- Mannauðsstjórnun
- Greining ársreikninga
- Stjórnun og forysta
- Eignastýring og verðlagning
- Afleiður og áhættustýring
- Samskipti á vinnumarkaði
- Samkeppnishæfni
- Endurskoðun - I. hluti
- Endurskoðun - III. hluti
- Fjármuna- og félagaréttur
- Stjórnsýsluendurskoðun
- Skattskil III: Alþjóðaskattaréttur
- Alþjóðamarkaðssetning
- Forysta og leiðtoginn
- Vörumerkjastjórnun

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Nánari upplýsingar og skráning: sími 525 4444
endurmenntun.is

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# FERSKT NÝTT ÍSLENSKT GRÆNMETI



369 KR. 1 KG.
ÍSLENSKT SPERGILKÁL

159 KR. 1 KG.
ÍSLENSKT HVÍTKÁL

289 KR. 1 KG.
ÍSLENSKT KÍNAKÁL

359 KR. 1 KG.
ÍSLENSKT BLÓMKÁL



159 KR. 1 kg
NÝJAR ÍSLENSKAR PREMIER KARTÖFLUR Í LAUSU



698 KR.PK
FJÓLA WC PAPPÍR 9 RÚLLUR



178 KR. 250g
BKI KAFFI BAUNIR EÐA MALAÐ 250g




159 KR. 500g
BÓNUS KJARNABRAUÐ 500g



198 KR. 2 STK
BÓNUS KLEINUHRINGIR 2 STK. SÚKKULAÐI OG KARAMELLU




498 KR. 500g
EUROSHOPPER OSTUR 27% RIFINN 500g



129 KR. 450g
EUROSHOPPER FROSNIR MAISSTÖNGLAR 450G




195 KR. 1000g
EUROSHOPPER SYKUR 1 KG.




109 KR. 1 ltr.
BÓNUS APPELSÍNUSAFI 1 LTR.




98 KR.250ml




79 KR. 500ml




98 KR. 500ml




129 KR. 1/2 ltr.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA VISA Vildarklúbbur

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS B




**30%** AFSLÁTTUR

KJARNAFÆÐI FERSKT
*KRYDDAÐ HEIÐALAMB*
1398 KR.KG
*MERKT VERÐ 1998 KR.KG.*



**1598** KR. KG

ÍSLANDSLAMB GRILL-LÆRISNEIÐAR




**898** KR. KG

ALI FERSKAR GRÍSAKÓTELETTUR




**1708** KR. KG

ALI GRILL HUNANGSKÓTELETTUR ÚRBEINAÐAR



**998** KR.KG

KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA
**FROSIÐ LAMBALÆRI**
**998 KR.KG**




**178** KR. 150g

ÍSLANDSÁLEGG SAMLOKUSKINKA
*150g 7 SNEIÐAR*



**194** KR. KG

KS FROSIN LAMBASVIÐ
*35% AFSLÁTTUR* MERKT VERÐ 298 KR.KG.




ÍSLANDSFUGL
*ferskur fugl*

## FROSINN KJÚKLINGUR

| | |
|---|---|
| KJÚKLINGAFILLET | 1199 kr.kg. |
| KJÚKLINGALEGGIR | 359 kr.kg. |
| KJÚKLINGAVÆNGIR | 159 kr.kg. |




**1998** KR.PK

ARIEL ÞVOTTAEFNI 50 SKAMMTAR
1998 KR.PK




**111** KR.PK

BÓNUS PYLSUBRAUÐ
5 STK

*CA 300 KR. PAKKINN*




**599** KR. KG

BÓNUS PYLSUR
MERKT VERÐ 798 KR.KG
25% AFSLÁTTUR



**259** KR. 420g

MYLLU MÖNDLUKAKA 420G
259. STK

## BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

### Risið í kvöld kl. 21

*Tónleikar tileinkaðir saxófónleikaranum Charlie Parker, sem hefði orðið 90 ára í lok mánaðarins, verða í Risinu Tryggvagötu í kvöld. Á meðal þeirra sem koma fram eru Haukur Gröndal, Óskar Guðjónsson, Ólafur Jónsson, Birkir Freyr Matthíasson, Ari Bragi Kárason, Agnar Már Magnússon, Eyþór Gunnarsson, Erik Qvick. Jafnframt eru allir hvattir til að mæta með hljóðfæri sín og taka þátt.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Rigoletto í Óperunni í haust

Óperan sem Íslenska óperan færir upp á komandi haustmisseri er Rigoletto eftir Giuseppe Verdi. „Þetta áhrifamikla og hádramatíska meistaraverk er ein af þekktustu óperum sögunnar og er reglulega færð upp í flestum óperuhúsum veraldar,“ segir í tilkynningu. „Í verkinu koma saman ástir, valdabarátta og örlög í æsispennandi fléttu, sem römmuð er inn af hrífandi tónlist meistara Verdis og inniheldur meðal annars hinar þekktu aríur „La donne e mobile“ og „Questa o Quella“ að ógleymdum kvartettinum „Bella figlia dell'amore“.

Aðalsöngvararnir í verkinu eru Ólafur Kjartan Sigurðarson sem Rigoletto, Jóhann Friðgeir Valdimarsson sem Hertoginn af Mantua, Þóra Einarsdóttir sem Gilda, Jóhann Smári Sævarsson sem Sparafucile, Sesselja Kristjánsdóttir sem Maddalena, Bergþór Pálsson sem Monterone og Bylgja Dís Gunnarsdóttir sem Giovanna, auk þess sem Ágúst Ólafsson, Hlöðver Sigurðsson og Bragi Jónsson syngja minni hlutverk.

Hljómsveitarstjóri verður Daníel Bjarnason, handhafi tvennra verðlauna á Íslensku tónlistarverðlaununum í ár. Alls eru sex sýningar ráðgerðar á verkinu.



**RIGOLETTO** Ólafur Kjartan Sigurðarson fer með titilhlutverkið. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

### > Ekki missa af

Hljómsveitirnar Klassart og Stone Stones slá upp blúsveislu á Faktorý í kvöld. Efri hæðin verður opnuð kl. 21 og byrja tónleikarnir stundvíslega kl. 22. Frítt er inn á tónleikana. Klassart sendi nýverið frá sér aðra breiðskífu sína. Þess má geta að platan er plata vikunnar á Rás 2 þessa vikuna.


## METSÖLULISTI EYMUNDSSON

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í EYMUNDSSON UM LAND ALLT

**04.08.10 - 10.08.10**



**1** Vitavörðurinn - kilja
Camilla Läckberg




**2** Það sem mér ber - kilja
Anne Holt



**3** Eyjafjallajökull
Ari Trausti og Ragnar Th.



**4** Borða, biðja, elska - kilja
Elizabeth Gilbert



**5** Aldrei framar frjáls
Sara Blædel



**6** Brandarabók Andrésar
Walt Disney



**7** Makalaus - kilja
Tobba Marinós




**8** Vegahandbókin 2010
Ýmsir höfundar



**9** Toy Story - Þrautabók 3D
Walt Disney



**10** 25 gönguleiðir á höfuðborgarsvæðinu - Reynir Ingibjartsson

Eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872




**GUÐMUNDUR INGI** Setur á svið verkið Interjections sem er einleikur á ensku.

# Verk byggt á bréfaskriftum Antonins Artaud sett á svið

**Guðmundur Ingi fer með einleikinn Interjections í Norðurpólnum á Seltjarnarnesi. Verkið er hugarfóstur Mischa Titchin og byggt á bréfaskriftum Antonins Artaud.**

„Þetta er í raun ekki leiksýning heldur meira rannsóknarverkefni, en verkið er í stöðugri vinnslu,“ segir leikarinn Guðmundur Ingi Þorvaldsson.

Á sviðslistasýninguni artFart verður gjörðaleikhúsið og tilraunasýningin Interjections sett á svið hér á landi. Verkið er einleikur á ensku sem er hugarfóstur Mischa Twitchin og er það Guðmundur Ingi sem sér um leikinn. Efniviður verksins eru bréfaskriftir franska heimspekingsins, súrrealistans og leikhúsmannsins Antonins Artaud til vina sinna og samferðarfólks er hann var lokaður inni á á geðveikarhælinu Rodez í Frakklandi. Artaud lá ekki á skoðunum sínum um þjóðmál og listir og sagði samfélaginu óhikað til syndanna. Hann var ekki á móti neinni ákveðinni gerð þjóðfélags, heldur var hann einfaldlega á móti þjóðfélaginu sem slíku. Hann gerir sér grein fyrir því að hann sé á skjön við aðra menn og að hann eigi við andleg veikindi að stríða og er allan tímann á meðan á innlögn hans stendur að rannsaka eigin hugsanir, lífið og dauðann.

„Artaud var magnaður heimspekingur. Þegar hann slasaðist varð hann háður ópíumi og síðar heróíni. Í framhaldi af því varð hann í raun geðveikur og var lagður inn á geðspítalann en gerði sér grein fyrir því að hans hugsun var frábrugðin hugsun annarra. Hann rannsakar því hugsun og við byggjum verkið upp á þeim skrifum,“ segir Guðmundur Ingi.

Twitchin, sem rekur Shaunt-leikhúsið í London, kenndi Guðmundi Inga er hann nam við Goldsmiths University og urðu þeir góðir vinir. Þeir komu saman hér á artFart í fyrra þar sem þeir settu einnig verk á svið. Þetta verk byrjuðu þeir að þróa í nóvember og hafa sett sýninguna upp þrisvar áður. „Hvernig hann hugsar um leikhús og skilgreinir list ásamt því að tala um hana og framkvæma hefur kennt mér meira en ég hef nokkurn tímann áður lært um list og það hefur skilgreint mig í listinni,“ segir Guðmundur Ingi.

Twitchin hefur myndað sér sterkar skoðanir um leikhúsið og einkennist þessi sýning mikið af þeim. „Hann vill hafa eins lítið ljós á sviðinu og hann kemst upp með og er mjög hrifinn af skuggum. Hann vill að leikhúsið gerist í huga áhorfendanna. Við búum til lágmarkshughrif á sviðinu svo þinn hugur fari af stað. Leikhúsið er ekki ég að sýna þér eitthvað. Þú ert leikhúsið,“ segir Guðmundur Ingi.

linda@frettabladid.is


bhs.is

## Kvöldskóli BHS haustönn 2010

**Innritun í málmiðnadeild kvöldskóla BHS verður eftirfarandi daga.**

**föstudag 13. ágúst kl: 17 - 19**
**laugardag 14. ágúst kl: 11 - 14**

**Eftirtaldir áfangar verða í boði fyrir málmiðngreinar. Tilvalið fyrir þá sem eru að fara í sveinspróf í málmiðngreinum. Einnig eru kenndar allar suðugreinar, s.s.MIG/MAG, TIG, logsuða og rafsuða.**

| Verklegir áfangar eru. | |
|---|---|
| HSU-102/212 | verkleg suða |
| HSU 232 | verkleg þunnplötusuða, ál / stál / ryðfr. |
| LSU-102/202 | verkleg suða |
| RSU-102/202 | verkleg suða |
| REN-103/203/303 | verkleg rennismíði |
| AVV-102/202 | verkleg aflvélavirkjun |

**Upphaf kennslu: mánudag 23. ágúst frá 18:10** **Lok kennslu: þriðjudaginn 30. nóv. frá 18:10**

**Ath: Áfangar geta fallið niður, náist ekki nægur fjöldi í hópa.**
**Sjá einnig á vef skólans www. bhs.is** **Skólameistari.**

# ÓDÝRT Í SKÓLANN!!!

SPARA SPARA

Blýantur HB þrístrendur
99KR

159KR
Áherslupennar
6stk í pk

179KR
Gormabók
A4 línustrikuð

59KR
Gelpenni margir litir

Stílabók A4 vírheft
línustrikuð
149KR

295KR
Skrifblokkir A4
lína 5stk í pk

199KR
Tímaritabox plast A4
græn og rauð

30KR
Strokleður

80KR
Blý HB 0,5 -
2 stk í pk

125KR
Kúlutússpenni
svartur, blár, rauður

GRIFFILL

ALLTAF ÓDÝRARI

OPIÐ
10-18

SKEIFUNNI 11 s: 5331010
griffill.is

Auglýsingin gildir til og með 15.ágúst eða meðan birgðir endast.
Birt með fyrirvara um innsláttarvillur og mynadbrengl.


ROBYN


NÓRA

## > Í SPILARANUM

Robyn - Body Talk, Pt. 2
Nóra - Er einhver að hlusta?
Ólöf Arnalds - Lög af Innundir skinni

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

## TÍMAVÉLIN SISQÓ FÓR Í FYRSTA SKIPTI Á TOPPINN FYRIR ÁRATUG

# Fyrsta og eina topplagið

- Lagið Incomplete með bandaríska R&B-söngvaranum Sisqó fór á topp Billboard 100-listans á þessum degi fyrir tíu árum síðan.
- Lagið er það eina sem Sisqó hefur komið á toppinn þrátt fyrir að vera miklu frægari fyrir subbusmellinn Thong Song, sem náði þriðja sætinu á Billboard og var tilnefndur til fjölmargra MTV-verðlauna.
- Lagið er á fyrstu plötu Sisqó sem kallast Unleash the Dragon.
- Hann hefur oft viljað láta kalla sig The Dragon, sbr. nafn annarrar plötu hans; Return of the Dragon.
- Sisqó kunni illa að meta Incomplete þegar hann heyrði það fyrst, enda angurvær ballaða en ekki fjörugur smellur.
- Sisqó ætlaði að senda frá sér síðustu plötuna í „dragon-þríleiknum" árið 2008. Hann var tilbúinn með plötuna Last Dragon, en hún kom því miður aldrei út.
- Sisqó er ekki með plötusamning í dag og er að reyna að koma sér á framfæri.



- Í janúar tók Sisqó þátt í raunveruleikaþættinum Celebrity Big Brother í Bretlandi. Þar lenti hann í fimmta sæti og þurfti að berjast við ofurefli stjarna á borð við Stephen Baldwin og Ivönu Trump.
- Á meðal annarra þátta sem hann hefur komið fram í eru Gone Country, I Love the New Millennium og Keith Sweat's Platinum House.
- Við höfum ekki heldur heyrt um þessa þætti.



## TÓNNINN GEFINN
**Trausti Júlíusson**

# Ævisaga snillings

Frakkinn Serge Gainsbourg var að margra mati einn af merkustu tónlistarmönnum tuttugustu aldarinnar. Ferill hans spannaði rúma þrjá áratugi og á þeim tíma samdi hann hundruð laga og texta og kom m.a. við í frönskum sönglögum, djassi, poppi, sýrurokki, reggí, glysrokki, diskói og fönki, auk þess sem hann samdi tónlist við nokkra tugi kvikmynda. Gainsbourg lést úr hjartaáfalli 2. mars 1991, en lögin hans lifa enn góðu lífi og tónlistin hans virðist höfða sterkt til nýrra kynslóða tónlistarmanna. Á meðal þeirra sem hafa tekið lögin hans má nefna Belle & Sebastian, Mike Patton, Franz Ferdinand, Okkervil River og Arcade Fire, svo við nefnum aðeins örfáa og hann hefur líka notið vinsælda hjá íslenskum tónlistarmönnum.




Fyrir nokkrum mánuðum var fyrsta leikna kvikmyndin um ævi Gainsbourg frumsýnd í Frakklandi og í dag er hún að koma út á DVD hér á landi. Ævi Gainsbourg var bæði viðburðarík og skrautleg. Hann gekk ítrekað fram af samlöndum sínum, m.a. með hinu alræmda „stunulagi" Je t'aime moi non plus sem hann gerði með Jane Birkin árið 1969 og sem seldist eins og heitar lummur þrátt fyrir spilunarbann í flestum löndum Evrópu. Ástalíf hans var líka einkar líflegt og frægt varð samband hans við Brigitte Bardot.

Ég verð að viðurkenna að ég verð iðulega fyrir vonbrigðum með leiknar kvikmyndir um tónlistarmenn, en Gainsbourg Vie Héroïque, sem í íslensku þýðinguni heitir Gainsbourg frækið líf, er bara ansi góð. Hún fer aldrei mjög langt frá staðreyndunum, leikaraval er vel heppnað og tónlistin kemst vel til skila. Leikstjóri myndarinnar, Joann Sfar, er teiknimyndasöguhöfundur og blandar þeim heimi inn í myndina, en sú blöndun er bara skemmtileg og verður aldrei óþægilega tilgerðarleg. Skemmtileg mynd um ævi snillings.





INNANHÚSSTÍLISTANÁM

**Dæmi um það sem tekið er fyrir í náminu:**
Lita- og línufræði
Tónalgreining
Vaxtarbygging
Heitt og kalt rými
Stórt og lítið rými
Uppröðun hluta
**Stílistun á:**
Baðherbergi
Svefnherbergi
Barnaherbergi
Eldhúsi
Garðhýsi
Stofu
Og margt fleira.

The Academy of Colour and Style býður nú upp á nám í innanhússtílistun. Farið er í helstu grunnþætti í lita- og línufræði. Einnig er kennt að meta stíl út frá persónunni sjálfri. Þá er hún greind út frá vaxtarbyggingu og litgreiningu en þær upplýsingar segja mikið til um hvernig einstaklingur vill hafa sitt nánasta umhverfi eins og liti og stíl. Nemendur vinna svo verkefni í hverri viku og taka þá fyrir stílistun á stofu, baðherbergi, barnaherbergi o.fl. Gestafyrirlesarar koma í tíma og kynna fyrir nemendum ýmis atriði sem koma þeim til góða.
Hver önn tekur þrjá mánuði. Kennsla fer fram í Tækniskólanum einu sinni í viku frá 18-22.


Anna F. Gunnarsdóttir
*Stílisti*


Helga Sigurbjarnadóttir
*Innanhúsarkitekt*


Þorsteinn Haraldsson
*Byggingafræðingur*

UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Í SÍMA 533 5101




**IRON MAIDEN** Frá vinstri: Gítarleikarinn Adrian Smith, trommarinn Nicko McBrain, söngvarinn Bruce Dickinson og gítarleikarinn Janick Gers. NORDICPHOTOS/GETTY

# Á sextugsaldri með sína fimmtándu hljóðversplötu

**Ensku þungarokkararnir í Iron Maiden eru hvergi nærri hættir þrátt fyrir 35 ár í bransanum. Fimmtánda hljóðversplatan, The Final Frontier, er á leiðinni.**

Fimmtánda hljóðversplata þungarokkaranna í Iron Maiden, The Final Frontier, kemur út á þriðjudaginn. Þetta er fyrsta plata þessara ensku rokkara í fjögur ár, eða síðan A Matter of Life and Death kom út. Aldrei hefur jafnlangur tími liðið á milli hljóðversplatna Iron Maiden. The Final Frontier er jafnframt lengsta platan í sögu sveitarinnar, eða rúmar 76 mínútur.

Iron Maiden er ein af vinsælustu þungarokkssveitum sögunnar. Ferill hennar hófst árið 1975 og síðan þá hefur hún selt um áttatíu milljónir platna og spilað á yfir tvö þúsund tónleikum, þar á meðal hér á landi.

Fyrstu tuttugu árin var Iron Maiden fimm manna band en árið 1999 bættist þriðji gítarleikarinn í hópinn og þéttleikinn varð meiri en nokkru sinni fyrr. Auk Dickinsons skipa sveitina þeir Steve Harris, Nicko McBrain, Adrian Smith, Dave Murray og Janick Gers. Þeir eru allir komnir á sextugsaldurinn en virðast alls ekki á þeim buxunum að slaka eitthvað á í rokkinu.

Iron Maiden sló í gegn með þriðju plötu sinni, The Number of the Beast, árið 1982, sem var sú fyrsta með söngvaranum og flugmanninum Bruce Dickinson um borð. Hljómsveitin var óstöðvandi á níunda áratugnum og gaf á þeim tíma út sjö hljóðversplötur og fór í jafnmargar tónleikaferðir um heiminn. Nærvera skrímslisins Eddie átti sinn þátt í vinsældunum, enda var það á öllum plötuumslögum og stuttermabolum sveitarinnar og var í bakgrunni á hverjum einustu tónleikum. Leikarinn Guðmundur Ingi Þorvaldsson berst einmitt við skrímslið í nýju myndbandi sveitarinnar við titillag plötunnar, eins og komið hefur fram. Þar eigast þeir við úti í geimi í æsispennandi bardaga um lykil sem getur eytt mannkyninu, hvorki meira né minna.

**80** Þær milljónir hljómplatna sem Iron Maiden hefur selt á ferli sínum.

Iron Maiden hóf tónleikaferð sína um heiminn til að fylgja The Final Frontier eftir þann 9. júní. Sveitin spilaði í Bergen í Noregi í gær og á laugardaginn verður hún í Búdapest í Ungverjalandi. Tónleikaferð um Ástralíu hefst síðan í febrúar.

freyr@frettabladid.is

# Jónsi spilar á Moogfest

Jónsi úr Sigur Rós kemur fram á bandarískri tónlistarhátíð til heiðurs Robert Moog í lok október.

Moog fann upp samnefnda hljóðgervla sem hafa verið mikið notaðir af tónlistarfólki í gegnum tíðina. Þessi árlega hátíð fer fram í fyrrum heimabæ Moog í Asheville í Norður-Karólínu og nefnist einfaldlega Moogfest. Auk Jónsa koma þar fram þekktir flytjendur á borð við Massive Attack, MGMT, Hot Chip, Four Tet, Panda Bear og Thievery Corporation.

Tónlistarmönnum sem eru þekktir fyrir að skapa einstakan hljóðheim og búa yfir mikilli sköpunargáfu var boðið að spila á Moogfest. Auk tónleikanna verða haldnir fyrirlestrar um Moog og kvikmyndir sýndar, auk þess sem gestir fá sjálfir að prófa Moog-hljóðfæri.



**JÓNSI** Jón Þór Birgisson spilar á bandarískri tónlistarhátíð til heiðurs Robert Moog. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hátíðin verður haldin á sama tíma og hin vinsæla hrekkjavaka fer fram í Bandaríkjunum en þrátt fyrir það verður áherslan alfarið á Moog og hans arfleifð. Robert Moog, sem lést árið 2005, var frumkvöðull í rafrænni tónlist. Auk hljóðgervla bjó hann til önnur hljóðfæri sem tónlistarmenn hafa haft mikil not fyrir.

Jónsi er á tónleikaferð um Norðurlönd þessa dagana. Í kvöld spilar hann í Gautaborg, á sunnudaginn í Helsinki og á þriðjudaginn verður hann á tónleikastaðnum Vega í Kaupmannahöfn.

# FARTÖLVU TILBOÐ

## STÚTFULL BÚÐ AF NÝJUM TILBOÐUM




acer ASUS hp lenovo msi packard bell SONY TOSHIBA

**OPNUNARTÍMAR**

FIMMTUDAG
10:00 - 19:00
FÖSTUDAG
10:00 - 19:00
LAUGARDAG
11:00 - 18:00
SUNNUDAG
13:00 - 17:00

# TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

## > EKKI AÐDÁANDI HEPBURN

Breska leikkonan **Emma Thompson** hefur látið hafa það eftir sér að hún sé ekki mikill aðdáandi leikkonunnar Audrey Hepburn. Thompson er þessa dagana við æfingar á endurgerð af kvikmyndinni My Fair Lady, sem einmitt skartaði Audrey Hepburn í aðalhlutverki á sínum tíma. Óskarsverðlaunahafinn Thompson segir Hepburn hafi verið ofmetna og hæfileikalausa leikkonu.



# bíó

bio@frettabladid.is

# Náttúruöflin fjögur berjast

Nýjasta afkvæmi leikstjórans M. Night Shyamalan var frumsýnt hér á landi í gær en það er kvikmyndin The Last Airbender.

Myndin er í ævintýrastíl þar sem heiminum er skipt í fjögur ríki sem hvert um sig táknar eitt af fjórum náttúruöflum; Eld, vatn, loft og jörð. Íbúar ríkjanna hafa ávallt lifað í sátt og samlyndi en það breytist þegar ríki eldsins skyndilega ákveður að lýsa stríði á hendur hinum ríkjunum. Eldar og stríð hrjá heimana í heila öld en það breytist þegar ungur strákur, Aang, kemst að því að hann býr yfir þeim krafti að geta stjórnað öllum náttúruöflunum. Aang fer þá til liðs við systkinin Sokka og Katara úr heimi vatns og saman reyna þau að koma á friði milli ríkjanna í heiminum. En það er hægara sagt en gert og þurfa þau meðal annars að takast á við hinn illa foringja Prince Zuko úr heimi eldsins.



**UNG HETJA** Aang getur komið á friði í stríðshrjáðum heimi í myndinni The Last Airbender.

Meðal leikara í The Last Airbender er hinn indverski Dev Patel en hann skaust upp á stjörnuhimininn fyrir hlutverk sitt í myndinni Slumdog Millionaire. Hann er núna í hlutverki hins illa Prince Zuko en það er Noah Ringer sem leikur ungu hetjuna Aang.

M. Night Shyamalan hefur gert það gott í kvikmyndaheiminum með kvikmyndum eins og Sixth sense, Signs, Unbreakable og The Happening. Hann er einnig handritshöfundur The Last Airbender. Íslenskum áhorfendum gefst líka kostur á að sjá myndina í þrívídd.

# Expendables framhald?

Þó svo að harðhausamyndin The Expendables verði ekki frumsýnd í Bandaríkjunum fyrr en um helgina þá er strax byrjað að tala um framhaldsmynd. Myndin er í leikstjórn gömlu kempunnar Sylvesters Stallone en hún skartar mörgum af helstu stjörnum síns tíma í aðalhlutverkum. Bruce Willis, Mickey Rourke og Dolph Lundgren svo nokkrir séu nefndir og Stallone sjálfur leikur eitt aðalhlutverkið.

Byrjað er að undirbúa framhaldsmyndina en aðstandendurnir ætla þó að bíða aðeins og sjá hvernig The Expendables vegnar í bíóhúsum næstu vikurnar.



**THE EXPENDABLES 2** Stallone og félagar gætu þurft að leiða saman hesta sína að nýju. FRÉTTBLAÐIÐ/GETTY

# Gerard Butler reimar á sig takkaskóna

Leikarinn og Íslandsvinurinn Gerard Butler hefur tekið að sér hlutverk knattspyrnuþjálfara í nýrri mynd sem ber nafnið Slide. Myndin átti upphaflega að vera um hafnabolta en nú hafa framleiðendurnir ákveðið að breyta um stefnu og vonast til að geta aukið vinsældir fótbolta vestanhafs með þessari ákvörðun sinni. Butler sjálfur er einn af framleiðendum myndarinnar en eins og flestum er kunnugt er leikarinn frá Skotlandi þar sem fótboltinn er í miklum metum. Það má því ætla að Butler hafi átt stóran þátt í þessari stefnubreytingu myndarinnar.

Butler hefur meðal annars leikið í myndunum eins og P.S. I love You og Law Abiding Citizen og núna síðast í myndinni Bounty Hunter þar sem hann lék aðalhlutverkið með Jennifer Aniston.

Gamanmyndin Slide fjallar um mann sem ákveður að þjálfa yngri flokka fótboltaliðs til að ná aftur sambandi við son sinn. Á meðan hann kennir strákunum boltafimina finnst mæðrum drengjanna þjálfarinn vera ómótstæðilegur og það tekur því meira á fyrir þjálfarann að takast á við þær en fótboltadrengina.

Fyrirhugað er að frumsýna myndina seint á næsta ári.



**FÓTBOLTAUNNANDI** Gerard Butler er búinn að taka að sér að leika knattspyrnuþjálfara í nýrri mynd.

# Salt leitar að sannleikanum

**Kvikmyndin Salt var frumsýnd hér á landi í gær en það er Hollywood-leikkonan Angelina Jolie sem leikur aðalhlutverkið. Myndin á að vera í líkingu við kvikmyndirnar um James Bond þar sem Evelyn Salt á að vera kvenkyns útgáfa af breska spæjaranum.**



**Á FLÓTTA** Angelina Jolie í hlutverki rannsóknarlögreglukonunnar Evelyn Salt sem leggst á flótta til að hreinsa nafn sitt.

Líf rannsóknarlögreglukonunnar Evevlyn Salt snýst á hvolf þegar hún er sökuð um að vera rússneskur njósnari sem hyggst ráða rússneska forsetann af dögum. Salt, sem starfar fyrir bandarísku leyniþjónustuna CIA, kemur af fjöllum en þegar maður sem er við yfirheyrslur hjá Salt og félögum hennar, segir að rússneski forsetinn verði drepinn í opinberri heimsókn sinni til Bandaríkjanna nefnir hann hana sem morðingjann. Þessar fregnir koma Salt í opna skjöldu og gera það að verkum að hún ákveður að flýja. Hún er eftirlýst af CIA en Salt er staðráðin í að leita að sannleikanum og hreinsa nafn sitt.

Aðalhlutverk í myndinni er í höndum Hollywood-leikkonunnar Angelinu Jolie en með leikstjórn fer Phillip Noyce. Hann ber Jolie vel söguna og segir hana hafa verið einstaklega ósérhlífna á tökustað. Jolie framkvæmdi öll áhættuatriði sín sjálf og vílaði ekki fyrir sér að hoppa úr þyrlu, skjóta úr byssu eða hoppa ofan af húsþökum. Með önnur hlutverk í myndinni fara meðal annars Liev Schreiber og Chiwetel Ejiofor.

Gagnrýnendur hafa almennt verið ánægðir með kvikmyndina Salt. Blaðamaður Los Angeles Times er ánægður með frammistöðu Angelinu Jolie og gefur myndinni þrjár og hálfa stjörnu af fimm. Hann bætir því einnig við að Jolie nái að sameina bæði hörku spæjarans og kvenlega mýkt sem gerir karakterinn Evelyn Salt trúverðuga.

Það er því spurning hvort íslenskir áhorfendur taki myndinni um Evevlyn Salt jafn vel.

alfrun@frettabladid.is



## CRUISE SEM SALT

Upphaflega átti leikarinn Tom Cruise að fara með aðalhlutverk í kvikmyndinni Salt og átti aðalpersónan að heita Edwin A. Salt. Cruise dró sig hins vegar út úr verkefninu vegna þess að honum þótti karakterinn vera of líkur Ethan Hunt, sem Cruise lék í Mission Impossible myndunum. Aðstandendur myndarinnar reyndu þá að endurskrifa handritið til að koma til móts við Cruise en ekki gekk að breyta hlutverkinu nógu mikið fyrir Cruise.

Amy Pascal, stjórnarformaður Columbia Pictures, stakk þá upp á Angelinu Jolie í hlutverkið en leikkonan á að hafa lýst yfir áhuga sínum á að leika kvenhetju. Það varð úr og handritið var endurskrifað fyrir Angelinu Jolie.



# Enn meiri afsláttur

# 60%

## Afsláttur af öllum vörum

Menn + Konur, Laugavegi 7




Andersen & Lauth

Reykjavik

established 1934

p.s. Fyrir forvitna....sjá haust 2010
á www.andersenlauth.com

## > U2 SPILAR NÝ LÖG

Írska dægurlagasveitin **U2** lék þrjú ný lög á tónleikum á Ítalíu um helgina. Lögin heita Glastonbury, North Starf og Return Of The Stingray Guitar og verða væntanlega á næstu plötu hljómsveitarinnar.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Misheppnuð Gaga

Hin vinsæla söngkona, Lady Gaga, tók nýverið aftur saman við gamlan kærasta sinn, bareigandann Luc Carl. Eftir aðeins nokkurra vikna samband frétti söngkonan af því að unnustinn átti einnig í sambandi við aðra stúlku.

„Þau eru nýbyrjuð saman en hún er hrædd um að missa Carl aftur því hún getur ekki treyst honum. Hún er líka miður sín yfir því að vera „hin konan“,“ var haft eftir ónefndum vini söngkonunnar. Parið átti í sambandi áður en Lady Gaga skaust upp á stjörnuhimininn og áttu að hafa hætt saman vegna fíkniefnavanda hennar, þótt aðrar heimildir segi að Carl hafi haldið framhjá söngkonunni og hún því bundið enda á sambandið.

„Gaga hefur náð heimsfrægð en hvað einkalífið varðar finnst henni hún misheppnuð því hún fær ekki manninn sem hún elskar til að elska hana á móti.“ Samkvæmt fyrrnefndum vini söngkonunnar á hún að hafa verið full grunsemda og ákveðið að hringja í fyrrum kærustu sem sagðist enn eiga í sambandi við manninn. „Gaga varð miður sín. Hún óttast að hann sé aðeins með henni vegna frægðar hennar og fjár.“



**MISHEPPNAÐ EINKALÍF** Lady Gaga er heimsfræg en finnst hún misheppnuð í einkalífinu. NORDICPHOTOS/GETTY






**RÖKKURRÓ** Önnur platan frá hljómsveitinni Rökkurró, Í annan heim, kemur út á fimmtudaginn.

# Ný plata frá Rökkurró

**Önnur platan frá hljómsveitinni Rökkurró, Í annan heim, kemur út á fimmtudaginn. Hægt er að hlusta á plötuna í heild sinni sem og kaupa hana í forsölu á síðunni Gogoyoko.com. Jafnframt verður þar hægt að nálgast aukalag sem er ekki á plötunni sjálfri en í því heyrist kunnugleg rödd úr íslensku tónlistarlífi. Rökkurró heldur tónleika í 12 Tónum, sem gefa út plötuna, á föstudaginn klukkan 17.30. Þar verður hægt að fá forsmekkinn af plötunni og verða einungis lög af henni spiluð.**

# Amma vill Rihönnu

Rapparinn Eminem gaf nýverið út lag ásamt söngkonunni Rihönnu sem hefur heldur betur slegið í gegn vestan hafs. Amma Eminem viðurkenndi í nýlegu viðtali að henni þætti gaman að sjá barnabarn sitt og Rihönnu saman. „Ég skil vel hvað stúlkurnar sjá við hann. Hann er afskaplega sjarmerandi og er með þessi fallegu, bláu augu og hlýlegt bros. Rihanna væri fullkomin fyrir Marshall, en hann þarf tíma til að njóta lífsins núna og á ekki að festa sig í sambandi að svo stöddu,“ sagði amman.

Lagið Love the Way You Lie hefur verið mikið í umræðunni undanfarið því textinn fjallar um heimilisofbeldi og finnst sumum það taka helst til vægt á málinu. Rihanna hefur þó svarað gagnrýnisröddum og sagt textann ná að fanga raunveruleikann vel. Hún hætti sem kunnugt er með Chris Brown í ársbyrjun eftir að hann veittist að henni eftir rifrildi.



**TILVALIN KÆRASTA** Amma Eminem telur að Rihanna yrði gott kvonfang fyrir barnabarn sitt.



**Á LAUSU** Leikkonan Rachel Bilson með unnusta sínum fyrrverandi, leikaranum Hayden Christensen.

# Idol-stjarna í vandræðum

Idolstjarnan Fantasia Barrino, sem sigraði í keppninni árið 2004, hefur nú komið sér í frekar mikil vandræði. Söngkonan hefur átt í ástarsambandi við kvæntan mann, sem heitir Antwuan Cook, ásamt því að hafa búið til kynlífsmyndband með honum.

Paula Cook, eiginkona mannsins, segir Fantasiu hjákonu eiginmannsins, í lögsókn sem hún lagði fram í þessari viku. Þar ásakar hún eiginmann sinn um framhjáhald og að hafa búið til kynlífsmyndband með söngkonunni. „Eiginmaðurinn og ungfrú Barrino hafa skráð ólöglegt kynlíf sitt á myndband,“ stendur í skjölum málsins. Eiginkonan notar þetta til að mynda í baráttu sinni um forræði yfir börnum þeirra.

Undir venjulegum kringumstæðum væri söngkonan ekki látin bera ábyrgð á þessum málum en þar sem þau búa í Norður-Karólínu líta málin öðruvísi út. Ríkið er nefnilega eitt af sjö ríkjum Bandaríkjana þar sem „hjónabandsdjöflar þurfa að hafa áhyggjur“.

Í gögnum málsins kemur einnig fram að Idol-stjarnan hafi skilið eftir skilaboð til eiginkonunnar þar sem hún sagði: „Hann vill þig ekki. Þú verður kannski búin að læra hvernig á að halda í manninn sinn næst þegar þú giftir þig. Þetta er ástæðan fyrir því að hann er hér með mér.“

Söngkonan, sem hefur látið húðflúra Cook með skrautlegri skrift framan á öxl sína, gæti því lent í miklum vandræðum verði hún lögsótt fyrir þetta atferli sitt og tapað nokkrum milljónum í framhaldi af því.



**FANTASIA Í VANDRÆÐUM** Idol-söngkonan valdi sér svo sannarlega vitlaust ríki til að eiga í ástarsambandi við giftan mann.

# Ekki lengur trúlofuð

Leikaraparið Rachel Bilson og Hayden Christensen hafa slitið trúlofun sinni. Þau kynntust við tökur á myndinni Jumper árið 2007 og opinberuðu trúlofun sína strax árið eftir. Nú er því ævintýri lokið en talið er að fjarbúðin hafi eyðilagt sambandið. Christensen, sem er hvað þekktastur fyrir leik sinn í Star Wars-myndunum, er búsettur í Kanada en Bilson, sem komst á kortið eftir leik sinn í unglingasápunni OC, býr í Hollywood.

# Ormsteiti fyrir austan

Hin árlega bæjarhátíð Ormsteiti á Fljótsdalshéraði hefst á morgun og stendur yfir til 22. ágúst. Dagskráin er að vanda fjölbreytt og við það miðuð að sem flestir aldurshópar finni þar eitthvað við sitt hæfi. Hátíðin hefst með hverfateiti á Egilsstöðum þar sem íbúar koma saman, blanda geði og grilla áður en skipulögð dagskrá hefst með setningarathöfn á Vilhjálmsvelli, kl. 20 föstudagskvöldið 13. ágúst. Í kjölfarið fylgir svo skipulögð dagskrá alla hátíðardagana og má þar nefna myndlistarsýningu, bíla- og hjólasýningu, golfmót, mynda- og búningasamkeppni.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 12. ágúst 2010**

### ➜ Tónleikar

**21.00** **Jazzklúbburinn Múlinn** efnir til tónleika í **Risinu**, Tryggvagötu 20, í kvöld. Tónleikarnir verða tileinkaðir saxófónleikaranum Charlie Parker. Tónleikarnir hefjast kl. 21.00. 1500 króna aðgangseyrir, 1000 krónur fyrir nema.

**22.00** Hljómsveitirnar **Nóra**, **Chili and the Whalekillers** og **Formaður Dagsbrúnar** efna til tónleika á **Sódómu Reykjavík** í kvöld. Tónleikarnir hefjast kl. 22.00 og er aðgangseyrir 500 krónur.

### ➜ Fræðsla

**16.00** **Listasafn Reykjavíkur** verður með kynningu á fræðslumöguleikum sem í boði eru fyrir skóla og almenning næsta vetur. Kynningin fer fram í fjölnotasal **Hafnarhússins** frá 16.00-18.00. Aðgangur ókeypis.

### ➜ Upplestur

**16.30** **Gunnhildur Sigurjónsdóttir** les úr bók sinni Í Faðmi dagsins í dag, kl. 16.30, í tilefni af áttatíu ára afmæli Sólheima. Upplesturinn verður í íþróttahúsi **Sólheima**. Allir velkomnir.

### ➜ Samkoma

**20.00** **Borgarbókasafn, Listasafn, Ljósmyndasafn** og **Minjasafn Reykjavíkur** bjóða almenningi til kráarrölts um miðbæinn. Lagt verður af stað frá **Grófarhúsi** kl. 20.00. Aðgangseyrir er enginn.

**22.00** **Samstarfshópur** um frið á Akureyri stendur fyrir kertafleytingu til að minnast fórnarlamba kjarnorkuárásanna á Japan í ágúst 1945. Athöfnin verður haldin við **Minjasafnstjörnina** kl. 22.00.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**



# Geir er frábær söngvari

**Don Randi, fyrrum píanisti Franks Sinatra, er staddur hér á landi í tilefni af tónleikum sem hann heldur með hljómsveit sinni Quest á Broadway á laugardagskvöld. Fréttablaðið ræddi við Randi um ferilinn og kynni hans af Geir Ólafssyni.**



**STÓRSKOTALIÐ** Sannkallað stórskotalið verður á tónleikunum á Broadway. Bryndís Schram, Kristján Jóhannsson, Don Randi og Geir Ólafsson verða öll á staðnum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hinn 73 ára Don Randi er þekktastur sem eigandi tónleikastaðarins The Baked Potato í Los Angeles sem hefur verið starfræktur í fjörutíu ár. Þar spilar hann reglulega djassbræðing með hljómsveit sinni Quest auk þess sem fjöldi frægra tónlistarmanna hefur stigið þar á svið.

Á sjötta og sjöunda áratugnum var Randi eftirsóttur hljóðversspilari og spilaði í þekktum lögum á borð við Good Vibrations með Beach Boys, You´ve Lost That Lovin´Feelin með Righteous Brothers, River Deep – Mountain High með Ike og Tinu Turner og Be My Baby með The Ronettes. Auk þess að vera píanisti Franks Sinatra hefur hann spilaði inn á plötur með dóttur hans Nancy og verið tónlistarstjóri hennar. Þannig komst hann í kynni við söngvarann Geir Ólafsson. „Við töluðum fyrst saman þegar Geir var að reyna að fá Nancy Sinatra til að halda tónleika í Reykjavík,“ segir Randi, lágvaxinn og nokkuð þéttur með sólgleraugun á nefinu. „Við eyddum örugglega tveimur árum í að fá hana til Íslands en á endanum hafði hún ekki lengur áhuga. Þannig urðum við vinir,“ segir hann.

Geir spilaði á The Baked Potado í mars síðastliðnum ásamt Randi og hljómsveitinni Quest. „Hann er frábær söngvari,“ segir Randi um Geir. „Ég held að ef hann dytti í lukkupottinn með eitt lag, kannski eitthvað nútímalegra en hann hefur sungið hingað til og með sinni eigin nálgun, þá eigi hann góða möguleika á að slá í gegn.“ Randi heldur áfram: „Þegar Geir kom til Los Angeles vissi enginn hver hann var en allir sem sáu hann syngja trúðu ekki sínum eigin augum því þeir skemmtu sér svo vel. Geir er ekki bara söngvari, hann er líka skemmtikraftur. Maður veit aldrei í hvaða átt hann fer með atriðið sitt, sem gefur honum svolítið skoplegt yfirbragð því það er gaman að fylgjast með honum. Ég held að konurnar hrífist af honum líka,“ segir hann og hlær.

Geir er afar ánægður með samstarfið við Randi, enda eru þeir að íhuga að gefa út plötu saman sem verður hugsanlega tekin upp hér á landi. Geir ætlar einnig að syngja aftur á The Baked Potado í byrjun næsta árs. „Það hefur verið heiður að vinna með Don. Hann er sá besti í heimi. Hann er mjög vel þekktur og virtur í Hollywood og þetta er mikill heiður fyrir mig,“ segir hann.

Á meðal gestasöngvara á Broadway á laugardagskvöld verða Raggi Bjarna, Egill Ólafsson og tenórinn Kristján Jóhannsson. Bryndís Schram verður kynnir. Tónleikarnir verða teknir upp og eftir það mun Randi ákveða hvort þeir verða gefnir út. „Við erum fyrst og fremst með þessum tónleikum að reyna að gleðja íslenska áhorfendur á erfiðum tímum á Íslandi og ég vona að þeir hafi tíma og getu til að koma,“ segir Geir.

freyr@frettabladid.is

## SAMSTARFSAÐILAR DONS RANDI



- Jackson Five
- Elvis Presley
- Neil Young
- Neil Diamond
- Sammy Davis Jr.
- Dean Martin
- **Frank Sinatra**
- Nancy Sinata
- The Righteous Brothers
- The Beach Boys
- The Monkees
- Bette Midler
- Phil Spector
- Linda Ronstadt
- Sonny & Cher
- The Ronettes
- Ike & Tina Turner


NÝTT Í BÍÓ

LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus






LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| SALT | 6, 8 og 10 (POWER) | 16 |
| LAST AIRBENDER 3D | 4, 6, 8 og 10 | L |
| 22 BULLETS | 8 og 10.15 | 16 |
| THE KARATE KID | 5 | L |
| SHREK SÆLL ALLA DAGA 3D | 4 - ÍSLENSKT TAL | L |

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| SALT | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | 14 |
| SALT LÚXUS | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | 14 |
| THE LAST AIRBENDER 3D | kl. 3.30 - 5.40 - 8 - 10.20 | 10 |
| LJÓTI ANDARUNGINN OG ÉG | kl. 4 (650 kr.) | L |
| KARATE KID | kl. 5.10 - 8 - 10.50 | L |
| SHREK 4 2D ÍSL TAL | kl. 3.30 - 5.45 | L |
| KNIGHT AND DAY | kl. 8 - 10.30 | 12 |

facebook.com/smarabio

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| SALT | kl. 6.50 - 9 - 11.10 | 14 |
| LJÓTI ANDARUNGINN OG ÉG | kl. 6 (650 kr.) | L |
| THE KARATE KID | kl. 6 - 9 | L |
| BABIES | kl. 6 - 8 | L |
| PREDATORS | kl. 10 | 16 |
| GROWN UPS | kl. 8 - 10.20 | L |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| SALT | kl. 6 - 8 - 10 | 14 |
| THE LAST AIRBENDER 3D | kl. 6 - 8 - 10 | 10 |

SAMBÍÓIN




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| SALT | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 16 |
| SORCERER´S APPRENTICE | 1 - 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20 | 7 |
| INCEPTION | kl. 4 - 7 - 8 - 10:10 - 11 | 12 |
| INCEPTION | kl. 2 - 5 - 8 - 11 | VIP |
| SHREK SÆLL ALLA DAGA-3D M/ ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:40 | L |
| SHREK SÆLL ALLA DAGA ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | L |
| SHREK FOREVER AFTER M/ ensku Tali | kl. 5:50 | L |
| LEIKFANGASAGA 3 M/ ísl. Tali | kl. 1:30 - 1:50 - 3:40 | L |
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 8 | 12 |
| TWILIGHT SAGA : ECLIPSE | kl. 10:50 | 12 |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| SALT | kl. 8 - 10:10 | 16 |
| SORCERER´S APPRENTICE | kl. 8 | 7 |
| KNIGHT AND DAY | kl. 10:10 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| THE LAST AIRBENDER-3D | kl. 5:50 - 8 - 10:50 | 7 |
| SORCERER´S APPRENTICE | kl. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20 | 7 |
| INCEPTION | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| SHREK SÆLL ALLA DAGA-3D M/ ísl. Tali | kl. 3:40 | L |
| SHREK FOREVER AFTER-3D M/ ensku Tali | kl. 5:50 | L |
| LEIKFANGASAGA 3-3D M/ ísl. Tali | kl. 3:20 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| THE SORCERER'S APPRENTICE | kl. 8 - 10:20 | 7 |
| SHREK SÆLL ALLA DAGA-3D ísl tal | kl. 6 | L |
| LEIKFANGASAGA 3 ísl tal | kl. 6 | L |
| INCEPTION | kl. 8 | 12 |

já -er svarið
NÚ GETUR ÞÚ FENGIÐ SÝNINGARTÍMA OG UPPLÝSINGAR UM MYNDIR Í BÍÓ HJÁ JÁ - 118

ÓDÝRAR KILJUR Í ÚRVALI

Barnið í ferðatöskunni eftir Lene Kaaberbøl og Agnete Friis fékk Harald Mogensen-verðlaunin sem besta danska spennusagan 2008 og var tilnefnd til Glerlykilsins 2009.

„Sjálfsöruggur og beittur tryllir á svimandi hraða.“

Jyllands-Posten




1.990.-
áður 2.490.-

HAGKAUP
Eins ferð betra verð



LINDEN BERJATÍNUR
Einnig saftflöskur, krukkur, berjasíur og berjapressur
SCHOU HRAÐSUÐUKANNA
Stál - 2000W
Verð áður 7.490 kr.
Tilboð 4.990 kr.
33%
KITCHEN AID BLANDARI
HVÍTUR
Verð áður 44.990 kr.
Tilboð 39.990 kr.
Þú sparar 5.000 kr.
KITCHEN AID BLANDARI
ÝMSIR LITIR
Verð áður 47.990 kr.
Tilboð 42.990 kr.
Þú sparar 5.000 kr.
FERÐAGLAS
MEÐ RÖRI
39%
Verð áður 2.474 kr.
Tilboð 1.499 kr.
VICTORINOX
hnífar og hnífapör
Svissnesk gæðavara 20% afsláttur
• Framleiddir síðan 1884
• Allir þekkja Swiss army knives.
• Gæði í gegn, ævilöng ending.
• Mikið notaðir af fagfólki
• Mikið úrval: Brauð-, kjöt-, fiski-, grænmetis-, ávaxtahnífar, o.fl.
• Ryðfrítt stál X 50 CrMo, hert 55-56 HRC
Gott verð
ERGORAPIDO
Handryksuga
með skafti
19.900 kr.
TRISTAR GUFUSUÐUPOTTUR
20%
Verð áður 11.990 kr.
Tilboð 8.792 kr.
SCHOU PÖNNUKÖKUPANNA
25%
Verð áður 4.497 kr.
Tilboð 3.373 kr.
Tifandi tilboðssprengja
aðeins 4 dagar
fimmtudag - föstudag - laugardag - sunnudag eða meðan birgðir endast
TRISTAR MÍNÚTUGRILL
1200W
Verð áður 10.990 kr.
20%
Tilboð 8.792 kr.
TRISTAR TÖFRASPROTI
Stál
30%
Verð áður 9.990 kr.
Tilboð 6.990 kr.
SCHOU BLANDARI
500W - 1,5LTR
Verð áður 9.999 kr.
Tilboð 8.499 kr.
Þú sparar 1.500 kr.
SCHOU POTTUR
10 lítra m/loki
Verð áður 11.990 kr.
Tilboð 7.794 kr.
Þú sparar 4.197 kr.
35%
Heimilistæki á lægsta verði
allar vörurnar á 2.990 kr.
ÖLL EVA SILIKONFORM
25%
afsláttur
• Viðloðunarfrí
• Þola -60°C - 260°C
• Mega fara í uppþvottavél
ÖLL WILTON MUFFINSFORM
25%
HEIMILISTÆKJAMARKAÐUR
byggtogbúið
KRINGLUNNI
www.byggtogbuid.is
TRISTAR BAÐVOG SONJA
33%
Verð áður 5.990 kr.
Tilboð 3.990 kr.
byggtogbúið
568 9400 byggtogbuid.is | Kringlunni
facebook.com / byggt.og.buid

## > Sveinbjörn aftur norður til Akureyrar

Sveinbjörn Pétursson mun spila með Akureyri á næstu leiktíð. Hann skrifar að nýju undir samning á morgun þegar hann kemur aftur norður en Akureyri þarf að borga HK fyrir leikmanninn. Samningaviðræðurnar voru langar og strangar en Sveinbjörn var í skýjunum með að klára málið. „Ég er ánægður með þessa niðurstöðu og það verður gaman að spila aftur fyrir norðan," sagði Ísfirðingurinn sem er einn besti markmaður deildarinnar. Akureyringar missa bæði Hörð Flóka Ólafsson sem er hættur og að öllum líkindum Hafþór Einarsson en munu nota unga markmenn ásamt uxanum Stefáni Guðnasyni sem er byrjaður að æfa aftur á nýjan leik.



**sport**

sport@frettabladid.is

**ELÍSABET GUNNARSDÓTTIR, ÞJÁLFARI KRISTIANSTAD:** VERKFALL HENNAR OG STELPNANNA BAR ÁRANGUR

# *Þetta eru búnir að vera svolítið erfiðir dagar*



Verkfall Elísabetar Gunnarsdóttur og stelpnanna hennar í Kristianstad skilaði sér og vakti bæjarbúa Kristianstad sem sameinuðust á bak við liðið sitt sem er búið að standa sig mjög vel í sænsku kvennadeildinni á þessu tímabili. Verkfallinu lauk á þriðjudaginn aðeins fimm dögum fyrir fyrsta leik eftir sumarfrí sem er mikilvægur leikur á móti Tyresö á sunnudaginn en liðin eru jöfn að stigum í 5. og 7. sæti deildarinnar.

„Þetta eru búnir að vera svolítið erfiðir dagar. Við sem erum í þessum fótbolta erum í þessu af ástríðu og ánægju en ekki bara fyrir einhverja peninga," sagði Elísabet Gunnarsdóttir, en það var ekkert annað í stöðunni en að fara í verkfall. „Ekki eftir allt sem gekk á í fyrra þegar við vorum hérna í þrjá mánuði án þess að fá laun. Það var rosalega erfiður tími og okkur finnst stjórnin ekki hafa lagt nógu mikið á sig til að forðast þessa stöðu sem er komin upp hjá félaginu. Okkar svar var að fara í verkfall og það hefur heldur betur skilað sér," segir Elísabet. Bæjarbúar Kristianstad stóðu á bak við stelpurnar sínar og margir sendu félaginu peninga.

„Það voru mjög mikil viðbrögð úr samfélaginu, við höfum fengið mikið af auka kostendum og mikið af fólki hefur líka komið með peninga inn í félagið. Eftir því sem ég best veit er ekki bara búið að redda þessum mánuði heldur öllu tímabilinu og jafnvel vinna upp þann mínus sem félagið var búið að safna sér upp," segir Elísabet en hún viðurkennir að æfingaleysið gæti háð liðinu í fyrstu leikjunum eftir frí.

„Við vorum að koma úr fríi þegar þetta skellur á og svo höfum við ekki æft saman í dálítinn tíma. Það verður svolítið erfitt að púsla þessu saman en á móti kemur að þetta mun eflaust hjálpa til við að ná upp stemningu og sterkari liðsheild," segir Elísabet sem lítur á leikinn við Tyresö sem einn af úrslitaleikjunum um hvort Kristianstad nái að halda sér í hópi fimm

Landsliðsþjálfarinn Eyjólfur Sverrisson kampakátur:

# Of gott til að vera satt

**FÓTBOLTI** „Þetta var eins og skólabókardæmi og nánast of gott til að vera satt," sagði landsliðsþjálfarinn Eyjólfur Sverrisson eftir frábæran 4-1 sigur U21 árs landsliðs Íslands gegn Þjóðverjum í gær.

Liðið var gríðarlega vel skipulagt og segir Eyjólfur að hann hafi ekki lagt upp með að vinna leikinn svona stórt en spilamennskan var upp á tíu eftir skipulaginu.

„Við ætluðum að pressa þá vel og koma þeim aðeins á óvart. Þeir áttu að finna fyrir því að það væri ekkert hægt að koma hingað til að leika sér. Ég er ánægður með að það tókst að skora snemma og baráttan í liðinu var alveg til fyrirmyndar," sagði Eyjólfur.

Þegar þeir jafna missum við heldur ekki trúna á verkefninu og þá var bara komið að okkur að sækja aftur. Við vissum að þeir myndu leysa leikinn upp og við höfðum opin augu fyrir skyndisóknarfærum. Það gekk vel upp," sagði þjálfarinn.

Hann vill ekki endilega meina að þetta sé besti leikur liðsins frá upphafi. „2-6 sigurinn gegn Norður-Írum úti var alveg ótrúlegur. Við hristum bara hausinn yfir því hvað gerðist þar. En núna vorum við að mæta sterkara liði, leikmönnum sem hafa margir mikla reynslu úr þýsku úrvalsdeildinni. Það er með ólíkindum hvað strákarnir voru öflugir," sagði Eyjólfur.

„Þetta er klárlega sætasti sigurinn, þetta er alveg frábært," sagði Kolbeinn Sigþórsson sem átti virkilega góðan leik í gær og skoraði meðal annars eitt mark.

„Við vorum allir að spila mjög vel og áttum sigurinn svo sannarlega skilinn. Við spilum þétta vörn og viljum sækja hratt, það gekk vel úti gegn þeim og gekk líka upp núna. Við sýndum að við erum bara með betra lið," sagði Kolbeinn.



„Karakterinn í liðinu er líka frábær og þetta er ekkert komið af sjálfu sér, það eru bara frábærir leikmenn í þessu liði. Við áttum fullt af færum í leiknum og hefðum getað skorað meira. Við klárum riðilinn gegn Tékkum og komum svo algjörlega brjálaðir til leiks í umspilið ef við komumst þangað. Við ætlum okkur á EM," sagði framherjinn ákveðinn.

- hþh



**SIGRI FAGNAÐ** Strákarnir fengu góðan stuðning áhorfenda í gær og þökkuðu vel og innilega fyrir sig eftir magnaða frammistöðu. Bjarni Þór Viðarsson, Haraldur Björnsson, Jón Guðni Fjóluson og Kolbeinn Sigþórsson þakka hér fyrir sig. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Veisla á Kaplakrikavelli

**Íslenska U-21 árs landsliðið gerði sér lítið fyrir og pakkaði Þjóðverjum saman er liðin mættust á Kaplakrikavelli í undankeppni EM í gær. Leikur íslenska liðsins var hreint magnaður og sigurinn sanngjarn. Liðið er í góðri stöðu í riðlinum.**

**FÓTBOLTI** Það er ekki á hverjum degi sem íslenskt landslið valtar yfir stórveldið Þýskaland í fótbolta. Það gerðist þó í gær þegar frábært U-21 árs landslið Íslands rassskellti Þjóðverja í Krikanum, 4-1. Ísland er nánast öruggt í öðru sæti riðilsins eftir sigurinn og getur þess utan enn unnið hann.

Það sást strax í upphafi að íslenska liðið ætlaði sér stóra hluti í leiknum. Strákarnir mættu geysilega einbeittir og grimmir til leiks og tóku ákveðið á Þjóðverjum. Á 5. mínútu leiksins áttu Íslendingar síðan frábæra sókn. Jón Guðni sendi boltann upp í hægra horn á Gylfa Þór. Hann kom boltanum fyrir markið þar sem Birkir Bjarnason var mættur. Hann var í vandræðum með móttökuna en gerði ákaflega vel í því að koma boltanum fyrir og spyrna honum í markið.

Þjóðverjar sköpuðu sér nákvæmlega engin færi þegar þeir sóttu enda var bæði vörn og miðja íslenska liðsins vel skipulögð og þétt fyrir. Færin í hálfleiknum voru Íslendinga sem hefðu getað skorað fleiri mörk.

Leikur íslenska liðsins í fyrri hálfleik var magnaður. Varnarleikurinn afar þéttur og góð samvinna milli varnar og miðju. Strákarnir gáfu Þjóðverjum lítinn tíma með boltann og reyndu svo nær undantekningalaust að spila boltanum með jörðinni og gerðu það oftar en ekki afar vel. Fram á við var liðið alltaf líklegt með þá Kolbein, Gylfa Þór og Jóhann Berg afar hættulega.

Það mátti búast við því að Þjóðverjar myndu mæta grimmir til síðari hálfleiks og eftir rúmar þrjár mínútur í hálfleiknum kom sending á fjarstöng þar sem Kevin Grosskreutz var einn á auðum sjó og hann jafnaði leikinn.

Það vantaði ekki fjörið á þessum kafla því nokkru síðar fiskaði Gylfi Þór aukaspyrnu rétt fyrir utan teig. Hann tók spyrnuna sjálfur og skoraði með stórkostlegri spyrnu efst í markhornið. Aðeins mínútu síðar fékk Kolbeinn stungusendingu inn fyrir vörn Þjóðverja. Hann lyfti boltanum smekklega yfir markvörðinn og í netið. Tvö frábær mörk og 3-1 fyrir Ísland.

Veislan var ekki búin því sex mínútum fyrir leikslok urðu Þjóðverjum á slæm mistök. Varnarmaður átti slæma sendingu til baka, Alfreð Finnbogason komst á milli, lék snilldarlega á þýska markvörðinn og skoraði í tómt markið.

4-1 sigur Íslands staðreynd og fyllilega verðskuldaður enda allt liðið að spila hreint út sagt frábærlega. Það var ótrúlega gaman að fylgjast með þessum strákum spila fótbolta í gær en ég man vart eftir því að hafa séð íslenskt landslið spila eins góðan fótbolta og þá sérstaklega þetta góðan sóknarleik.

Það eru greinilega bjartari tímar fram undan í íslenskum fótbolta og miðað við frammistöðu U-21 í gær eiga ansi margir leikmenn liðsins orðið erindi í A-landsliðið nú þegar þar sem má klárlega fara að stokka betur upp hjá A-liðinu.

henry@frettabladid.is



**BARÁTTA** Kolbeinn í einu af fjölmörgu einvígum sem hann henti sér í. Barátta hans var aðdáunarverð.

**Tölfræði leiksins:**

**Skot (á mark):** 9-18 (8-7)
**Varin skot:** Haraldur 6 – Sippel 4
**Horn:** 4-8
**Aukaspyrnur fengnar:** 9-18
**Rangstöður:** 0-9





**MEIDD** Margrét Lára sinnir aðdáendum landsliðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Margrét Lára Viðarsdóttir:

## Reynir að spila á sunnudag

**FÓTBOLTI** Margrét Lára Viðarsdóttir lifir enn í voninni um að ná hinum mikilvæga landsleik Íslands og Fraklands í undankeppni HM sem fer fram á Laugardalsvelli á menningarnótt eftir rúma viku.

Margrét Lára hefur glímt við erfið meiðsli og missti meðal annars af síðasta landsleik. „Margrét Lára er ekki hundrað prósent og það er alveg óvíst hvort hún spilar á sunnudaginn. Við stefnum á að láta á það reyna. Hún hefur ekki snert bolta í nokkrar vikur," sagði Elísabet Gunnarsdóttir, þjálfari Kristianstad, en hún er ekki alltof bjartsýn á þróun mála hjá landsliðsframherjanum.

„Þetta er erfitt fyrir hana því hún er að hugsa mikið um þennan landsleik. Hún veit það samt að hún þarf að reyna að komast í gegnum þennan leik á sunnudaginn ef hún ætlar að eiga möguleika á að spila þar. Þetta er því svolítið próf fyrir landsleikinn," sagði Elísabet um leikinn hjá Kristianstad á móti Tyresö á sunnudaginn. **- óój**

Jakob Jóhann Sveinsson:

## Fjórtándi í 200 metra bringu

**SUND** Jakob Jóhann Sveinsson, bringusundsmaður úr Ægi, náði fjórtánda besta tímanum í undanúrslitum 200 metra bringusunds sem fram fór í gær á Evrópumeistaramóti í Ungverjalandi. Jakob bætti tíma sinn frá því í undanrásunum í morgun og hækkaði sig um eitt sæti.



Jakob Jóhann synti á 2:13.48 mínútunum í undanúrslitunum en síðasti maður inn í átta manna úrslit synti á 2:12.11. Íslandsmet Jakobs er síðan í Róm í fyrra þegar hann synti á 2:12.39 mínútum en það var áður en sundbúningarnir voru bannaðir.

Jakob varð í 18. sæti í 100 metra bringsundi og hann á síðan eftir að keppa í 50 metra bringusundi á mótinu en það fer fram á föstudaginn. **- óój**

Boston Celtics nældi sér í tröllið Shaquille O´Neal fyrir lítinn pening en sá stóri ætlar sér titil í Boston:

# Shaq klárar ferilinn hjá Boston Celtics

**KÖRFUBOLTI** Shaquille O´Neal hefur skrifað undir tveggja ára samning við Boston Celtics. Árin tvö verða þau síðustu á litríkum ferli Shaq sem hófst hjá Orlando Magic.

Miðherjinn stóri hefur þegar unnið fjóra NBA-meistaratitla og hann vonast til þess að ljúka ferlinum með titli hjá Celtics.

„Þegar ég kom í deildina á sínum tíma þá ætlaði ég að keppa við Bill Russell um titla. Ég mun ekki ná því en það væri gaman að ná helmingnum af því sem hann náði," sagði Shaq en Russell vann ellefu titla á sínum tíma.

Shaq hefur verið duglegur að flakka á milli liða á síðustu árum en hann lék með Cleveland í fyrra og tókst ekki að færa LeBron titil eins og takmarkið var.

„Er ég enn jafn hungraður? Svo sannarlega. Ég er ekki til í að eyða mínum tíma né annarra í vitleysu. Þegar allt kemur til alls snýst þetta um að vinna," sagði Shaq.

Tröllið fær 1,3 milljónir dollara á ári hjá Celtics en hann var upprunalega að leita að samningi sem myndi færa honum allt að 10 milljónir dollara. Á endanum gaf hann þann draum upp á bátinn og leikur fyrir mun minni pening hjá Boston.

Þjálfari liðsins, Doc Rivers, segir að Shaq muni ekki fá að spila 30 mínútur í leik. Aðeins 20-25 og Shaq var sáttur við það.

„Ég veit að ég á bara 730 daga eftir á ferlinum og ég vil enda ferilinn með strákum sem vilja vinna titla. Þetta var gott lið án mín og ég vonast til að gera það enn sterkara," bætti Shaq við.

Forráðamenn Boston segja að Shaq muni styrkja liðið mikið þó svo hann sé ekki sami leikmaðurinn og hann var. **- hbg**



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**NÚMER 36** Shaq er hér með Doc Rivers, þjálfara Boston.


# BETRA VERÐ Í MÚRBÚÐINNI

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGAVÖRUM

ALLIR VINNA

Gott verð fyrir alla - alltaf!

Flex flísalím 25 kg 3.350 kr.

Rakaþéttikvoða 7 kg 4.995 kr.

Gólfflísar 33x33cm 1.650 kr. pr. m²

Salerni með stút í gólf og setu 19.900

Rakavarnar- og byggingaplast

Rakaþolplast, verð aðeins 13.490 kr. pr. 100m² rúlla. Vottuð vara!

Plastparket, beyki 1220x195x8.3mm 1.275 kr. pr. m²

8.3mm

VEMAR handlaugartæki 3.975

Reykjavík Klettháls 7. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 9-16
Reykjanesbær Fuglavík 18. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14
Akureyri Furuvellir 15. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14
Húsavík Garðarsbraut 50.
FLÚÐUM

Meiri gæði / Lægra verð

MÚRBÚÐIN – Afslátt eða gott verð?

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

DUROL BURSTAMOTTAN

5 ára ábyrgð

- Í öll anddyri
- Hvaða stærð sem er
- Afgreidd á 2 dögum

BURSTAGERÐIN ÍSLENSKUR IÐNAÐUR

Vesturhrauni 3 · 210 Garðabæ.
Sími 480-0030 · www.burstagerdin.is

**1-1**
Ísland – Liechtenstein

Laugardalsvöllur, áhorf.: 3327 Anthony Buttimer, Írland.

*1-0 Rúrik Gíslason (20.)*
*1-1 Michael Stocklasa (69.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 9–4 (4–1) |
| Varin skot | Árni 0 – Bicer 3 |
| Horn | 5–4 |
| Aukaspyrnur fengnar | 23–14 |
| Rangstöður | 1–2 |

**Ísland (4-3-3):** Árni Gautur Arason, Grétar Rafn Steinsson, (74., Arnór Sveinn Aðalsteinsson), Sölvi Geir Ottesen, (49., Ragnar Sigurðsson), Kristján Örn Sigurðsson, Indriði Sigurðsson, Aron Einar Gunnarsson (65., Guðmundur Kristjánsson), Ólafur Ingi Skúlason, (77., Matthías Vilhjálmsson), Eiður Smári Guðjohnsen (65., Veigar Páll Gunnarsson), Arnór Smárason (84., Ólafur Páll Snorrason), Rúrik Gíslason, Heiðar Helguson.

**ÚRSLIT**

*Vináttulandsleikir:*

| | |
|---|---|
| Bandaríkin-Brasilía | 0-2 |
| - Neymar, Pato. | |
| Suður Kórea-Nígería | 2-1 |
| Y. Bit-Garam og C.H. Jin - P. Odemwingie. | |
| Finnland-Belgía | 1-0 |
| Vincent Kompany, sjálfsmark. | |
| Svíþjóð-Skotland | 3-0 |
| Zlatan Ibrahimovic, Emir Bajrami og Ola Toivonen. | |
| Úkraína-Holland | 1-1 |
| O. Aliyev - J. Lens. | |
| Danmörk-Þýskaland | 2-2 |
| D. Rommendahl, M. Junker - M. Gomez, P. Helmes. | |
| Svartfjallaland-Norður-Írland | 2-0 |
| R. Dalovic 2. | |
| Írland-Argentína | 0-1 |
| Angel Di Maria. | |
| England-Ungverjaland | 1-2 |
| Jagielka sjálfsmark, Gerrard 2. | |
| Noregur-Frakkland | 2-1 |
| Erik Huseklepp 2 - Hatem Ben Arfa. | |
| Mexíkó-Spánn | 1-1 |
| Javier Hernandez - David Silva. | |

# Átakanlegt andleysi hjá Íslandi

**Íslenska A-landsliðið varð sér til skammar með andlausum leik gegn Liechtenstein í gær. Baráttan var engin og liðið virtist ekki hafa nokkurn áhuga á verkefninu. Leikurinn lofar ekki góðu fyrir framhaldið.**

**FÓTBOLTI** Ísland og Liechtenstein gerðu jafntefli, 1-1, í leiðinlegum og lélegum vináttulandsleik á Laugardalsvelli í gær.

Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari talaði um að spila ekki fyrirsjáanlegan sóknarleik en það gekk frekar illa í fyrri hálfleik. Þó var talsvert líf í ungu strákunum á vængjunum, þeim Rúrik og Arnóri. Eiður reyndi að búa til hluti í sókninni en spilið var oftar en ekki of þröngt, og jú fyrirsjáanlegt, og varnarmenn Liechtenstein lentu ekki í stórkostlegum vandræðum.

Ísland var reyndar heppið að lenda ekki undir eftir átta mínútur þegar Mario Frick slapp einn í gegnum vörn íslenska liðsins. Blessunarlega var skot hans slakt og fór fram hjá marki Íslands.

Eftir um 20 mínútna leik reyndi Eiður sendingu í gegnum vörn gestanna. Boltinn fór af varnarmanni og þaðan beint á Rúrik sem var einn á auðum sjó. Smá heppni en Rúrik var ekki að velta sér upp úr því og lagði boltann laglega í stöngina og inn.

Mótspyrna gestanna var ekki mikil og það verður að viðurkennast að liðið er arfaslakt. Þess vegna voru það talsverð vonbrigði að íslenska liðið skyldi ekki skapa sér meira í hálfleiknum og aðeins leiða 1-0 í hálfleik. Flestir vonuðust til þess að íslenska liðið myndi girða sig í brók í síðari hálfleik. Af því varð nú heldur betur ekki og síðari hálfleikur var álíka lélegur og sá fyrri.

Íslenska liðið var sem fyrr fyrirsjáanlegt og hægt í sínum sóknaraðgerðum. Færin létu því á sér standa og voru í raun engin í síðari hálfleik. Það er eiginlega ekki hægt að lýsa þessu öðruvísi en að þetta hafi verið grátlega lélegt.

Til að bæta gráu ofan á svart jöfnuðu gestirnir leikinn með sínu eina skoti á markið í leiknum. Markið gerði Michael Stocklasa eftir að íslenska vörnin hafði sofnað á verðinum í aukaspyrnu.

Jafntefli því niðurstaðan sem er langt frá því að vera ásættanlegt enda gerir maður þá kröfu að Ísland leggi lið eins og Liechtenstein á heimavelli. Þetta er mjög slakt lið og íslenska liðið á alltaf að klára þetta dapurt lið.

Áhyggjuefnin fyrir Ólaf Jóhannesson eftir leikinn eru mörg. Þetta var síðasti æfingaleikurinn fyrir undankeppni stórmóts og það var ekki að sjá á flestum leikmönnum liðsins að þeir væru að spila fyrir sæti í leiknum gegn Noregi. Kannski er ástæðan sú að flestir þeirra eru hvort eð er með áskrift í hópnum, sama hvernig þeir spila. Þeir telja sig þar af leiðandi ekki þurfa að leggja sig fram.

Aðaláhyggjuefnið er einmitt þetta áhuga- og andleysi sem skín af leikmönnum liðsins. Baráttan var engin og leikmenn lögðu afar lítið inn af því sem þeir eiga. Ólafur virðist eiga í vandræðum með að ná til leikmanna því þeir berjast ekki fyrir hann né landsliðið lengur. Það á aldrei að vera ásættanlegt.

Ef ekki verður stórkostleg hugarfarsbreyting í þessum hópi þá verður liðið búið að ljúka keppni snemma í næstu undankeppni.

henry@frettabladid.is



**ANGISTARSVIPUR** Þessi svipur Ólafs Jóhannessonar landsliðsþjálfara segir allt sem segja þarf. Íslenska liðið olli miklum vonbrigðum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**ÓSAMSTÍGA** Þrír íslenskir leikmenn fara upp í skallabolta án þess að vita hvar boltinn er í landsleiknum í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


Costa del Sol

Síðustu sætin 17. ágúst á einstöku tilboði

Frá kr. 49.900



Ótrúleg kjör!

Heimsferðir bjóða ótrúlegt tilboð á síðustu sætunum í spennandi sumarleyfisferðir til eins allra vinsælasta sólaráfangastaðar Íslendinga, Costa del Sol. Fjölbreytt gisting í boði á ótrúlegum kjörum. Costa del Sol býður allt það helsta sem maður getur óskað sér í fríinu. Gríptu þetta einstaka tækifæri til að njóta lífsins á þessum vinsæla áfangastað í sumarfríinu.

Ath. mjög takmarkaður fjöldi íbúða og herbergja í boði - verð getur hækkað án fyrirvara.

Kr. 49.900 Flugsæti 17. – 28. ágúst.
Netverð á mann.

Kr. 86.900 Aguamarina
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í íbúð með 1 svefnherbergi í 11 nætur. Verð m.v. 2 í studio kr. 109.980.- á mann. Sértilboð 17. ágúst.

Kr. 109.900
Hotel Roc Flamingo ★★★ með „öllu inniföldu“
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í fjölskylduherbergi með „öllu inniföldu“ í 11 nætur. Verð mv. 2 í herbergi kr. 137.380.- Sértilboð 17. ágúst.

Taktu þátt í laufléttum leik. Vertu vinur okkar á Facebook og þá áttu möguleika á 50.000 króna inneign í ferð til Costa del Sol í ágúst eða september.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.


Landsliðsþjálfarinn var ósáttur við leikinn í gær:

# Skilar fleiri spurningum en svörum

**FÓTBOLTI** „Við verðum bara að taka þessu, þetta er partur af því að vera í fótboltanum. Þetta er ekki alltaf dans á rósum,“ sagði Aron Einar Gunnarsson, miðjumaður Íslands og Coventry, eftir vonbrigðin á Laugardalsvelli í gær.

„Ég hef engar áhyggjur, við verðum bara að mæta grimmari í næsta leik. Við vorum ekki nægilega ákveðnir í okkar aðgerðum. Við ætluðum að keyra á þá en gerðum það ekki. Þetta er enginn heimsendir. Þetta var bara æfingaleikur og það eru sterkir karakterar í þessum hóp, við rífum okkur upp úr þessu.“

Það var ekki að sjá á spilamennsku Íslands að leikmenn væru að berjast fyrir sæti sínu í liðinu fyrir næsta leik sem er í forkeppni Evrópumótsins. „Við sáum að U21 liðið var að gera vel fyrr í dag og það eru margir þar sem geta komið til greina frá því liði. Við vorum að bara að sanna okkur og sýna með okkar félagsliði,“ sagði Aron.

Ólafur Jóhannesson, landsliðsþjálfari, var allt annað en glaður eftir leik. „Þetta var léleg frammistaða og langt frá því sem við ætluðum okkur. Frammistaðan var mjög döpur og við fengum ekki færi,“ sagði Ólafur sem kunni ekki skýringar á þessari spilamennsku landsliðsins.

„Við þurfum að gera betur en þetta í öllum leikjum og ég tala nú ekki um í þessari undankeppni sem framundan er. Við förum ekkert á svona frammistöðu. Þessi leikur skilar manni fleiri spurningum en svörum. Það er ekki gott þegar stutt er í keppni.“

Ólafur segir erfitt að taka eitthvað jákvætt úr þessum leik en hrósaði frammistöðu U21 landsliðsins fyrr um daginn. „Við eigum nokkuð marga unga og góða leikmenn og framtíðin er björt. Margir af þeim leikmönnum hafa verið í og við hópinn minn undanfarið og þeir verða það örugglega áfram“ sagði Ólafur Jóhannesson.

- egm


BT
Allir sem kaupa fartölvu hjá BT í ágúst og september fara í pott og verður einn heppinn dreginn út 1. október og fær hann fartölvuna sína endurgreidda !
Gerir skólann skemmtilegri...
Acer
Acer AS5532-5509
AMD Athlon 64 TF-36
2GB DDR2-667
15.6" WXGA (1366x768) high-brightness TFT LCD
ATI Radeon HD 3200 skjástýring
320GB SATA diskur
Draft-N Wireless LAN
Vefmyndavél, kortalesari
Rafhlaða 2,5klst
Windows 7 Home Premium
Geggjað verð!
79.999
BT Vaxtalausar raðgreiðslur til allt að 9 mánaða
Acer
acer
Acer S5534-1121
AMD Athlon 64 X2 Dual-Core L310
4GB(2x 2GB) DDR2-667
15.6" WXGA (1366x768) Acer CineCrystal TFT LCD
ATI Radeon HD 3200 skjástýring
320GB SATA 5400rpm diskur
Draft-N Wireless LAN
Vefmyndavél, kortalesari
Rafhlaða 3,5klst
Windows 7 Home Premium
99.999
BT Vaxtalausar raðgreiðslur til allt að 9 mánaða
vaxtalaus raðgreiðsluhelgi!
...á fartölvum og sjónvörpum
Acer
acer
Acer 5542 Bluray
15.6'' HD LED CineCrystal
AMD Athlon II X2 M300
4GB DDR2
512MB ATI HD4200
320GB SATA 5400RPM
Windows 7 Home Premium 64-bit
Bluray drif
BluRay spilari
BT Vaxtalausar raðgreiðslur til allt að 9 mánaða
139.999
149.999
Sjónvörp
Öll sjónvörp á vaxtalausum tilboðum í BT!
Samsung
SAMSUNG
Samsung R530
15.6" HD 1366 x 768
Intel Core i3-330M 2.13GHz
4GB DDR3 1066MHz
512 MB nvidia Geforce
310M skjákort
Windows 7 Home Premium
149.999
BT Vaxtalausar raðgreiðslur til allt að 9 mánaða
Packard Bell
Packard Bell
TT TM94-RB-004
AMD Athlon II Dual-Core Mobile P320
4GB DDR3 1066MHz vinnsluminni
15.6" HD LED Diamond View skjár
512MB ATI HD4200 DX10.1 öflug skjástýring
320GB SATA 5400RPM
300Mbps Draft-N þráðlaust 802.11 b/g/n net
1.3MP HD 1280x1024
vefmyndavél, kortalesari
Allt að 3 tíma endingu
Windows 7 Home Premium 64-bit
BT Vaxtalausar raðgreiðslur til allt að 9 mánaða
119.999
Packard Bell
Packard Bell
TT TM86-GN-005
Intel Core i3-330M 2.13GHz
4GB DDR3 1066MHz vinnsluminni
15.6" HD LED Diamond View skjár
512MB Core i HD Graphics
PCI-E2.0 DX10 Intel skjástýring
320GB SATA 5400RPM
300Mbps Draft-N þráðlaust 802.11 b/g/n net
1.3MP HD 1280x1024
vefmyndavél,
kortalesari
Allt að 3 tíma endingu
Windows 7 Home Premium 64-bit
BT Vaxtalausar raðgreiðslur til allt að 9 mánaða
134.999
Packard Bell
Packard Bell
TT TM85-JO-010
Intel Core i5-430M 2.26GHz, Dual Core örgjörvi
4GB DDR3 1066MHz vinnsluminni
15.6" HD LED Diamond View skjár
512MB ATI HD5470 DX11 skjákort
með allt að 1GB HyperMemory
500GB SATA 5400RPM
300Mbps Draft-N þráðlaust 802.11 b/g/n net
1.3MP HD 1280x1024
vefmyndavél, kortalesari
Allt að 3 tíma endingu
Windows 7 Home Premium 64-bit
BT Vaxtalausar raðgreiðslur til allt að 9 mánaða
149.999
Hewlett Packard
hp invent
OKG62-a16EO
Intel® Pentium® P6000 processor
4GB
15.6" HD LED Brightview
Intel HD4500 skjástýring
320GB SATA 7200RPM
300Mbps Draft-N þráðlaust 802.11 b/g/n net
Vefmyndavél og kortalesari
Windows 7 Home Premium
BT Vaxtalausar raðgreiðslur til allt að 9 mánaða
119.999
Hewlett Packard
hp invent
OKG62-a14EO
AMD Athlon II P320
4GB
15.6" HD LED Brightview
512MB ATI Mobility Radeon™ HD 4250
(allt að 1,5GB minni)
500GB SATA 7200RPM
300Mbps Draft-N þráðlaust 802.11 b/g/n net
Vefmyndavél og kortalesari
Windows 7 Home Premium
BT Vaxtalausar raðgreiðslur til allt að 9 mánaða
139.999
Hewlett Packard
hp invent
OKDv6-2133eo
AMD Athlon II Dual Core M320
4GB
15.6" HD LED Brightview
1GB ATI Radeon HD 4650
(allt að 2,8gb minni)
300Mbps Draft-N þráðlaust 802.11 b/g/n net
500GB SATA 7200RPM
Vefmyndavél og kortalesari
Windows 7 Home Premium
Svínvirkar í leikina
BT Vaxtalausar raðgreiðslur til allt að 9 mánaða
159.999
BT SKEIFAN - BT GLERÁRTORG S: 550-4444 - www.bt.is OPIÐ Í SKEIFUNNI TIL KL. 22.00 ALLA DAGA

# golf

golfogveidi@frettabladid.is

**270** vikur hefur Tiger Woods verið í efsta sæti heimslistans í golfi. Tveir kylfingar gætu velt honum úr sessi um helgina, Phil Mickelson og Lee Westwood.

**74** 74 er sætið sem Tiger Woods skipar nú á peningalistanum. Síðustu þrettán ár hefur hann lægst verið í fjórða sæti listans en í níu af þessum þrettán árum í efsta sæti hans.

## Eimskipsmótaröðin 2010




**Karlaflokkur**

| | | |
|---|---|---|
| 1 | Hlynur Geir Hjartarson GK | 5179.38 |
| 2 | Kristján Þór Einarsson GKJ | 4905.00 |
| 3 | Sigmundur Einar Máss. GKG | 4501.88 |
| 4 | Þórður Rafn Gissurarson GR | 4070.00 |
| 5 | Birgir Leifur Hafþórsson GKG | 4000.00 |
| 6 | Arnar Snær Hákonarson GR | 3695.38 |
| 7 | Guðmundur Á. Kristjánss. GR | 3418.75 |
| 8 | Axel Bóasson GK | 3295.00 |
| 9 | Guðjón H. Hilmarsson GKG | 2821.62 |
| 10 | Tryggvi Pétursson GR | 2440.62 |




**Kvennaflokkur**

| | | |
|---|---|---|
| 1 | Valdís Þóra Jónsdóttir GL | 7282.50 |
| 2 | Ólafía Þ. Kristinsdóttir GR | 5885.00 |
| 3 | Signý Arnórsdóttir GK | 4382.50 |
| 4 | Tinna Jóhannsdóttir GK | 4362.50 |
| 5 | Ingunn Gunnarsdóttir GKG | 3679.17 |
| 6 | Eygló Myrra Óskarsdóttir GO | 3269.17 |
| 7 | Þórdís Geirsdóttir GK | 3193.75 |
| 8 | Nína Björk Geirsdóttir GKJ | 3052.50 |
| 9 | Berglind Björnsdóttir GR | 2662.50 |
| 10 | Heiða Guðnadóttir GKJ | 2591.25 |

*Næsta mót í Eimskipsmótaröðinni verður haldið á Strandarvelli á Hellu dagana 28. og 29. ágúst.*

# Tiger þarf að hysja upp um sig

**Fjórða risamót ársins hefst á Whistling Straits golfvellinum í Wisconsin í dag. Tiger Woods er spáð glimrandi gengi þrátt fyrir ömurlega frammistöðu allt frá því að upp komst um framhjáhald hans og gjálífi.**

PGA-meistaramótið í golfi hefst í dag á hinum alræmda Whistling Straits-golfvelli í Wisconsin í Bandaríkjunum. Völlurinn er af mörgum talinn einn sá allra erfiðasti í Bandaríkjunum og líkist að mörgu leyti breskum strandarvelli, því vallarstæðið er við Michiganvatnið.

Sem fyrr beinast allra augu að Tiger Woods. Óhætt er að segja að kylfingurinn magnaði hafi leikið langt undir getu frá því hann hóf keppni á ný eftir að hafa sveigt „lítillega“ af beinu brautinni í einkalífinu. Þótt þeirri ferð hafi lokið með árekstri á einkalóðinni í Flórída, játningum tuga kvenna sem sögðust hafa átt næturgaman með Tiger og síðar skilnaði við Elínu, hélt ógæfuferðin áfram þegar hann sneri aftur á golfvöllinn. Kannski skiljanlega. Það er í það minnsta auðvelt að ímynda sér að einbeitingin sé ekki alveg í lagi eftir það sem á undan hefur gengið. Sumir vilja meina að hann nái sér ekki á flug aftur fyrr en á næsta ári enda margsannað að „golf er að stórum hluta leikið á fimmtán sentímetra velli – á milli eyrnanna.“ (Bobby Jones).

Nú er svo komið að Tiger er ekki öruggur með sæti í Ryder-liði Bandaríkjanna. Af þeim tólf sem skipa liðið komast átta sjálfkrafa inn samkvæmt stigagjöf, sem miðast við árangur í mótum, en Corey Pavin fyrirliði velur hina fjóra. Samkvæmt stigagjöfinni er Tiger ekki í liðinu og hefur Corey Pavin fyrirliði neitað að láta nokkuð uppi um það hvort hann velji hann í liðið.

Það er því morgunljóst að mikið er undir hjá Tiger um helgina og þrátt fyrir allt sem á undan hefur gengið spá veðbankar honum glimrandi gengi þótt flestir spái þeir Phil Mickelson sigri og Tiger öðru sætinu. Ef ég væri fyrir veðmál þá færi þúsund kallinn minn á Spánverjann vindlasjúgandi, Miguel Angel Jimenez, enda ólíkt skemmtilegra að vinna 150 þúsund en 15. Fyrir alvöru spilafíkla er David Hutsell (ekki spyrja mig) líklega málið en þúsund kall á hann gæfi 2 milljónir í aðra hönd.

Aftur að Tiger. Í fyrradag lék hann æfingahring á Whistling Straits með þjálfaranum Nick Foley, sem meðal annars hefur þjálfað Hunter Mahan og Sean O'Hair. Það er skref í rétta átt hjá Tiger, sem hefur verið þjálfaralaus undanfarið með þessum líka árangri. Mahan sigraði einmitt á Bridgestone-mótinu í Ohio um síðustu helgi en Tiger gerði upp á bak, þið fyrirgefið orðbragðið.

PGA-meistaramótið er venjulega talið fjórða stórmótið. Hin eru að sjálfsögðu Masters, Opna bandaríska og Opna breska. Í annað skiptið á sex árum fer mótið fram á Whistling Straits-vellinum, en sem áður sagði þykir hann gríðarlega erfiður. Árið 2004, þegar mótið var haldið þar síðast, hafði stórmót í golfi aldrei farið fram á jafnlöngum velli. Þá sigraði Vijay Singh þrátt fyrir að hafa leikið á 76 höggum á lokadegi mótsins. Það verður spennandi að fylgjast með mótinu næstu daga. Bein útsending hefst á Stöð 2 klukkan átta í kvöld.

trausti@frettabladid.is

## Langur og erfiður völlur

Whistling Straits golfvöllurinn er gríðarlega langur eða 6.865 metrar. Til samanburðar er Grafarholtsvöllurinn 6.057 metrar af hvítum teigum. Lokaspretturinn, eða 15. til 18. hola, þykir einn sá erfiðasti í golfi. Völlurinn líkist helst breskum strandarvelli þar sem glompur, hátt gras og vindur leika stórt hlutverk.




**Skorkortið**

| Hola | Par | Metrar | Hola | Par | Metrar |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 4 | 373 | 10 | 4 | 330 |
| 2 | 5 | 542 | 11 | 5 | 565 |
| 3 | 3 | 166 | 12 | 3 | 131 |
| 4 | 4 | 447 | 13 | 4 | 369 |
| 5 | 5 | 547 | 14 | 4 | 341 |
| 6 | 4 | 325 | 15 | 4 | 474 |
| 7 | 3 | 202 | 16 | 5 | 520 |
| 8 | 4 | 464 | 17 | 3 | 204 |
| 9 | 4 | 408 | 18 | 4 | 457 |
| | | | **Inn** | **36** | **3.392** |
| **Út** | **36** | **3.473** | **Samtals** | **72** | **6.865** |

**Sautjánda holan** gengur undir heitinu Klemmda taugin. Flötin er varin með glompum og vinstra megin er Michigan-vatnið.



**Átjánda holan** er kölluð Hin djöfullega. Brautin er tvískipt. Of stutt upphafshögg þýðir að erfitt er að ná inn á flöt í tveimur. Of langt og þá getur lækurinn gleypt hana.



HVERAGERÐISBÆR

**Myndlistarmenn - Rithöfundar - Tónlistarmenn**

MÍF-nefnd Hveragerðisbæjar auglýsir eftir umsóknum um dvöl í húsinu Varmahlíð í Hveragerði. Íbúðarhúsið er búið öllum húsgögnum og tækjum. Hveragerðisbær greiðir kostnað vegna rafmagns og hita. Gestalistamenn fá endurgjaldslaus afnot af húsinu.
Engin vinnustofa fylgir húsnæðinu.
Óskað er eftir því að í skriflegum umsóknum, sem senda á til menningar- og frístundafulltrúa Hveragerðisbæjar, Sunnumörk 2, 810 Hveragerði, komi fram æskilegt dvalartímabil og að hverju listamaðurinn hyggst vinna meðan á dvölinni stendur.
Úthlutun dvalartímabila mun fara fram í september og mun vera úthlutað frá október 2010 - september 2011.

Allar frekari upplýsingar svo og umsóknareyðublöð fást á skrifstofum:
**Sambands íslenskra myndlistarmanna Hafnarstræti 16, sími 551 1346, Rithöfundasambands Íslands, Gunnarshúsi, Dyngjuvegi 8, sími 568 3190 Félagi íslenskra Hljómlistamanna, Rauðagerði 27, sími 588 8255.**

Einnig er hægt að leita upplýsinga hjá menningar- og frístundafulltrúa Hveragerðisbæjar í síma 483 4000. Umsóknareyðublöð er hægt að nálgast á heimasíðu Hveragerðisbæjar **www.hveragerdi.is**
**Umsóknarfrestur er til 1. september nk.**

Menningar- og frístundafulltrúi Hveragerðisbæjar

GOLF & HEILSA



## Tennisolnbogi

**Magni M. Bernhardsson**, kírópraktor með sérhæfingu í golfmeiðslum og öðrum íþróttameiðslum.

Tennisolnbogi er bólgur í liðböndum vöðva sem festast á utanverðan olnbogann. Tennisolnbogi finnst venjulega á vinstri hendi hjá rétthentum golfara vegna stirðleika og rangrar beitingar. Einkennin eru aumur utanverður olnbogi, verkur sem leiðir út í framhandlegg og versnar við átak. Ef ekkert er gert getur það leitt til þrálátra meiðsla. Hvað er til ráða?

Farðu í sveiflugreiningu og fáðu úr því skorið hvort þú sért með svokallaðan kjúklingavæng (chicken winging), en þá er vinstri handleggur boginn (á rétthentum golfara) í framsveiflunni. Einnig er talið að það að slá síendurtekið fyrir aftan boltann geti ýtt enn frekar undir þessi einkenni.

Nuddaðu kælikremi eða settu kælipoka á olnbogann eftir golfiðkun til að minnka bólgumyndun og settu hitapoka eða hitakrem fyrir golf til að fá gott blóðstreymi til umræddra vöðva. Sumir nota spelku á olnbogann til að fá stuðning sem er gott á meðan verið er að vinna í að laga olnbogann en dugar ekki sem langtímalausn.

Mikilvægast er að finna orsökina og lagfæra það sem er að, þannig næst langtímaárangur og þar af leiðandi spilar maður betra golf.

## Hollráð Hinna

### Grundvallarreglur golfsins

Einföldustu golfreglur virðast flækjast fyrir mörgum kylfingum. Hinrik Gunnar Hilmarsson, sem annast hefur eftirlit, vallarvörslu og dómgæslu hjá Golfklúbbi Reykjavíkur, ráðleggur kylfingum að hafa eftirfarandi ávallt í huga:

**Það má segja að grundvallaratriði golfreglnanna séu þrjú.**

1. Leika boltanum eins og hann liggur.
2. Leika völlinn eins og hann er.
3. Ef hvorugt er hægt, gera þá það sem er réttlátast.

- Í raun fjalla golfreglurnar um undantekningar frá tveimur fyrstu atriðunum og útskýringar á því þriðja. Kynna sér skilgreiningarnar – þær geta svarað spurningum sem við höfum til dæmis um lausung, hreyfðan bolta og svo framvegis.
- Aldrei snerta eða lyfta bolta í leik á leið nema láta skrifarann vita og merkja boltann. Sé það ekki gert kostar það leikmanninn eitt högg í víti.
- Ef leikmaður hittir sjálfan sig, kylfusvein eða útbúnað sinn fær leikmaðurinn eitt högg í víti.
- Ef leikmaður snertir yfirborð torfæru áður en hann slær högg þá fær leikmaðurinn tvö högg í víti. Þetta á við ef leikmaðurinn snertir sand í glompu eða vatn í vatnstorfæru til dæmis í baksveiflunni.
- Ef boltinn hreyfist eftir að leikmaður hefur hafið leik og hefur tekið sér stöðu skal leggja boltann til baka og leikmaður fær eitt högg í víti. Leggi leikmaður boltann ekki til baka fær leikmaðurinn tvö högg í víti.

Þetta eru algeng atriði sem leikmenn klikka oft á en allir kylfingar þurfa að tileinka sér strax frá upphafi.






VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR.

512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000



**> Kate Hudson**

„Aldrei að hafa áhyggjur af slæmri umfjöllun: Það eina sem skiptir máli er að fjölmiðlarnir skrifi nafnið þitt rétt“.

***Kate Hudson fer með aðalhlutverk í rómantísku gamanmyndinni Fool's Gold sem er á dagskrá Stöð 2 Bíó kl. 20.00 í kvöld.***

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON HORFÐI Á BEVERLY HILLS COP

# *Eftirminnilegur Alex Foley*

Löggumyndin Beverly Hills Cop situr í minningunni sem ein af skemmtilegri myndum níunda áratugarins og kemst þar í flokk með The Karate Kid, Rocky III og IV og fleiri góðum.

Löggan í Beverly Hills, sem var sýnd á Bíórásinni á þriðjudagskvöld, fjallar um kjaftaskinn og lögguna Alex Foley (Eddie Murphy) sem eltir bófa úr heimaborg sinni, Detroit, til Beverly Hills. Þar kemst hann í kynni við tvær aðrar löggur, lúðana Taggart og Rosewood, sem aðstoða hann við málið. Pirraði lögreglustjórinn er að sjálfsögðu til staðar eins og í svo mörgum öðrum löggumyndum, sem og annað löggupar sem Foley reynir að hafa að fíflum.

Myndin var gríðarlega vinsæl á sínum tíma og hlaut meira að segja tilnefningu til Óskarsverðlaunanna fyrir handritið. Það merkilega er að Beverly Hills Cop eldist bara ansi vel, 26 árum eftir að hún kom út, þó svo að alltaf megi setja spurningarmerki við tónlistina eins og með svo margar aðrar myndir frá níunda áratugnum.

Eins og venjan er með vinsælar myndir gat hún af sér tvær framhaldsmyndir og sú þriðja er meira að segja í undirbúningi. Því geta aðdáendur Alex Foley farið að hlakka til að endurnýja kynni sín af þessum skemmtilega karakter og auðvitað hinum snillingunum líka í Beverly Hills Cop IV.



**EDDIE MURPHY** Eddie Murphy fór á kostum í Beverly Hills Cop sem kom út árið 1984. Myndin eldist betur en búast hefði mátt við.

## FIMMTUDAGUR



▶ **20.00** Fool's Gold STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.05** Bræður og systur SJÓNVARPIÐ



▶ **20.15** Grey's Anatomy STÖÐ 2 EXTRA



▶ **20.35** Parks and Recreational SKJÁR EINN



▶ **21.35** The Closer STÖÐ 2

## SJÓNVARPIÐ

**16.00 Íslenska golfmótaröðin** (e)
**16.45 Áfangastaðir - Náttúrulegar laugar** (2:12)
**17.05 Friðlýst svæði og náttúruminjar - Frá Búðum að Dritvík** (11:24)
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Herbergisfélagar** (2:13)
**18.00 Krakkar á ferð og flugi** (6:10) (e)
**18.25 Dalabræður** (7:10) (e)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
▶**20.05 Bræður og systur** (66:85) (Brothers and Sisters) Bandarísk þáttaröð um hóp systkina, viðburðaríkt líf þeirra og fjörug samskipti.
**20.50 Réttur er settur** (7:10) (Raising the Bar) Bandarísk þáttaröð um gamla skólafélaga úr laganámi sem takast á fyrir rétti.
**21.35 Nýgræðingar** (157:169) (Scrubs) Gamanþáttaröð um lækninn J.D. Dorian og ótrúlegar uppákomur sem hann lendir í.
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.20 Framtíðarleiftur** (Flash Forward) Bandarísk þáttaröð. Dularfullur atburður veldur því að fólk um allan heim dettur út í tvær mínútur og sautján sekúndur, og sér um leið í svip hvernig líf þess verður eftir hálft ár. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**23.05 Hvaleyjar** (5:12) (e)
**00.00 Kastljós** (e)
**00.30 Fréttir (e)**
**00.40 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Employee of the Month**
**10.00 My Blue Heaven**
**12.00 Bolt**
**14.00 Employee of the Month**
**16.00 My Blue Heaven**
**18.00 Bolt**
▶**20.00 Fool's Gold**
**22.00 C.R.A.Z.Y.**
**00.05 Witness**
**02.00 Leonard Cohen: I'm Your Man**
**04.00 C.R.A.Z.Y.**
**06.05 You Don't Mess with the Zohan**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Litla risaeðlan, Harry og Toto, Stuðboltastelpurnar, Scooby-Doo og félagar
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Last Man Standing** (6:8)
**11.10 Sjálfstætt fólk**
**11.45 Logi í beinni**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 NCIS** (8:25)
**13.45 La Fea Más Bella** (216:300)
**14.30 La Fea Más Bella** (217:300)
**15.15 The O.C.** (21:27)
**16.00 Barnatími Stöðvar 2** Stuðboltastelpurnar, Scooby-Doo og félagar, Litla risaeðlan, Harry og Toto
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons** (11:22) Hómer ákveður að gerast heilari.
**18.23 Veður** Markaðurinn.
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.06 Veður**
**19.15 Two and a Half Men** (15:24)
**19.40 How I Met Your Mother** (12:24)
**20.05 Amazing Race** (5:11) Þrettánda þáttaröðin af kapphlaupinu mikla.
**20.50 NCIS: LA** (1:24) Spennuþættir sem gerast í Los Angeles og fjallar um starfsmenn systurdeildarinnar í höfuðborginni Washington sem einnig hafa það sérsvið að rannsaka alvarlega glæpi sem tengjast sjóhernum eða strandgæslunni á einn eða annan hátt.
▶**21.35 The Closer** (7:15) Fimmta þáttaröð þessarar rómantísku og gamansömu spennuþáttaraðar um Brendu Leigh Johnson.
**22.20 The Forgotten** (4:17) Spennuþættir í anda Cold Case með Christian Slater í aðalhlutverki.
**23.05 Monk** (7:16)
**23.50 Lie to Me** (9:22)
**00.35 The Tudors** (3:8)
**01.25 Phone** Hrollvekja eins og þær gerast bestar frá Suður-Kóreu.
**03.10 Lady Vengance**
**05.05 The Simpsons** (11:22)
**05.30 Fréttir og Ísland í dag** (e)

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Ísland - Þýskaland** Sýnt frá leik Íslands og Þýskalands en leikurinn er liður í undankeppni EM U21.
**14.55 Ísland - Liechtenstein** Sýnt fra leik Íslands og Liechtenstein en þetta er vináttuleikur sem fram fer á Laugardalsvelli.
**16.40 Turning Stone Resort Championship** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi.
**17.35 Inside the PGA Tour 2010** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi.
**18.00 Veiðiperlur** Flottur þáttur þar sem farið er ofan í allt milli himins og jarðar sem tengist stangaveiði. Farið verður í veiði í öllum landshornum og landsþekktir gestir verða í sviðsljósinu.
**18.30 Einvígið á Nesinu** Sýnt frá einvíginu á Nesinu þar sem flestir af bestu kylfingum landsins í karla og kvennaflokki voru samankomnir.
**19.30 Veiðiperlur** Flottur þáttur þar sem farið er ofan í allt milli himins og jarðar sem tengist stangaveiði. Farið verður í veiði í öllum landshornum og landsþekktir gestir verða í sviðsljósinu.
**20.00 PGA Championship 2010** Bein útsending frá PGA Championship mótinu í golfi en mótið er hluti af PGA mótaröðinni.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**18.00 PL Classic Matches: Manchester City - Tottenham, 1994**
**18.30 Ensku mörkin 2010/11** Sýnt frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni.
**19.00 Season Highlights** Allar leiktíðir í Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.
**20.00 Premier League World 2010/11** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegu hliðum.
**20.30 Football Legends - Luis Enrique** Magnaðir þættir um marga af bestu knattspyrnumönnum sögunnar en í þessum þætti verður fjallað um Luis Enrique, fyrrum leikmann Barcelona á Spáni.
**20.55 Premier League Review** Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni og allt það helsta úr leikjunum skoðað gaumgæfilega.
**21.50 PL Classic Matches: Man Utd - Leeds, 1998**
**22.20 Burnley - Man. City** Sýnt frá leik Burnley og Man. City í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Dynasty** (10:30) (e)
**09.30 Pepsi MAX tónlist**
**16.15 Dynasty** (11:30)
**17.00 Rachael Ray**
**17.45 Sumarhvellurinn** (9:9) (e) Fjörugur skemmtiþáttur þar sem allt getur gerst.
**18.10 Canada's Next Top Model** (1:8) (e) Raunveruleikasería sem farið hefur sigurför um heiminn.
**18.55 H2O** (25:26)
**19.20 America's Funniest Home Videos** (24:46) Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu.
**19.45 King of Queens** (4:13) Bandarískir gamanþættir um turtildúfurnar Doug og Carrie.
**20.10 Family Guy** (13:14) Teiknimyndasería með kolsvörtum húmor og drepfyndnum atriðum.
▶**20.35 Parks & Recreation** (15:24) Bandarísk gamansería með Amy Poehler í aðalhlutverki.
**21.00 Flashpoint** (16:18) Spennandi þáttaröð um sérsveit lögreglunnar sem er kölluð út þegar hættan er mest.
**21.50 Law & Order** (16:22) Bandarískur sakamálaþáttur um störf rannsóknarlögreglumanna og saksóknara í New York.
**22.40 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.
**23.25 In Plain Sight** (8:15) (e)
**00.10 The Cleaner** (8:13) (e)
**01.00 Leverage** (3:13) (e)
**01.40 King of Queens** (4:13) (e)
**02.05 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Kræklingarækt og veisla
**21.00 Eitt fjall á viku** Pétur Steingrímsson í Svarfaðardal - 2.þáttur.
**21.30 Í nærveru sálar** Endurflutt einn af frábærum þáttum Kolbrúnar.
Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 515 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.50

### NCIS: Los Angeles



Spennuþættir sem gerast í Los Angeles og fjalla um starfsmenn systurdeildarinnar í höfuðborginni Washington sem einnig hafa það sérsvið að rannsaka alvarlega glæpi sem tengjast sjóhernum eða strandgæslunni á einn eða annan hátt.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### The Forgotten
### Stöð 2 kl. 22.20

Spennuþættir í anda Cold Case með Christian Slater í aðalhlutverki. Þættirnir fjalla um óbreytta borgara sem taka lögin í sínar hendur og klára rannsókn á ákveðnum sakamálum sem lögreglan hefur gefist upp á.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Litla flugan
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Hádegisútvarpið
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Framtíð lýðræðis
**14.03** Á tónsviðinu
**15.03** Útvarpssagan: Eldfórnin
**15.25** Bláar nótur í bland
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Á sumarvegi
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.22** Syrpan
**18.50** Veðurfregnir
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Rölt milli grafa
**19.30** Sumartónleikar evrópskra útvarpsstöðva
**21.30** Kvöldsagan: Gatsby hinn mikli
**22.10** Orð kvöldsins
**22.15** Sakamálaleikrit Útvarpsleikhússins: Tíu litlir negrastrákar
**22.40** Útvarpsperlur: Gettu betur
**23.45** Heimsókn til listamanna
**00.05** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

## 2 EXTRA

**19.30 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar - sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum - veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.

▶**20.15 Grey's Anatomy** (9:17) Fjórða sería þessa vinsælasta dramaþáttar í heimi. Ungu læknanemarnir eru orðnir að fullnuma og virðulegum skurðlæknum. Allir nema George, sem féll á lokaprófinu og þarf því að slást í hóp með nýju læknanemunum. Þeirra á meðal er systir Meredith.

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.45 Gossip Girl** (20:22) Þriðja þáttaröðin um líf ungra og fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York. Þótt dramatíkin sé ótæpileg þá snúast áhyggjur þessa unga fólks fyrst og síðast um hver baktali hvern, hver sé með hverjum og hvernig eigi að vera klæddur í næsta glæsipartí.

**22.30 Mercy** (16:22) Dramatísk þáttaröð í anda Grey's Anatomy og ER. Við fylgjumst með lífi og starfi þriggja kvenna sem vinna saman sem hjúkrunarfræðingar á Mercy-spítalanum í New Jersey.

**23.15 True Blood** (7:12) Önnur þáttaröðin um forboðið ástarævintýri gengilbeinunnar Sookie og vampírunnar Bill en saman þurfa þau að berjast gegn andstöðu íbúa smábæjarins Bon Temps í Louisiana.

**00.10 Nip:Tuck** (16:22) Fimmta serían af þessum vinsæla framhaldsþætti sem fjallar um skrautlegt og skrítið líf lýtalæknanna Sean McNamara og Christian Troy.

**00.55 Grey's Anatomy** (9:17)

**01.40 The Doctors**

**02.25 Fréttir Stöðvar 2**

**03.15 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.25** Fawlty Towers **13.05** Fawlty Towers **13.35** My Family **14.05** My Family **14.35** Last of the Summer Wine **15.05** Dalziel and Pascoe **15.55** The Weakest Link **16.40** Monarch of the Glen **17.30** ,Allo ,Allo! **18.00** How Not to Live Your Life **18.30** The Visitor **19.00** Saxondale **19.30** The Inspector Lynley Mysteries **20.15** ,Allo ,Allo! **20.45** How Not to Live Your Life **21.15** Come Dine With Me **21.40** The Jonathan Ross Show **22.30** EastEnders **23.00** Primeval **23.50** ,Allo ,Allo!

## DR 1

**12.00** Hvad er det værd? **12.30** Det Søde Sommerliv **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Høvdingebold **14.05** Radiserne **14.30** Substitutterne **14.50** Alfred **15.00** Mad i kassen **15.15** Klassen 2.b **15.30** Fandango **16.00** Jan i Island **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Rabatten **18.00** Jamie Olivers dagbog fra Australien **19.00** TV Avisen **19.25** SportNyt **19.30** Rebecca **21.00** Jordemødrene **21.30** Om natten **22.25** Så er der pakket

## NRK 1

**12.20** Uteliv om høsten **12.50** Landgang **13.20** Ut i naturen **13.45** Sommeråpent **14.35** Verdensserien i sandvolleyball **16.00** Oddasat - nyheter på samisk **16.05** Nyheter på tegnspråk **16.10** Tinas mat **16.40** Norge i dag **17.00** Dagsrevyen **17.30** Den hvite planeten **18.50** Glimt av Norge **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Sommeråpent **20.20** Toppidrettsveka **21.00** Kveldsnytt **21.15** VM orientering: Høydepunkter langdistanse finale, menn **22.30** Draumen om Koenigsegg **23.30** Blues jukeboks

## SVT 1

**12.30** Danmark på distans **13.00** Sommarkväll med Anne Lundberg **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Engelska Antikrundan **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Strömsö **16.55** Grön glädje **17.20** Regionala nyheter **17.30** Rapport **18.00** Mitt i naturen **18.30** Djursjukhuset **19.00** Himmelblå **19.45** Undercover Boss **20.30** The Seventies **21.00** Allsång på Skansen **22.00** Livvakterna **23.00** Uppdrag Granskning




## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Besti bitinn er pylsa með öllu á Bæjarins bestu niðri í bæ. Pylsurnar eru sérstaklega góðar þegar Svenni Blöndal eða Sölvi eru að vinna.“*

Sigtryggur Berg Sigmarsson listamaður.

# Fálkamynd sýnd á hátíð í Suður-Kóreu

„Ég fer út og verð viðstaddur fjórar sýningar en þetta er í fyrsta sinn sem ég kem til Suður-Kóreu og því mjög spenntur,“ segir Örn Marinó Arnarson kvikmyndargerðarmaður.

Mynd Arnar Marinós og Þorkels Harðarsonar, Feathered Cocaine, hefur verið valin til sýninga á stórri kvikmyndahátíð í Seoul í Suður-Kóreu. Hátíðin ber nafnið EIDF og var Feathered Cocaine valin úr hópi 536 kvikmynda til sýninga á hátíðinni.

„Við sóttum í rauninni ekkert eftir að komast á hátíðina heldur höfðu aðstandendur hennar samband við okkur,“ segir Örn Marinó en myndin hefur átt góðu gengi að fagna úti í hinum stóra heimi og vakið meiri athygli en þá félaga hefði nokkurn tíma getað grunað. Hún var meðal annars á Tribeca-hátíðinni í New York og var sýnd fimm sinnum þar fyrir fullu húsi.

Myndin er heimildarmynd sem fjallar um fálkasmygl og afleiðingar þess. Myndin tók hins vegar óvænta stefnu þegar aðalsöguhetja myndarinnar, Alan Parrot, fullyrti að Osama Bin Laden byggi í Íran undir verndarvæng þarlendra stjórnvalda og væri mikill áhugamaður um fálka. Það kemur fram í myndinni að fálkasala er ein helsta tekjulind Al Kaída-samtakanna. Eins og Fréttablaðið hefur áður greint frá hafa þessar upplýsingar vakið mikil viðbrögð hjá bandarískum fjölmiðlum.

Landsmenn geta barið myndina augum í haust þegar hún verður frumsýnd í íslenskum bíóhúsum. „Við hlökkum mikið til að sýna myndina hér á landi enda er þá löngu og ströngu ferli lokið,“ segir Örn Marinó en alls tók vinnuferlið í kringum myndina sex ár.

- áp




**ÚTVALIN** Mynd þeirra Arnar Marinós Arnarsonar og Þorkels Harðarsonar, Feathered Cocaine, hefur vakið mikla athygli erlendis. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



**LÁRÉTT**
**2.** áfall, **6.** frá, **8.** glaumgosi, **9.** fugl, **11.** tveir eins, **12.** brotthlaup, **14.** fótmál, **16.** klafi, **17.** frjó, **18.** frestur, **20.** stöðug hreyfing, **21.** illgresi.

**LÓÐRÉTT**
**1.** óheilindi, **3.** einnig, **4.** matgæðingur, **5.** að, **7.** skemill, **10.** ról, **13.** heyskaparamboð, **15.** matur, **16.** munda, **19.** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** **2.** lost, **6.** af, **8.** gæi, **9.** lóa, **11.** ll, **12.** strok, **14.** skref, **16.** ok, **17.** fræ, **18.** töf, **20.** ið, **21.** arfi.

**LÓÐRÉTT:** **1.** fals, **3.** og, **4.** sælkeri, **5.** til, **7.** fótskör, **10.** ark, **13.** orf, **15.** fæði, **16.** ota, **19.** ff.

## SVAVA JOHANSEN: VERSLUNIN BÚIN AÐ VERA Á LAUGAVEGINUM FRÁ 1976

# Sautján kveður miðbæinn

„Jú, það stemmir. Við ætlum að flytja okkur í nýtt húsnæði í kringum áramótin en verslunin Sautján mun ekki opna þar,“ segir Svava Johansen, eigandi NTC, sem hefur tekið gamla Skífuhúsnæðið við Laugaveg 26 á leigu og stefnir á að flytja þangað fyrir jól.

Frá næstu áramótum hefur því verslunin Sautján sungið sitt síðasta í bili í miðbænum. „Það er þó nokkuð síðan við fluttum verslunina frá miðbænum og yfir í mjög flott pláss í Smáralindinni en auk GS skóbúðarinnar, höfum við starfrækt Sautján einungis á jarðhæðinni í Laugavegshúsnæðinu síðan þá og munum gera til næstu áramóta,“ segir Svava sem finnst Sautján-búðirnar henta betur í verslunarmiðstöðvunum.

**34** ár eru síðan Sautján opnaði á Laugavegi 46.

Sautján opnaði sína fyrstu verslun á Laugavegi 46 árið 1976 og hefur sett sinn svip á aðalverslunargötu Reykjavíkurborgar síðan þá. Það er því óhætt að segja að brotthvarf Sautján úr miðbænum marki ákveðin tímamót í sögu fyrirtækisins. Árið 1991 var verslunin flutt og starfsemi NTC, í húsnæðið að Laugavegi 91. Í dag rekur NTC fyrirtækið tuttugu verslanir, saumastofu og heildsölu.

„Það getur vel verið að við opnum Sautján aftur í smærri mynd neðar á Laugaveginum í framtíðinni en akkúrat í dag stendur það ekki til,“ segir Svava en hún er spennt fyrir húsnæðinu þar sem Skífan var áður.

„Þetta er flott og skemmtilegt rými sem býður upp á marga möguleika. Verslunin er stór með tveimur hæðum sem ég vil gera mikið úr. Okkur langar til að hafa þar flottar tískusýningar, sérstaklega þegar nýju línurnar koma inn á vorin og haustin til þess að gefa fólki kost á að sjá það nýjasta hverju sinni,“ segir Svava en hún er þessa dagana að undirbúa sig og sitt fólk fyrir tískuvikuna í Kaupmannahöfn sem er um næstu helgi þar sem keyptar verða inn vörur sem Íslendingar geta fundið í verslunum næsta vor og sumar.

alfrun@frettabladid.is



**EVAN Í SKÍFUHÚSNÆÐIÐ** Svava Johansen ætlar að flytja Evubúðina í gamla Skífuhúsnæðið en verslunin Sautján hættir að starfsemi sinni í miðbænum í bili. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Reykvíkingar ráku upp stór augu í vikunni þegar þeir tóku eftir að risasnekkja milljarðamæringsins **Paul Allen** var horfin. Snekkjan er þó ekki farin út fyrir íslenska landhelgi og sást síðast sigla um Eyjafjörðinn, þannig að það er aldrei að vita nema Akureyringar fái heimsókn frá Allen og föruneyti hans á næstu dögum. Það er reyndar óvíst hvort milljarðamæringurinn sjálfur er enn þá um borð, en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins skellti hann sér á tónleika U2 á Ítalíu um síðustu helgi. Það er þó líklegt að hann sé kominn aftur enda með einkaþotu, bát, þyrlu og tvo kafbáta til umráða.

**Jón Gunnar Geirdal** og félagar hjá útgáfufyrirtækinu Senu héldu árlega fræg partí fyrir nokkrum árum þar sem ekkert var til sparað. Eftirminnileg eru partí í Hafnarhúsinu og á Apótekinu þar sem reglur um klæðaburð voru teknar svo alvarlega að þotuliðinu var óhikað vísað frá. Talið var að mörg ár myndu líða þar til annað slíkt partí yrði haldið hér á landi, en það ku ekki vera rétt …



Mikill titringur er nefnilega á meðal ákveðins hóps í Reykjavík þessa dagana vegna risapartís sem verður haldið í Reykjavík í lok ágúst. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins verður Saltfélaginu breytt í klúbb í eitt kvöld og munu veigarnar fljóta eins og þær gerðu í frægum partíum fyrir tveimur til þremur árum. Þegar reynt er að grafast fyrir um þá sem koma fram í partínu kemur eitt nafn upp úr krafsinu: **Dj Margeir**. Það er samt ljóst að fleiri munu þeyta skífum þetta kvöld. Erfitt er að verða sér úti um miða í partíið, en samkvæmt sömu heimildum eru þeir þegar orðnir afar eftirsóttir – þótt fæstir viti með vissu hvað verði í gangi. Þýðir þetta að kreppan sé búin? - afb














# Furðu lostinn yfir ritskoðun á Myspace

„Ég er furðu lostinn og skil ekki hvað er í gangi,“ segir tónlistarmaðurinn Hjörtur Geirsson, sem er að eigin sögn undir stífu eftirliti hjá stjórnendum Myspace-tónlistarsíðunnar.

„Það er ekki heimilt að segja hvað sem er á Myspace. Ég er búinn að reka mig á ótrúlega hluti í sambandi við það,“ segir Hjörtur. Hann fékk á sínum tíma verðlaun fyrir þrjú lög sem hann sendi í lagasmíðakeppni hjá Paramount í Bandaríkjunum og þau voru í framhaldinu gefin út á safnplötu. Hann hefur gefið út tvær sólóplötur og kom sú síðari, The Flow, út árið 2007.

Hjörtur hefur átt í erfiðleikum með að birta myndbönd á síðunni sinni, sem hefur ekki gerst á Facebook og Youtube. „Ég fékk það á tilfinninguna að það væri verið að ritskoða mig,“ segir hann og telur að ekki megi rita orðið „censor“ (ritskoðun) á síðunni. Ekki megi heldur tala þar illa um kennara. „Þetta er alveg með ólíkindum. Það er eins og þeir séu að fylgjast með hverju orði sem ég skrifa.“

Hjörtur segir þetta bagalegt enda notar hann Myspace til að koma tónlist sinni á framfæri úti í hinum stóra heimi. Hann hefur íhugað að hætta með síðuna en vill ekki gefast upp fyrr en í fulla hnefana. „Ég sendi þeim skilaboð og var mjög reiður. Þeir hafa ekki svarað mér en ég hef alveg eins búist við því að þeir sendu mér skilaboð um að þeir ætli að loka þessu.“

Þrátt fyrir vandræðin er Hjörtur enn á fullu í tónlistinni því nýlega var hann beðinn um að semja fjögur lög fyrir jafnmarga kántrítónlistarmenn í Nashville, eða þau Blake Shelton, Adrianna Freeman, Lucas Hoge og Wynona.



**HJÖRTUR GEIRSSON** Hjörtur er að eigin sögn undir stífu eftirliti hjá stjórnendum Myspace-síðunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


GULA HÚSIÐ
FAXAFENI 8
Skólatöskur
kr: 1.500,-
Gula
Skóla
sprengjan
Crayola erasable
kr: 499,-
Crayola iQ
erasable-effaçables
Skólavörur
kr: 99,-
Skór
kr: 1.990,-
www.gulahusid.is
Opnunartími: Mán-lau. 10:00 - 18:00, Sun. 12:00 - 17:00

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

Pósthúsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



vísir.is "...ég sá það á vísi"


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Keppir við Iron Maiden



**Sigríður Thorlacius** og félagar í Hjaltalín eru stödd í Tékklandi um þessar mundir. Sveitin spilar á tónlistarhátíðinni Sziget í Ungverjalandi á laugardagskvöld. Hátíðin, sem stendur yfir í fimm daga, er ein sú allra stærsta í Evrópu og á síðasta ári sóttu hana 390 þúsund gestir. Auk Hjaltalín spila á hátíðinni þekktir flytjendur á borð við Muse, Madness, Mika og Iron Maiden. Síðastnefnda hljómsveitin spilar á sama tíma og Hjaltalín á öðru sviði og má því búast við harðri baráttu þeirra á milli um áhorfendur.

### Milljónir safnast í maraþoni



Tæpar fimm milljónir króna hafa í heildina safnast í áheitasöfnun fyrir Reykjavíkurmaraþonið. Fjórir einstaklingar hafa safnað yfir hundrað þúsund krónum fyrir valið málefni og trónir Elísabet Sigurðardóttir þar langefst, en hún hefur safnað tæpum tvö hundruð þúsund krónum fyrir Ljósið – endurhæfingu krabbameinsgreindra. Flest hinna efstu safna reyndar fyrir sams konar samtök; Neistann, Barnaspítala Hringsins, Einstök börn og MND félagið til dæmis. Einn hinna efstu sker sig nokkuð úr þar. Ljósmyndarinn **Jóhannes Kjartansson** var í gærkvöldi í ellefta sæti og hafði safnað rúmum fimmtíu þúsund krónum fyrir Kattavinafélag Íslands.

**- fb, þeb**

## Mest lesið vísir.is


1. Læknar óttast að ný ofurbaktería valdi heimsfaraldri
2. 11 ára greiðir milljónir í miskabætur
3. Lögreglan sendi kanadískri fjölskyldu þýfi
4. Mikil leit að hefjast að 14 kajakræðurum við Grænland
5. Fleygðu fimmhundruð plastgítörum yfir Heklu
6. Talið að Norðmennirnir á Grænlandi hafi drukknað



Fréttablaðið er með **180%** meiri lestur en Morgunblaðið.




Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18–49 ára. Könnun Capacent í febrúar til apríl 2010.

